# FRÉTTABLAÐIÐ

89. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 17. APRÍL 2019




Ömurlegt veður skall á íbúum á Suður- og Suðvesturlandi í gær. Við tónlistarhúsið Hörpu gerði öflugur vindstrengur ferðamönnum erfitt fyrir. Þó virtust margir mæta ofsa veðurguðanna með bros á vör. Það dregur úr vindi á næstu dögum og fram á páskadag. Að auki hlýnar nokkuð og því verða víða leysingar og auknar líkur á vatnavöxtum næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Aðgerð sjö mánaða stúlku frestað á ný vegna plássleysis

**Sjö mánaða gömul stúlka þarf að bíða til lok mánaðarins eftir aðgerð á Landspítalanum. Aðgerðin átti upphaflega að fara fram á mánudaginn en var frestað vegna plássleysis á gjörgæsludeild. Veikindi hennar geta leitt til skemmda á nýrum. Starfsfólk spítalans hvatti foreldrana til að skrifa ráðherra bréf.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Plássleysi á gjörgæslu Landspítalans verður til þess að sjö mánaða gömul stúlka þarf að bíða eftir aðgerð þangað til í lok mánaðarins. Foreldrar Sóllilju Ásgeirsdóttur eru ekki sáttir við að þurfa að bíða, verið sé að setja óþarfa álag á fjölskylduna en sérstaklega dóttur þeirra. Hyggjast þau skrifa heilbrigðisráðherra bréf vegna málsins.

**» Starfsmenn Landspítala hvöttu foreldra Sóllilju til að rita heilbrigðisráðherra bréf.**

Það kom í ljós áður en Sóllilja fæddist að hún er með þrengingu í þvagleiðara sem getur skemmt nýrun ef ekkert er að gert. Hún þótti of lítil við fæðingu til að gera aðgerðina strax. Fyrsta aðgerðin átti að fara fram í mars, en þá veiktist hún. Á mánudaginn átti hún að fara í aðgerð, þegar komið var á spítalann var fjölskyldunni tjáð að ekkert yrði af aðgerðinni vegna plássleysis á gjörgæsludeild.

Ásgeir Yngvi Ásgeirsson, faðir Sóllilju, segir mikið lagt á dóttur sína, hún þarf að fasta nóttina fyrir aðgerðina og mæta í blóðprufu nokkrum dögum áður. „Þegar maður er lítill, þá er mjög sársaukafullt og erfitt að finna æðar. Hún var stungin ansi oft í fyrra skiptið en það gekk betur í seinna skiptið.“

Hann tekur fram að ekki sé við starfsfólk Landspítalans að sakast heldur sé staðreyndin að plássleysi verði til þess að Sóllilja þurfi að bíða eftir aðgerð. Hafa þau ekki fengið skýr svör um hversu lengi Sóllilja má bíða eftir aðgerð áður en þrengingin á þvagleiðaranum veldur nýrnaskaða. Foreldrarnir hyggjast skrifa Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra bréf vegna málsins. „Starfsmenn spítalans hvöttu okkur til að skrifa ráðherra bréf, því þetta er viðvarandi vandamál inni á spítalanum.“ **– ab / sjá síðu 8**

# Skoða styttingu opnunartíma

**VERSLUN** Íslenskar smásölukeðjur skoða möguleikann á því að minnka þjónustustig, til dæmis með því að stytta opnunartíma, til þess að geta staðið undir launahækkunum nýrra kjarasamninga.



**Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa**

Framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa segir að stærsta tækifærið til hagræðingar felist í þjónustustiginu.

Forstjóri Festar segir að aðstæður í hagkerfinu séu þannig að líklegra sé að launahækkanirnar brjótist fram í atvinnustigi fremur en verðlagi. Nýjum kjarasamningum muni fylgja uppsagnir. **– þfh / sjá Markaðinn**




## Veður



Suðaustan 8-15. Vætusamt S- og V-til. Bætir í úrkomu SA-til. Úrkomulaust um landið NA-vert. Hiti að 14 stigum. SJÁ SÍÐU 20

# Leitin hafin að arftaka Þórarins

**SAMFÉLAG** Þórarinn Ævarsson, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra IKEA, lætur af störfum um mánaðamótin að eigin ósk. Þetta kemur fram í tilkynningu frá IKEA.

„Þórarinn hefur stýrt IKEA í 14 ár og á þeim tíma hefur vöxtur fyrirtækisins verið mikill og það notið velgengni og velvildar viðskiptavina,“ segir í tilkynningunni. „Eigendur og stjórn IKEA á Íslandi þakka Þórarni fyrir vönduð og vel unnin störf í þágu félagsins.“

Undirbúningur að ráðningu eftirmanns Þórarins er þegar hafinn og má búast við tilkynningu frá IKEA á næstu vikum. Þórarinn er þó ekki að kveðja IKEA fyrir fullt og allt, en hann tekur sæti í stjórn félagsins.

Guðný Aradóttir, yfirmaður samskiptadeildar IKEA, vildi ekki tjá sig um ástæður uppsagnarinnar en segir Þórarin kveðja í sátt. **– ilk**

# Hlaðborð af dansi



Líkt og síðustu ár var mikið um dýrðir á Vorsýningu Listandsskóla Íslands. Að þessu sinni voru sýningargestir leiddir í ferðalag um listdanssöguna þar sem nemendur dönsuðu atriði úr helstu verkum dansbókmenntanna, eins og Svanavatninu, Þyrnirós og Don Kíkóta. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



**Berg var sakfelldur.** NORDICPHOTOS/AFP

# Fjórtán ár í vinnubúðum

**RÚSSLAND** Frode Berg, 63 ára gamall Norðmaður, var í gær dæmdur til fjórtán ára vistar í vinnubúðum í Rússlandi. Berg var handtekinn í Moskvu fyrir tveimur árum, sakaður um að hafa njósnað um kafbáta rússneska sjóhersins.

Berg hefur alltaf neitað sök í málinu. Ílíja Novíkov, lögmaður Norðmannsins, sagði að málinu yrði ekki áfrýjað. Hins vegar myndi Berg sækjast eftir náðun frá Vladímír Pútín Rússlandsforseta. „Berg býst við því að ríkisstjórn sín taki málið upp en við sjáum ekki hvaða gagn væri að áfrýjun,“ sagði Novíkov og bætti við að Berg hefði í raun verið peð í stærri leik.

Fyrir dómi játaði Berg að hafa verið sendiboði norsku leyniþjónustunnar. Hann hefði þó ekki vitað mikið um verkefni sitt. **– þea**






# Niðursuðufita í skólpi veldur usla á Akranesi

**Miklir rekstrarerfiðleikar hafa verið hjá nýlegri skólphreinsistöð Veitna á Akranesi. Fita frá niðursuðuverksmiðju, þar sem unnið er með feita þorsklifur, hefur ítrekað stíflað hreinsibúnað stöðvarinnar. Unnið að úrbótum í verksmiðju.**

**FRÁVEITUMÁL** Miklir erfiðleikar hafa verið á rekstri nýrrar skólphreinsistöðvar á Akranesi vegna fitu sem berst frá matvælavinnslu í bænum og stíflar ítrekað hreinsibúnað stöðvarinnar. Stöðin var formlega opnuð fyrir tæpu ári. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands segir vandamálið vera fitu frá niðursuðuverksmiðjunni Akraborg.

„Þvottavélarnar sem þvo úrganginn áður en hann er urðaður stíflast ítrekað af fitu,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Veitna, aðspurð um vandamálið sem vakin var athygli á í minnisblaði til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur í upphafi mánaðarins. Þar er greint frá stöðu fráveitumála hjá Veitum og erfiðleikarnir á Akranesi sagðir komnir til „vegna fitu sem berst frá matvælavinnslu á svæðinu“.

Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, segir það ekkert leyndarmál að þessi mikla fita komi frá niðursuðuverksmiðju sem meðal annars vinni matvæli úr þorsklifur.

„Þeir eru með rosalega feita vöru. Bæði að sjóða niður fisklifur og svo eru þeir með paté úr þorsklifur og það er ofboðslega mikil fita í fráveitunni frá svona fyrirtækjum.“

Helgi segir að með tilkomu nýju hreinsistöðvarinnar og mælinga sem þar eru gerðar hafi spjótin fljótt beinst að fyrirtækinu Akraborg sem er einn stærsti framleiðandi á niðursoðinni þorsklifur í heiminum. Helgi segir að fitugildra hafi verið til staðar þar en galli í fráveitu gerði meðal annars að verkum að úrgangur fór fram hjá gildrunni.

„Þeir gerðu ráðstafanir í fyrra, settu upp hreinsibúnað, en þetta er samt of mikið. Mönnum ber reyndar ekki saman um hversu mikið, þeir gera sínar mælingar og Veitur sínar. En það er vitað að það kemur mikil fita frá þeim og þeir eru að vinna að úrbótum og reyna að finna lausn á þessu núna,“ segir Helgi.

Ólöf segir almennt mikilvægt að upplýsa fólk um hvað má og má ekki fara í fráveituna.



**Hreinsistöðin var formlega opnuð í maí í fyrra. Erfiðlega hefur gengið að halda henni gangandi sökum mikillar fitu frá matvælavinnslu.** MYND/VEITUR

> **Það er ekkert sem bendir til þess að íbúar á Akranesi gangi öðruvísi um fráveituna en aðrir.**
>
> Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Veitna



„Það er ekkert sem bendir til þess að íbúar á Akranesi gangi öðruvísi um fráveituna en aðrir á okkar starfssvæði. Allt of mikið er af rusli í fráveitukerfinu og á meðan við sjáum það þarf að halda áfram að upplýsa fólk um hvað má og má ekki fara í fráveituna.“

Nýja hreinsistöðin á Akranesi var formlega opnuð í maí 2018. Fyrir uppbygginguna fráveitunnar rann óhreinsað skólp út um átta meginútrásir, nálægt fjöruborði. Nú er skólpi veitt frá þessum útrásum og í hreinsistöð. Settir voru upp sex nýir dælubrunnar sem dæla skólpinu frá gömlu útrásunum í átt að hreinsistöðinni. Stöðin hreinsar öll gróf efni úr skólpinu auk þess að sía frá sand og fitu. Skólpinu er síðan dælt um hálfan annan kílómetra út í sjó en það sem safnast í sand- og fituskiljur stöðvarinnar er keyrt til urðunar.

mikael@frettabladid.is

# RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

# FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ

40 ÁR
MEÐ FRÁBÆRUM TILBOÐUM!

## COMFORT LUXE DÝNA

FRÁBÆR FERMINGARGJÖF

*Sparið allt að* **30.000**

NÚ VERÐ FRÁ:
**69.950**

COMFORT LUXE

## ALLIR SKENKIR & KOMMÓÐUR
**20%**



## ALLIR LAMPAR & LOFTLJÓS
**20-40%**



## AMUNGEN MYRKVUNARGARDÍNA
**28%**

NÚ VERÐ FRÁ:
**2.495**

## ALLIR SLOPPAR
**30%**



## ÖLL LÖK
**20-30%**

## FORGET ME NOT SÆNGURVERASETT
**30%**

FULLT VERÐ: ~~4.995~~
**3.495**

## ABBETVED SKRIFBORÐ
**23%**



FULLT VERÐ: ~~12.950~~
**9.950**

## OLIVER SKRIFBORÐSSTÓLL
**25%**



FULLT VERÐ: ~~19.950~~
**14.950**

**OPIÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM Á SKÍRDAG**

TILBOÐIN GILDA ÚT 23. APRÍL

# Á ekki von á átökum í nefndinni um þriðja orkupakkann

**STJÓRNMÁL** „Ég geng út frá því að nefndin muni nálgast málið með þeim hætti sem almenningur gerir kröfu til, við fáum gesti og sérfræðinga til að fara yfir málið þannig að flestir fái heildarsýn að nefndarstörfum loknum,“ segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar.

Fyrri umræðu um þriðja orkupakkann lauk í síðustu viku og er nú á borði nefndarinnar. Óskað er eftir umsögnum frá 127 aðilum, sem er talsvert meira en við aðrar þingsályktunartillögur. Áslaug Arna gerir ráð fyrir að málinu verði lokið á nokkrum vikum.

Það er ljóst að um er að ræða mikið hitamál og hafa andstæðingar þriðja orkupakkans meðal annars sagt það stærra en IceSave-málið. Það mál leiddi til mikilla deilna innan fjárlaganefndar á sínum tíma.

**Mikið af umræðu sem hefur skapast byggir á ýmsum misskilningi sem mikilvægt er að fá á hreint.**

Áslaug Arna-Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar Alþingis



Áslaug Arna á þó ekki von á miklum átökum innan nefndarinnar. „Mikið af umræðu sem hefur skapast byggist á ýmsum misskilningi sem mikilvægt er að fá á hreint inni í nefndinni.“

Logi Einarsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni, segir ríkisstjórnina hafa mætt óundirbúna til leiks. Hann á ekki von á því að átök verði í nefndinni. Ljóst sé að Miðflokkurinn, ásamt hópnum Orkan okkar, ætli að gera mikið mál úr þriðja orkupakkanum.

„Við erum búin að fá álit færustu sérfræðinga á þessu, þannig að í mínum huga snýst upphlaupið um eitthvað allt annað. Það er eðlilegt að fólk hafi áhyggjur, en hér er eitthvað allt annað, ég hef miklu meiri trú á því að málflutningur Miðflokksins snúi að EES-samningnum sjálfum,“ segir Logi. **– ab**





**Alls seldist 44.671 kíló af neftóbaki í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Sala á neftóbaki hefur aukist um fimmtung

**VIÐSKIPTI** Sala á íslensku neftóbaki jókst um 19 prósent í fyrra. Fram kemur í ársskýrslu ÁTVR að 44.671 kíló af neftóbaki hafi selst í fyrra.

Viðar Jensson, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Embætti landlæknis, segir að aukning sé í notkun neftóbaks í vör hjá yngri konum. Verð á dollu af neftóbaki hefur hækkað um nokkur hundruð prósent á áratug, var það gert til að sporna við notkun þess í vör meðal ungs fólks. Hann segir verðstýringu áhrifaríkustu leiðina til að draga úr tóbaksnotkun.

Samkvæmt nýjustu tölum landlæknis hefur notkun ungra karla staðið í stað, er nú um fimmtungur karla á aldrinum 18 til 34 ára sem notar neftóbak í vör ýmist daglega eða reglulega. Það séu hins vegar nýmæli að hlutfallið sé að aukast hjá konum, en í fyrra var hlutfallið komið upp í sjö prósent. Viðar segir þessa þróun ekki einskorðaða við Ísland.

„Norðmenn hafa verið að sjá aukningu í notkun á tóbaki í vör á meðal ungra kvenna og hafa lýst áhyggjum af því, meðal annars með því að kalla eftir auknum viðvörunarmerkingum á munntóbaki.“ **– ab**

# Íslendingar neikvæðir í garð laxeldis í opnum sjókvíum

**Töluverð andstaða er meðal landsmanna við laxeldi í opnum sjókvíum samkvæmt nýrri könnun sem MMR gerði fyrir Verndarsjóð villtra laxastofna. Formaður sjóðsins segir niðurstöðurnar ekki koma sér á óvart. Einar K. Guðfinnsson telur hins vegar spurninguna gildishlaðna vegna neikvæðrar umræðu.**

**LAXELDI** Næstum því helmingi fleiri eru neikvæðir gagnvart laxeldi í opnum sjókvíum en þeir sem eru jákvæðir. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar sem MMR gerði fyrir NASF, Verndarsjóð villtra laxastofna.

Alls sögðust 45 prósent aðspurðra mjög eða frekar neikvæð en tæp 23 prósent voru mjög eða frekar jákvæð. Tæpur þriðjungur sagðist hvorki vera jákvæður né neikvæður.

Friðleifur Guðmundsson, formaður NASF, segir þessar niðurstöður ekki koma sér á óvart.

„Þetta eru klárlega mjög skýr skilaboð til stjórnvalda um vilja kjósenda. Ég held að þetta sé vilji allra þegar fólk kynnir sér málin. Ég held að allir vilji að lax sé framleiddur í sátt við náttúruna og get ekki skilið að nokkur maður sé á móti því,“ segir Friðleifur.

Hann telur herferð NASF „Á móti straumnum“ vera að skila sér í því að margir taki afstöðu.

„Við erum ekki með neinn áróður heldur erum bara að reyna sýna fram á hvernig þetta raunverulega er og hvernig þetta verður ef þetta nær fram að ganga, sem allt stefnir í að muni gerast. Við höfum bara verið að kynna niðurstöður úr skýrslum sem hafa verið unnar af vísindamönnum.“

Forsvarsmenn NASF hafa í vikunni fundað bæði með umhverfisráðherra og sjávarútvegsráðherra. „Við áttum ágætis samtal við þá. Það virðast allir vera allir af vilja gerðir og við vonum bara að það verði staðið við stóru orðin.“

Einar K. Guðfinnsson sem starfar að málefnum fiskeldis hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi segist auðvitað ekki vera ánægður með það að svona stór hópur hafi athugasemdir við það sem menn kalla laxeldi í opnum sjókvíum.

„Þessi spurning er hins vegar mjög gildishlaðin í ljósi þess að umræðan um hugtakið laxeldi í opnum sjókvíum hefur verið neikvæð. Þannig tel ég það lita svolítið viðhorf fólks í svörum við spurningunni,“ segir Einar.

Almenn afstaða fólks til fiskeldis sýnist honum aftur á móti vera jákvæð og stuðningur við greinina fari vaxandi í samfélaginu. „Flestum er væntanlega ljóst að vöxturinn í fiskeldi í framtíðinni verður í formi eldis í sjó.“ segir Einar.

Þá segir hann niðurstöðurnar stangast á við kannanir sem áður hafi verið gerðar og birtar opinberlega. „Við sjáum það kannski af fyrri könnunum og því hve stór hluti er hlutlaus að skoðanir fólks í þessum efnum rista kannski ekki djúpt.“

Könnun MMR var gerð 11. – 13. apríl síðastliðinn en um eitt þúsund manns voru spurðir og tóku tæp 88 prósent afstöðu. Lítill munur var á afstöðu fólks eftir kyni og aldri en meiri jákvæðni til eldisins mælist á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. **sighvatur@frettabladid.is**



**Deilt hefur verið um umhverfisáhrif laxeldis í sjókvíum og áhrif þess á villta laxastofninn.** MYND/ERLENDUR GÍSLASON






# Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags

**Aðalfundur Eflingar 2019 verður haldinn mánudaginn 29. apríl kl. 20:00 í Austurbæ, Snorrabraut 37.**

Dagskrá:
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofu Eflingar Guðrúnartúni 1, frá og með 23. apríl nk.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

*Stjórn Eflingar-stéttarfélags*

EFLING STÉTTARFÉLAG

Efling-stéttarfélag • Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík • Sími 510 7500


# Fullt tilefni til að endurskoða reglur

**GÆLUDÝR** „Það er alveg ljóst að niðurstaðan gerir það að verkum að það er fyllsta tilefni til að endurskoða reglurnar. Það virðast engin vísindaleg rök liggja að baki fjögurra vikna einangrun,“ segir Herdís Hallmarsdóttir, formaður Hundaræktarfélags Íslands (HRFÍ), um nýja skýrslu um áhættumat vegna innflutnings á hundum og köttum til landsins.

Niðurstöðurnar voru gerðar opinberar í byrjun vikunnar en það var Preben Willeberg, fyrrverandi yfirdýralæknir Danmerkur, sem vann áhættumatið. Þar segir meðal annars að skynsamlegt væri að endurskoða reglur á Íslandi með hliðsjón af reglum í Ástralíu og Nýja-Sjálandi.

Það séu einangruð lönd líkt og Ísland þar sem gildi strangar reglur um innflutning gæludýra. Þar er gerð krafa um tíu daga einangrun en hérlendis er tíminn fjórar vikur.

Herdís bendir á að í Ástralíu og Nýja-Sjálandi sé gerður greinarmunur á því hvaðan dýrin séu að koma. Þannig væri hægt að hafa reglurnar hér slakari við innflutning frá svæðum eins og Norður-Evrópu þar sem ekki sé talin mikil hætta á smiti.

„Það var líka boðað að nú yrðu hagsmunaaðilar kallaðir að borðinu og við ætlumst til þess að sú yfirlýsing standi og þetta loforð sé efnt.“

HRFÍ sendi atvinnuvegaráðuneytinu bréf í gær þar sem ósk um samráð er ítrekuð.

Þar er einnig tekið undir það sjónarmið sem fram kemur í skýrslu Willeberg, að víðtækt samráð við hagsmunaaðila í tengslum við reglur sem miða að því að takmarka áhættu við innflutning á dýrum muni leiða til betra og skilvirkara regluverks. **– sar**



**HRFÍ vill breytingar á reglum um einangrun gæludýra.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM










## AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKANA

Skírdagur: 10:00 – 21:00
Föstudagurinn langi: lokað
Laugardagur: 10:00 – 21:00
Páskadagur: lokað
Annar í páskum: 11:00 – 19:00

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is




BOÐUN TIL

## Aðalfundar ORF Líftækni hf. 2019

ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, boðar hér með til aðalfundar félagsins **fimmtudaginn 2. maí** næstkomandi kl. 16:30 í höfuðstöðvum félagsins, **Víkurhvarfi 7, 203 Kópavogi.**

**Dagskrá:**

1. Setning fundar, skipun fundarstjóra og fundarritara
2. Hefðbundin aðalfundarstörf, m.a.
   - Skýrsla stjórnar og kynning á starfsemi félagsins
   - Kynning á reikningum félagsins
   - Ársreikningur lagður fram til samþykktar
   - Ákvörðun um meðferð rekstrarhagnaðar eða taps
   - Kosning stjórnar og endurskoðanda
   - Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda
   - Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu
3. Tillaga um breytingu á samþykktum:
   - Heimild til útgáfu hluta vegna kauprétta framlengd
4. Kynning forstjóra
5. Kynning framkvæmdastjóra rannsókna- og nýsköpunarsviðs
6. Önnur mál

Við lok fundar verður boðið upp á léttar veitingar.

**Aðrar upplýsingar**
Endanleg dagskrá svo og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og allar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á skrifstofu félagsins tveimur vikum fyrir aðalfund.

Kópavogi, 17. apríl 2019
Stjórn ORF Líftækni hf.

Starfsgreinasamband Íslands

## Nýr kjarasamningur á almennum vinnumarkaði

### Rafræn atkvæðagreiðsla stendur yfir

Hafin er sameiginleg **rafræn atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning** Starfsgreinasambands Íslands við Samtök atvinnulífsins **fyrir störf á almennum vinnumarkaði** sem undirritaður var hinn 3. apríl 2019.

**Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn í aðildarfélögum SGS sem vinna eftir þessum samningi og greiddu félagsgjöld til einhvers aðildarfélaga SGS í janúar/febrúar 2019.**

Kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

**Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki sent kynningarefnið, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags, og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, enda leggi viðkomandi fram launaseðil sem sanni afdregin félagsgjöld í janúar/febrúar 2019.**

Tekið er við kjörskrárkærum samkvæmt framansögðu **til kl. 16.00 þriðjudaginn 23. apríl en þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn.**

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að nýta réttindi sín og greiða atkvæði.

**Ítarlegar upplýsingar eru á heimasíðu SGS, www.sgs.is og einnig á síðum einstakra aðildarfélaga – Félagsmönnum er ráðlagt að kynna sér þær vel.**

*Reykjavík, 8. apríl 2019*
*Kjörstjórn SGS*



**Þjónusta við fólk með fíknisjúkdóma hefur verið veitt af Rauða krossinum um árabil.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR.

# Lögregla veitir svarta umsögn um neyslurými

**Frumvarpið lýsir skilningsleysi á hlutverki lögreglu, segir í umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Réttur neytandans sagður ótryggur og refsileysi starfsmanna rýmisins sömuleiðis. Ríkissaksóknari tekur undir gagnrýnina.**

### Úr umsögn lögreglustjórans

Það er rétt að taka fram að lögreglustjóri er ekki með umsögn sinni að hafa skoðun á réttmæti neyslurýma og sjónarmið um skaðaminnkun hafa mikið vægi. Engu að síður telur lögreglustjóri sér skylt að benda á framangreind atriði til að varpa ljósi á þá vankanta sem eru á frumvarpinu eins og það er sett fram. Verði það óbreytt að lögum þá er réttur neytandans ekki tryggður til neyslu á neysluskammti eins og markmið fumvarpsins gerir ráð fyrir og óvíst um refsileysi starfsmanna neyslurýmis.



**Sigríður Björk Guðjónsdóttir er lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.**

**LÖGREGLUMÁL** Frumvarp heilbrigðisráðherra um neyslurými felur í sér þekkingarleysi á hlutverki lögreglu, samkvæmt umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við frumvarpið. Umsögnin er mjög gagnrýnin á frumvarpið og tekur ríkissaksóknari undir hana í sinni umsögn um málið sem birtist á vef Alþingis í gær.

Í greinargerð frumvarpsins segir að vissulega fari það eftir mati lögreglu hverju sinni hvort gripið verði til refsivörsluaðgerða gegn einstaklingi sem er með efni á sér á leið til neyslurýmis, ýmist með aðvörun, haldlagningu efna, sekt eða ákæru. Lagt er til að sveitarfélög geri formlegt eða óformlegt samkomulag við lögregluna um hvernig eigi að standa að löggæslu í grennd við neyslurými.

Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við framangreint orðalag í umsögn lögreglustjórans. Lögregla eigi ekkert mat um hvort hún láti yfir höfuð til sín taka þegar afskipti eru höfð af einstaklingi sem hefur á sér fíkniefni. Þannig sé aðvörun ekki formlegt úrræði sem lögregla hafi val um að beita og þess sé hvorki getið í lögum né verklagi lögreglu. Þvert á móti sé lögreglu skylt samkvæmt lögreglulögum að stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við lög um meðferð sakamála eða önnur lög. Það varði lögreglumenn refsiábyrgð að gæta ekki lögmætra aðferða við meðferð máls og á þeim hvíli skylda til að hefja lögreglurannsókn hvenær sem þess gerist þörf út af vitneskju eða grun um refsivert athæfi.

Í umsögninni er einnig vakin athygli á því að í frumvarpinu sé ekki að finna undanþágu frá ákvæði í fíkniefnalöggjöfinni sem banni vörslu og meðferð fíkniefna á íslensku forráðasvæði. Samkvæmt orðanna hljóðan gerir frumvarpið ráð fyrir að neysla efnanna sé refsilaus í neyslurými en ekkert í frumvarpstextanum sjálfum geri ráð fyrir að varsla efnanna verði refsilaus. Vekur lögreglustjóri athygli á að til þessa hafi sjálf neysla fíkniefna ekki verið talin refsiverð og hafi menn ekki verið sóttir til saka fyrir það eitt að neyta fíkniefna heldur hafi menn einungis verið sóttir til saka fyrir vörslu þeirra. Ekki sé gerð undanþága í frumvarpinu frá refsiheimild þess efnis sem fyrr segir.

Lögreglustjóri telur að verði frumvarpið óbreytt að lögum muni það ekki hrófla við skyldu lögreglu til að haldleggja ólögleg ávana- og fíkniefni og gera þau upptæk sem skylt sé samkvæmt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni, sem skyldi lögreglu til að gera upptæk til ríkissjóðs þau efni sem lögin taki til og aflað hafi verið á ólögmætan hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir refsileysi starfsmanna neyslurýmis og kveðið á um að þeir verði ekki sóttir til saka látist einstaklingur undir þeirra eftirliti. Er vísað til þess að neyslurýmið eigi að vera refsilaust rými. Lögreglustjórinn lýsir efasemdum um að texti greinargerðar um refsileysi starfsmannanna haldi enda taki frumvarpið eingöngu til fíkniefnalöggjafarinnar. Taka verði af tvímæli í frumvarpinu um að sérhver refsiverður verknaður verði refsilaus í neyslurýminu enda augljóslega ekki markmiðið.

Þá er ónákvæm lýsing í frumvarpinu á hugtakinu neysluskammti einnig gagnrýnd í umsögninni en gert er ráð fyrir að neytandi megi hafa einn neysluskammt með sér í neyslurými hvert sinn. Skilgreiningin geti skipt máli bæði vegna fyrirhugaðs refsileysis vörslu en einnig vegna mögulegrar ábyrgðar eða ábyrgðarleysis starfsmanns í eftirliti, deyi notandi af of stórum skammti.

adalheidur@frettabladid.is

### Ríkissaksóknari veitti einnig umsögn:

Ofangreint mál hefur á engum stigum verið unnið í samráði við ríkissaksóknara og var embættið ekki á meðal þeirra 94 aðila sem fengu umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd.

Hins vegar telur ríkissaksóknari rétt að taka undir þær athugasemdir við frumvarpið sem fram koma í umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 13. apríl 2019, og koma því skýrt á framfæri að ríkissaksóknari telur ekki rétt að samþykkja frumvarpið á meðan ekki liggur fyrir hvaða breytingar verða á heimildum og skyldum lögreglu og ákæruvalds við lögfestingu frumvarpsins. (Dagsett 16. apríl 2019.)



UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU

mazda



# GLÆNÝR MAZDA3

**AKSTURSEIGINLEIKAR SAMEINA MANN OG BÍL**

Markmið verkfræðinga Mazda er að gera mann og bíl að einu við aksturinn en á japönsku útleggst það sem Jinba Ittai, forn japönsk hugmyndafræði, eða „maður og hestur verða eitt“. Nýjasta SkyActiv bíltækni Mazda3 leysir þetta á magnaðan hátt sem þú upplifir strax í fyrsta akstri. G-VECTORING PLUS akstursstjórnunartæknin er önnur kynslóð þessa afar fullkomna kerfis. Kerfið skynjar fyrirætlanir ökumannsins eins og hesturinn skynjar knapann sem leiðir til einstakrar upplifunar ökumanns og farþega. Prófaðu.

**FRAMÚRSKARANDI SAMSKIPTATÆKNI**

Nýtt stafrænt mælaborð auðveldar aksturinn ásamt uppfærðum 8,8" skjánum sem er vel staðsettur til að trufla ekki aksturinn. Samskiptatæknin Mazda-Connect hefur verið endurhönnuð og er nú hraðvirkari og hjálpar þér að fylgjast með umferðinni. Bose hljómtækin skila einstökum hljómi með tólf hátölurum sem eru staðsettir á úthugsuðum stöðum í farþegarýminu. Apple CarPlay, Android Auto og GPS vegaleiðsögn eru staðalbúnaður í nýjum Mazda3. Vertu í sambandi.

**FÖGUR HÖNNUN OG EINSTAKT SAMSPIL GÆÐAEFNA INNRÉTTINGAR**

Ytri hönnun Mazda3 er einstaklega fögur þar sem flæðandi línur, ljósabúnaður og margvísleg önnur natni við smáatriði gefa bílnum einstaka lúxusásýnd. Þegar inn er komið upplifir þú magnaða hönnun innréttingar með samspili gæðaefna með einstakri áferð sem gælir við skynfærin. Mazda3 býður upp á einstaklega hljóðlátt innra rými þar sem veghljóð hefur verið lágmarkað. Snertu og prófaðu.

**Verð frá 3.490.000 kr.**

UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU

KOMDU OG PRÓFAÐU!

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

BRIMBORG REYKJAVÍK | BÍLDSHÖFÐA 8 | SÍMI 515 7040 • BRIMBORG AKUREYRI | TRYGGVABRAUT 5 | SÍMI 515 7050



Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Fjörutíu ára ferli Helga á Alþingi lýkur senn

**ALÞINGI** „Hún er dálítið einkennileg, satt að segja,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, um þá tilfinningu að láta af störfum. Alþingi hefur auglýst embættið laust til umsóknar, en Helgi hefur gegnt því frá ársbyrjun 2005. Hann vinnur út ágústmánuð en í þeim mánuði verður hann sjötugur. Helgi hefur starfað á Alþingi í fjörutíu ár.

Spurður hvað standi upp úr svarar hann því að hann hafi alltaf haft mikinn áhuga á starfinu og haft mikla ánægju af því vinna með fólkinu á þinginu; bæði þeim sem þar hafa starfað um lengri og skemmri tíma. „Það hefur verið ákaflega þroskandi,“ segir hann.

Helgi nefnir líka árin í kring um hrunið. Hann segir að sú reynsla hafi verið erfið. „Það var mikil reynsla en hún var frekar dapurleg. Sumir starfsmenn eru enn ekki búnir að bíta úr nálinni með það. Það voru þarna átök sem gengu mjög nærri starfsmönnum.“

Búsháhaldabyltingin hófst í kjölfar efnahagskreppunnar og náði hámarki í janúar 2009, þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar féll. Helgi segir að hann hafi sjálfur farið óskaddaður á sálinni í gegn um þennan tíma. „En þetta tók alveg á. Maður var stundum hræddur um sig, en líka hræddur um húsið og eignir þingsins. Á þeim bar ég ábyrgð. Sumar næturnar þarna voru eiginlega hálf skelfileg reynsla. Margt af því sem maður sá var svo ótrúlegt,“ segir hann um þá upplifun að fylgjast með mótmælunum innan úr þinghúsinu.

Skrifstofustjóri hefur það hlutverk að stýra skrifstofu þingsins í umboði forseta Alþingis og ræður aðra starfsmenn þingsins. Hann er ráðgjafi forseta Alþingis og forsætisnefndar um allt sem lýtur að störfum þingsins og rekstri þess. Á vefnum segir að hann sitji fundi með forsætisnefnd og fundi forseta með þingflokksformönnum. „Í starfinu felast mikil samskipti við þingmenn og umsjón með þeirri aðstoð sem þingmönnum, þingnefndum og þingflokkum er látin í té. Þá sinnir skrifstofustjóri margháttuðum samskiptum við önnur þjóðþing.“

Skrifstofustjóri annast stjórnsýslu Alþingis. Hann veitir þingmönnum faglega aðstoð, aðstoðar forystu þingsins og annast almennan rekstur þess. Hann sinni upplýsingamiðlun um hlutverk og starfsemi Alþingis.

Miklar hæfniskröfur eru gerðar til starfsins. Sérstaklega er tekið fram í auglýsingunni að bæði konur og karlar séu hvött til að sækja um starfið. Ráðið verður í embættið frá 1. september. Umsóknarfrestur rennur út 6. maí.

Við hrunið fjaraði undan trausti í samfélaginu til stjórnmála og lykilstofnana. Helgi segir, spurður, hvað hægt sé að gera til að auka traust til þingsins, að munur sé á því hvort talað sé um traust til stjórnmálamanna eða þingsins sem stofnunar. Hann segist upplifa að nýir þingmenn beri mikið traust til Alþingis sem stofnunar. Stjórnmálamenn eigi hins vegar í basli með að halda traustinu. Á því sér hann þá lausn helsta að þeir standi í auknum mæli við það sem þeir lofa.

Hann segir aðspurður að samstarfsandinn á þingi sé almennt góður og að á því verði flestir hissa sem komi á Alþingi. „Auðvitað er það ekki alveg hnökralaust en almennt séð er það þannig, að fólk á gott með að vinna saman. Þeir sem eru í alþjóðlegu samstarfi þurfa að súpa súrt og sætt með öðrum, en í nefndum þingsins er afskaplega vel unnið og málefnalega.“ Hann segir að það sé helst í ræðustóli sem kastist í kekki.

Spurður hvað taki við eftir starfslokin segir Helgi að hann hafi að ýmsu að hverfa. „Ég hef áhuga á að setjast við skriftir,“ segir hann um tímann sem fram undan er. – bg

# Undirbúa Sóllilju fyrir aðgerð í þriðja skiptið

**Sjö mánaða gömul stúlka þarf að bíða eftir aðgerð á Landspítalanum vegna plássleysis á gjörgæsludeild. Ásgeir Yngvi Ásgeirsson, faðir stúlkunnar, segir ömurlegt að þurfa að undirbúa dóttur sína undir aðgerð í þriðja skiptið.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Plássleysi á gjörgæslu Landspítalans verður til þess að sjö mánaða gömul stúlka þarf að bíða eftir aðgerð þangað til í lok mánaðarins. Foreldrar Sóllilju Ásgeirsdóttur eru ekki sáttir við að þurfa að bíða, verið sé að setja óþarfa álag bæði á þau og dóttur þeirra. Hyggjast þau skrifa heilbrigðisráðherra bréf vegna málsins.

„Það kemur upp strax þegar hún er í móðurkviði að það er þrenging í þvagleiðara við annað nýrað sem gerir það að verkum að nýrað nær ekki að starfa almennilega. Það er hætta á því að það muni skemmast fljótlega ef þessi þrenging er ekki skorin í burtu,“ segir Ásgeir Yngvi Ásgeirsson, faðir Sóllilju.

Sóllilja þótti of lítil við fæðingu til að framkvæma aðgerðina strax og var hún bókuð í aðgerð í mars síðastliðnum. „Hún varð veik nóttina fyrir aðgerðina og það var ekki við neinn að sakast að aðgerðinni var frestað,“ segir Ásgeir. Þegar þau voru komin á spítalann á mánudaginn var þeim svo vísað frá þar sem ekki var pláss á gjörgæslu.

Það er hægara sagt en gert að fara í svona aðgerð, Sóllilja þarf að vera alveg frísk og koma nokkrum dögum áður í blóðprufu. „Þegar maður er lítill, þá er mjög sársaukafullt og erfitt að finna æðar. Hún var stungin ansi oft í fyrra skiptið en það gekk betur í seinna skiptið.“ Fyrir aðgerðina þarf Sóllilja að fasta um nóttina. „Það er hægara sagt en gert fyrir ungbarn, þetta er mjög erfiður tími og óþarfi að gera þetta oftar en einu sinni.“ Eftir aðgerðina mun hún svo þurfa að liggja inni á gjörgæslu undir eftirliti.

Fjölskyldan stendur frammi fyrir mikilli óvissu. „Við spurðum að því þegar þetta var útskýrt fyrir okkur, hvort það mætti fresta þessu um tvo mánuði og hvers vegna aðgerðin var þá ekki bókuð í lok apríl. Þeir segja á sama tíma að það þurfi að fara í þetta sem fyrst, svo segja þeir á móti að það breyti ekki öllu. Við höfum ekki fengið skýr svör við þessu.“

Fjölskyldan býr í Borgarfirði og þarf að keyra til og frá Reykjavík til að sækja sér þjónustu. Ásgeir segir þau heppin að hafa aðgang að gistingu á höfuðborgarsvæðinu. „Burtséð frá kostnaðinum við að keyra frá Borgarfirði og gista í bænum með tilheyrandi vinnutapi, þá er það andlegi þátturinn. Það er mjög erfitt fyrir foreldra með lítið barn að standa í þessu. Auðvitað var ekki hægt annað en að fresta þessu í fyrsta skiptið, en að þurfa að fresta þessu aftur vegna plássleysis á spítalanum, þetta er orðið mjög erfitt.“



Sóllilja Ásgeirsdóttir er sjö mánaða gömul. MYND/ÁSGEIR YNGVI ÁSGEIRSSON

> **Þegar maður er lítill, þá er mjög sársaukafullt og erfitt að finna æðar. Hún var stungin ansi oft í fyrra skiptið en það gekk betur í seinna skiptið.**
>
> Ásgeir Yngvi Ásgeirsson, faðir Sóllilju



Foreldrarnir hyggjast skrifa Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra bréf vegna málsins. „Starfsmenn spítalans hvöttu okkur til að skrifa ráðherra bréf, því þetta er viðvarandi vandamál inni á spítalanum.“ Ekki fengust upplýsingar frá Landspítalanum við vinnslu fréttarinnar um hversu mörgum aðgerðum hefur verið frestað.

Ásgeir segir að ekki sé við starfsfólk Landspítalans að sakast. „Þegar við förum með hana í aðgerðina næst, þá verður það sjötta Reykjavíkurferðin til að fara í aðgerðina. Fyrir utan allar rannsóknirnar á undan til að staðfesta að hún þurfi að fara í aðgerðina. Þetta er mikið álag og alveg ömurlegt. Að trilla barninu langa ganginn, það er ekki skemmtilegt. Hvað þá að gera það í þriðja skiptið.“ arib@frettabladid.is


## Varmadælur & loftkæling





Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09

Max 3,4 kW

2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)

f. íbúð ca 40m2.

Midea It's your Idea

Wifi búnaður fylgir með öllum varmadælum meðan birgðir endast

Umhverfisvænn kælimiðill R32

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land


# Bóluefni við ebólu veitir mikla vernd

**HEILBRIGÐISMÁL** Bóluefni við ebólu sem notað hefur verið í tilraunaskyni til að bæla niður faraldur sem nú geisar í Kongó hefur borið afar jákvæðan árangur. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur birt bráðabirgðaniðurstöður athugunar á virkni efnisins og gefa þær til kynna að efnið verndi fyrir ebólu í 97,5 prósentum tilfella.

Bóluefnið, sem framleitt er af Merck & Co, er talið hafa skipt sköpum í baráttunni við faraldurinn nú, en hann er nú þegar orðinn einn sá versti í sögunni. Alls hafa 1.264 greinst með ebólu síðan í ágúst, þar af hafa 814 látist.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) telur öruggt að faraldurinn hefði orðið mun verri hefði bóluefnið ekki verið notað.

Tæplega hundrað þúsund manns hafa verið bólusettir fyrir ebólu. Aðallega eru þetta einstaklingar sem eru í mikilli hættu á að smitast af veirunni auk heilbrigðisstarfsmanna. Aðeins 71 af þeim sem hafa verið bólusettir hefur greinst með ebólusmit.

Þrátt fyrir að faraldurinn nú sé annar versti ebólufaraldur sögunnar, þá telja sérfræðingar (WHO) ekki tilefni til að lýsa yfir alþjóðlegu neyðarástandi. Vonast er til að hægt verði að halda honum í skefjum með áframhaldandi bólusetningu og fræðslu um hvernig ebóla smitast. – khn



Heilbrigðisstarfsmaður bólusetur fyrir ebólu. NORDICPHOTOS/GETTY

Svalalokun lengir sumarið og veitir möguleika á eigin gróður-húsi á svölunum þínum.



COVER ICELAND

# CoverIceland

fagnar vori með sérstökum afslætti á svalalokunum ef gengið er frá samningi **fyrir 30. apríl.**







COVER ICELAND

**Auðbrekku 10, 2. hæð, • 200 Kópavogi • Netfang covericeland@covericeland.is • Sími 777 7001**

# Stórt og flókið verkefni bíður Frakka

**Miklu fé hefur verið heitið til enduruppbyggingar Notre Dame eftir brunann á mánudag. Sérfræðingar frá Páfagarði og arkitektar sem endurreistu Windsor-kastala bjóða aðstoð sína. Þrívíddarskannanir til af kirkjunni. Miklu tókst að bjarga úr eldsvoðanum.**

**FRAKKLAND** Hundruðum milljóna evra hefur verið heitið til enduruppbyggingar hinnar 856 ára gömlu Notre Dame kirkju í París, höfuðborg Frakklands. Mikill eldsvoði stórskemmdi þessa sögufrægu byggingu á mánudaginn. Þótt langt og erfitt verkefni sé fyrir höndum er það langt frá því að vera óyfirstíganlegt.

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) hefur sagst reiðubúin til aðstoðar við endurreisnina. Þá hefur Francois-Henri Pinault, forstjóri Kering Group, fyrirtækisins sem á Gucci og Yves Saint Laurent, heitið hundrað milljónum evra og fjölskylda Bernard Arnault, sem á meðal annars Louis Vuitton og Sephora, hefur heitið 200 milljónum og franska olíufyrirtækið Total hundrað milljónum. Franska þjóðminjastofnunin ætlar að setja af stað alþjóðlega söfnun svo fjármagn verður væntanlega ekki af skornum skammti.

Í raun virðist gjörvallt Frakkland til þjónustu reiðubúið enda er þjóðin harmi slegin vegna brunans. Verktakafyrirtækið Vinci sagðist í gær tilbúið til að bjóða fram krafta sína. Fyrirtækið skoraði svo á samkeppnisaðila sína að taka þátt sömuleiðis. „Þessi eyðilegging hluta Notre Dame er mikill harmleikur. Aldrei verður hægt að endurheimta bjálkana frá þrettándu öld sem héldu þakinu uppi en við þurfum að standa vörð um þá hluta Notre Dame sem ekki urðu eldinum að bráð,“ sagði í tilkynningu frá Vinci. Annað verktakafyrirtæki, Bouygues, sagðist sömuleiðis reiðubúið til að ljá krafta sína og gáfu forstjórinn Martin Bouygues og fjölskylda hans tíu milljónir evra til verkefnisins.

Sérfræðiaðstoð mun einnig reynast gagnleg við endurreisn kirkjunnar. Gianfranco Ravasi, kardínáli og menningarmálaráðherra Páfagarðs, sagði í gær að Páfagarður væri reiðubúinn til að ljá Frökkum aðstoð sína. „Ég held að helsta framlag Páfagarðs verði tæknileg þekking okkar enda búum við yfir miklu safni.“

Donald Insall Associates, arkitektarnir sem sáu um enduruppbyggingu Windsor-kastala eftir mikinn bruna árið 1992, eru sömuleiðis tilbúnir til að aðstoða Frakka. „Notre Dame verður glæst á ný,“ sagði Francis Maude, einn arkitektanna. Hann vísaði sömuleiðis til þess að Varsjá hefði verið byggð aftur upp eftir síðari heimsstyrjöld sem og Frúarkirkjan í Dresden.

Einnig má búast við því að sá gríðarlegi fjöldi ljósmynda og myndbanda sem til er af kirkjunni reynist vel. Tæknimiðillinn ZDNet greindi jafnframt frá því í gær að sagnfræðiprófessorarnir Andrew Tallon og Stephen Murray hefðu árið 2000 gert þrívíddarskönnun af allri kirkjunni með leysigeisla.

En enduruppbyggingin er ekki eina flókna verkefnið sem Frakkar þurfa nú að leysa. Remy Heitz saksóknari sagði í gær að um 50 rannsakendur ynnu nú að því að komast að því hvernig eldurinn kviknaði. Búist er við að rannsóknin verði löng og flókin en nú á upphafsstigum er helsta kenningin sú að um slys hafi verið að ræða. **thorgnyr@frettabladid.is**



**Hægt var að skoða umfang skemmdanna þegar eldurinn var slokknaður.** NORDICPHOTOS/AFP

## Miklu bjargað

Þak kirkjunnar gjöreyðilagðist í brunanum og hæsti kirkjuturninn sömuleiðis. Það gerðu einnig fjölmargar steindar rúður en vegna þrekvirkis slökkviliðs tókst að bjarga fjölmörgu.

Altari kirkjunnar og altariskrossinn skemmdust ekki né heldur kirkjubekkirnir. Hinir víðfrægu bjölluturnar standa enn og það gera steinveggirnir líka þótt þeir séu óstöðugir samkvæmt Franck Riester menningarmálaráðherra.

Sextán koparstyttur höfðu verið sendar til viðgerðar og voru því óhultar. Þá tókst slökkviliði að bjarga fjölda merkilegra listaverka og minja úr kirkjunni. Til að mynda þyrnikórónu sem Loðvík níundi Frakklandskonungur keypti á þrettándu öld og er sögð hafa prýtt koll Krists.

Fjallað var um bjargvætt krúnunnar í erlendum miðlum í gær. Sá heitir Jean-Marc Fournier og er prestur slökkviliðsins. Samkvæmt hverfisstjóra fimmtánda hverfis hljóp Fournier inn í kirkjuna til að bjarga minjum. Presturinn hafði áður huggað særða eftir hryðjuverkaárásina á Bataclan-tónleikahúsið í París árið 2015 og sinnt herþjónustu í Afganistan.

Að minnsta kosti einn af rósargluggunum þremur sem prýddu kirkjuna bjargaðist og það gerði fjöldi ufsagrýla sömuleiðis. Kirkjuorgelið er sagt hafa bjargast aukinheldur. Þau listaverk sem bjargað var voru flutt á Louvre-safnið.



**Þyrnikórónunni var bjargað.** NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Fleiri myndir frá Notre Dame má finna á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**


Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind


# Lægðin í Simbabve dýpkar enn

**SIMBABVE** Brauðverð tvöfaldaðist í Harare, höfuðborg Simbabve, á einum degi í gær. Reuters greindi frá en Afríkuríkið hefur átt við mikla efnahagsörðugleika og óðaverðbólgu að stríða á þessari öld. Brauðverð jafngilti í gær í um 17,5 prósentum af meðallaunum í landinu.

Ástandið má einnig rekja til mikilla þurrka sem hrjá landið og þess að hitabeltislægðin Idai olli miklu tjóni í austurhluta landsins í mars.

„Brauð er orðið lúxusvara. Hvernig á fólk að hafa efni á því með þessu áframhaldi? Ríkisstjórnin verður að gera eitthvað áður en það leysist allt upp í vitleysu,“ hafði miðillinn eftir Sarah Chisvo, þriggja barna móður í Harare.

Verðbólga er ekki orðin jafnslæm og hún var á síðasta áratug. Árið 2009 ákváðu yfirvöld að skipta úr Simbabvedalnum yfir í Bandaríkjadal þegar verðbólga hafði staðið í 500 milljörðum prósenta ári áður. En Bandaríkjadalir hafa verið af skornum skammti á þessu ári. Í febrúar ákvað ríkisstjórn Emmersons Mnangagwa forseta því að taka upp nýjan gjaldmiðil, RTGS-dal.

Verðbólga heldur hins vegar áfram. Laun hækka ekki til jafns við verðbólguna og því er óánægja með stjórn Mnangagwas sögð aukast. **– þea**




**Matvara í Simbabve verður stöðugt dýrari og dýrari.** NORDICPHOTOS/AFP



Altarið og krossinn stóðu eldinn af sér. MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP

# Þrekvirki slökkviliðs

Slökkviliðsfólki í París tókst að koma í veg fyrir að Notre Dame kirkjan hryndi. Fjölda gripa var bjargað úr kirkjunni. Erfitt verkefni er þó fyrir höndum og enduruppbyggingin verður flókin.



Slökkviliðsmenn bíða eftir heimsókn ráðherra á vettvang.



Jean-Claude Gallet slökkviliðsstjóri útskýrir stöðuna fyrir ráðherrum.



Á þeim enda kirkjunnar sem fremstur er á myndinni var áður stærðarinnar turn. Hann féll í brunanum.



Vélmenni var notað til að kemba rústirnar.

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Skoðaðu Húsasmiðjublaðið husa.is

# PÁSKATILBOÐ

## í Húsasmiðjunni og Blómavali

Páskaskraut og kerti
**25%** afsláttur

Pottaplöntur og pottar
**25%** afsláttur

Öll LADY málning
**25%** afsláttur

Sýpris
**999** kr
~~1.990 kr~~
80-100 cm
50% afsláttur

Broil King
**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli. Grillgrindur úr steypujárni. Þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317
**49.990 kr**
~~61.990 kr~~

Páskaliljur, 10 stk.
**999** kr
~~1.490 kr~~
33% afsláttur

OUTBACK
**18.990 kr**
~~23.990 kr~~
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225

OUTBACK
**29.990 kr**
~~39.990 kr~~
**Gasgrill, 3ja brennara**
Sunset Solo, 3ja brennara, grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9,67 kW.
3000393

Broil King
**59.990 kr**
~~69.990 kr~~
**Gasgrill Crown 320 Stál**
9,3 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli. Grillgrindur úr pottjárni. Þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000315

IKRA mogatec
**6.995 kr**
Sjáðu verðið!
**Rafmagnshekkklippur**
550W, rafmagnshekkklippur, blað 45 cm, klippigeta 16 mm.
5083759

LG 65"
LG UHD TV
Sjáðu verðið!
Aðeins í Skútuvogi og husa.is
36% afsláttur
**119.990 kr**
~~189.990 kr~~
**Snjallsjónvarp** LG 65UK6300
LG 65", UHD Smart sjónvarp.
1860067

30% afsláttur
**27.293 kr**
~~38.990 kr~~
**Trampolín 3,66 m, með öryggisneti**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557

Evrópskt gæðamerki á ótrúlegu verði
Skoðaðu allt úrvalið á **husa.is**

AUTHOR SILVERBACK
Krakkahjól 24"
**37.520 kr**
~~46.900 kr~~
**Reiðhjól A-Matrix**
24" A-Matrix, 10" grind, Shimano 18 gíra, Tektro V-bremsur, grátt/grænt.
3901375

# Barn síns tíma



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Engin vísindaleg rök búa að baki kröfu yfirvalda um fjögurra vikna einangrunarvist hunda og katta í sóttkví við komu hingað til lands. Þá felst afar lítil áhætta í því að viðurkenna sérstök gæludýravegabréf, að minnsta kosti frá Bretlandi og Norður-Evrópu, þaðan sem mikill meirihluti innfluttra hunda kemur. Með upptöku slíkra vegabréfa væri hægt að gera gæludýraeigendum kleift að ferðast með dýrin sín milli landa að uppfylltum sjálfsögðum og ströngum skilyrðum um bólusetningar og heilsufar.

Allt þetta og meira til má lesa í nýju áhættumati vegna innflutnings dýra til Íslands, sem fyrrverandi yfirdýralæknir Danmerkur vann fyrir íslensk stjórnvöld og birtist í vikunni.

Strangari reglur voru settar um innflutning dýra á sínum tíma hérlendis en víða annars staðar. Það var ekki að ástæðulausu. Það er vissulega staðreynd að búfjárstofnar hér eru viðkvæmari fyrir ýmsum pestum sem ekki eru vandamál annars staðar, vegna einangrunar landsins. Þess vegna er mikilvægt að allar varnir séu í lagi.

Við innflutning á hundum og köttum sérstaklega eru sett ströng skilyrði. Dýrið er rannsakað og bólusett áður en það kemur til landsins. Þegar það er komið þarf það að vera fjórar vikur í einangrun. Ef það stenst skoðun að þeim vikum liðnum er einangruninni aflétt og dýrið fær að vera frjálst ferða sinna á Íslandi. Einangrunin reynist sumum dýrum mjög þungbær, án eigenda sinna, auk þess sem dýraeigendur þurfa að reiða fram háar fjárhæðir til þess að standa straum af kostnaði við veruna í sóttkvínni.

En nú er árið 2019. Varla þarf að fjölyrða um þær gríðarlegu framfarir sem orðið hafa undanfarin ár í læknavísindum, meðal annars hvað bólusetningar og sníkjudýralyf varðar. Þar fyrir utan er óvíða í heiminum hugað betur að eftirliti, skráningu og heilbrigði gæludýra en einmitt á Íslandi.

Af þessum sökum er óskiljanlegt að slík ill meðferð á dýrum, líkt og fjögurra vikna einangrunarvist sannarlega er, skuli viðgangast á 21. öldinni.

Nú er lag. Hver rannsóknin á fætur annarri sýnir að gæludýr bæta, kæta og hressa. Ísland er eftirbátur annarra landa hvað þetta varðar. Óbreytt fyrirkomulag er barn síns tíma; óþarft og til þess eins fallið að valda erfiðleikum og sársauka fyrir dýr og menn.

Hundaræktarfélag Íslands fagnar 50 ára afmæli um þessar mundir. Afmælisgjöfin ætti auðvitað að vera þeirra ósköp eðlilega krafa um að taka upp gæludýravegabréf líkt og gert er í löndunum í kringum okkur. Þetta er borðleggjandi dæmi.

**Engin vísindaleg rök búa að baki kröfu yfirvalda um fjögurra vikna einangrunarvist hunda og katta í sóttkví við komu hingað til lands.**

## Halldór





Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!




Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17


## Frá degi til dags

**Hlutdeild í hörmungum**
Drjúgur hluti heimsbyggðarinnar er harmi sleginn eftir brunann í Notre Dame og múgur og margmenni keppist á samfélagsmiðlum við að tengja sig persónulega við kirkjuna og harminn mikla með myndbirtingum. Egill Helgason gerir þessa stafrænu sjálfhverfu að umtalsefni á Eyjubloggi sínu þar sem hann segir fárið vegna brunans lýsa samskiptamiðlaveruleika nútímans. „Það er auðvitað ágætt að sýna hluttekningu, en þetta gekk svolítið langt,“ skrifar Egill og heldur áfram: „Margir hafa ferðast til Parísar og eiga myndir af sér með Notre Dame í bakgrunninum. Sjáið, ég var þarna líka, einu sinni! Ég!“

**Bara hús**
Menningarrýnirinn Ásgeir H. Ingólfsson hugsar lengra en þau sem ruku í gömul myndaalbúm og bendir á Facebook á að „þetta er bara hús“. Hús sem milljónir hafa heimsótt í ólíkum tilgangi. „En kannski ennþá frekar vert að nefna það að þúsundir voru skattpíndir til þess að byggja þetta hús, þúsundir unnu við að byggja þetta hús, sumir dóu örugglega eða fengu ömurleg eða engin laun eða fengu bakverki sem þeir losnuðu aldrei við. Sumir hötuðu þetta hús einmitt út af því – en sumum þótti vænt um það af sömu ástæðum, allt þetta strit var þó til einhvers, bjó til eitthvað fallegt.“

toti@frettabladid.is

# Of strangar reglur um Frístundakortið



Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur og borgarfulltrúi Flokks fólksins

Frístundakort er 50.000 króna styrkur frá Reykjavíkurborg til barna á aldrinum 6-18 ára og gildir í eitt ár í einu. Systkini geta ekki notað sama Frístundakort. Hægt er að nota Frístundakortið til að borga fyrir þátttöku í íþróttum, listum og tómstundum. Það er einungis hægt að nota Frístundakortið hjá félögum og samtökum í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Markmið Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík geti tekið þátt í frístundastarfi. Félagslegar aðstæður og efnahagur eiga ekki að skipta máli, segir á vef borgarinnar. Félagið sem er með námskeiðið þarf að vera með samning við Reykjavíkurborg. Námskeið þarf að vera að minnsta kosti 10 vikur. Kennarinn eða leiðbeinandinn þarf að vera með menntun í því sem er kennt á námskeiðinu og eldri en 18 ára. Húsnæði þar sem námskeið fer fram þarf að vera með rekstrarleyfi.

**Allt of strangar reglur**
Reglur um Frístundakort eru allt of strangar. Nýtingartölur sem eru skráðar eftir póstnúmerum eru ekki nógu góðar. Kortanýting er 69% til 90%. Í borgarstjórn hef ég reynt að leggja fram tillögur um að notkunarskilyrði verði rýmkuð. Það ætti t.d. að vera sjálfsagt að systkini geti notað sama Frístundakortið henti það þeim. Ekki er heldur hægt að nota Frístundakortið í starfi félagsmiðstöðvanna en þar eru viðburðir og ferðir ekki alltaf gjaldfrjálsar. Ekki er hægt að nota Frístundakortið í niðurgreidd sumarnámskeið á vegum borgarinnar eða félaga. Eins og vitað er þá hafa sumir foreldrar ekki efni á námskeiði fyrir barn sitt þrátt fyrir niðurgreiðslu. Kortið ætti ekki einungis að ná yfir frístundir heldur allt sem kallar á útiveru og hreyfingu. Markmið borgarinnar ætti að vera að rýmka reglur kortsins það mikið að það verði fullnýtt. Taka ætti allt sem vitað er að geri börnum gott andlega og líkamlega inn í notkunarskilgreininguna. Ljóst er að menningar-, íþrótta- og tómstundaráð þarf að endurskoða þessar reglur.

**Það ætti t.d. að vera sjálfsagt að systkini geti notað sama Frístundakortið henti það þeim.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Getur heimsbyggðin hindrað kjarnorkustríð?



**Sveinn Kristinsson**
formaður Rauða krossins á Íslandi

Nú eru 74 ár eru liðin frá því að kjarnorkuvopnum var beitt í hernaði í fyrsta skipti. Heimsbyggðin stendur öll frammi fyrir áframhaldandi hættu og líkum á því að slíkum vopnum verði beitt aftur. Afleiðingar af beitingu slíkra gereyðingarvopna yrðu geigvænlegar. Milljónir manna myndu týna lífi sínu og þeim sem lifðu slíka þolraun af eru búin óljós örlög. Sagan sýnir nefnilega að þeir sem lifa af þurfa að glíma við margvíslegar og alvarlegar afleiðingar geislunar og mengunar af völdum kjarnorkusprengjunnar. Það er raunar þyngra en tárum taki að okkur sem þessa jörð byggjum hafi ekki enn tekist að haga málum þannig að kjarnorkuvopnin og sú skelfilega ógn sem af þeim stafar heyri sögunni til.

**Bönnum gereyðingarvopn**

Við öll stöndum frammi fyrir því stóra og mikilvæga verkefni að skapa skilyrði fyrir kjarnorkuvopnalausan heim og koma þannig í veg fyrir beitingu kjarnorkuvopna. Fyrsta skref í þessari vegferð er að hvetja okkar eigin stjórnvöld á Íslandi og önnur ríki til þess að skrifa undir og fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum. Hann er nú er til umfjöllunar á Alþingi. Samningurinn undirstrikar þá alvarlegu hættu sem stafar af áframhaldandi tilvist kjarnorkuvopna og ógnina af þeim óafturkræfu og gereyðandi afleiðingum sem slík vopn valda. Samningurinn kveður á um algjört bann við hvers kyns notkun kjarnorkuvopna í samræmi við alþjóðleg mannúðarlög.

**Ríkisstjórnir og ráðamenn sem vilja forða heimsbyggðinni frá kjarnorkustríði hafa aðeins einn raunverulegan valmöguleika – og hann er að banna algjörlega framleiðslu og notkun þessara hræðilegu vopna.**

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans hefur beitt sér fyrir algjöru banni og útrýmingu kjarnorkuvopna. Frá árinu 1945 hefur hreyfingin vakið athygli á alvarlegum afleiðingum notkunar slíkra vopna. Sú afstaða er ekki aðeins byggð á þeim hörmungum sem vitað er að notkun kjarnorkuvopna leiðir af sér, heldur einnig þeirri staðreynd að hvorki Rauði krossinn né nokkur annar aðili væri fær um að veita eftirlifendum raunverulega aðstoð. Er það bæði vegna geislunar og þeirrar miklu eyðileggingar sem af hlytist að nær engin leið væri til að aðstoða þá sem fyrir sprengjunni yrðu. Rauði krossinn varð vitni að notkun kjarnorkusprengjanna í Hírósíma og Nagasakí árið 1945 og eyðileggingarkrafti þeirra. Tugþúsundir manna létust á augabragði og aðrar tugþúsundir létust af völdum þeirra árum og áratugum síðar. Enn í dag, 74 árum síðar, sinnir japanski Rauði krossinn fórnarlömbum sprengjanna. Mörg þeirra voru ekki fædd þegar sprengjurnar féllu, en geislun af þeirra völdum veldur enn alvarlegum sjúkdómum líkt og krabbameini og margvíslegum öðrum skaða. Það er því er ljóst að afleiðingar kjarnorkusprengjanna teygja anga sína marga áratugi fram í tímann frá hinum hræðilegu atburðum.

**Stjórnvöld taki af skarið**

Kjarnorkuvopn eru í andstöðu við alþjóðleg mannúðarlög sem eru lög er gilda í hernaði. Í ár verða Genfarsamningarnir fjórir frá 1949 sjötíu ára. Í kjölfar heimsstyrjaldarinnar síðari voru ríki heims sammála um að endurtaka aldrei þann hildarleik sem stríðið var. Sem merki um þá samstöðu voru ríki heims aðeins um fjóra mánuði að samþykkja lokaútgáfu Genfarsamninganna.

Hvað þarf til þess að ríki heimsins sammælist öll um algjört bann við kjarnorkuvopnum? Vonandi þurfum við ekki að horfa aftur upp á notkun og eyðingarmátt kjarnorkuvopna til þess að ríki heimsins vakni og leggi loks til algjört bann við þeim – því þá er það orðið um seinan. Svarið er einfalt. Ríkisstjórnir og ráðamenn sem vilja forða heimsbyggðinni frá kjarnorkustríði hafa aðeins einn raunverulegan valmöguleika – og hann er að banna algjörlega framleiðslu og notkun þessara hræðilegu vopna. Nú hafa íslensk stjórnvöld kjörið tækifæri til þess að leggja sitt lóð á vogarskálarnar og stuðla þannig að kjarnorkuvopnalausum og öruggari heimi. Það geta þau með því að skrifa undir og fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum.

# Er barnið þitt með raunhæfar kröfur í íþróttum?



**Helgi Héðinsson**
sálfræðingur hjá Líf og sál sálfræði- og ráðgjafastofu

Margt íþróttafólk dreymir um að ná fullkominni frammistöðu í keppni og uppskera árangur í samræmi við það. Slæmu fréttirnar eru þær að það að reyna að vera fullkominn er oft það versta sem hægt er að hugsa um fyrir og í keppni. Þegar iðkanda finnst hann þurfa að standa sig fullkomlega þá er í raun ekkert svigrúm fyrir mistök og verður hugurinn heltekinn af því að forðast að gera mistök.

**Afleiðingarnar**

Kröfuharðar og ósveigjanlegar hugsanir eins og „ég verð að vinna“, og „ég má ekki vera lélegur í dag“ geta haft veruleg áhrif. Fyrir það fyrsta eykur þetta andlegt álag sem birtist í auknum kvíða og streitu. Í öðru lagi getur þetta hæglega stýrt hegðuninni sem kemur í kjölfarið. Þessar hugsanir vekja upp sterka tilhneigingu til að forðast að gera mistök sem leiðir til þess að iðkandi verður of varkár. Dæmi um þetta: Iðkandi í boltaíþrótt sendir bara einfaldar sendingar til hliðar eða til baka, reynir ekki krefjandi sendingar og tekur helst engar áhættur. Í tennis, badminton og blaki byrjar iðkandi að hugsa meira um að verjast frekar en að sækja og sendir boltann/fluguna nær miðjusvæði andstæðingsins í stað þess að senda til hliðanna og gera andstæðingnum erfiðara fyrir. Einnig er sterk tilhneiging til að gefast fyrr upp þegar illa gengur því iðkanda finnst hann búinn að klúðra og betra sé að lágmarka skaðann í stað þess að taka sénsinn á að snúa vörn í sókn. Í þriðja lagi hefur þetta veruleg áhrif á einbeitingu því þessar hugsanir heltaka athyglina. Það gefur auga leið að á sama tíma er minni athygli á þeim afmörkuðu verkefnum sem krefjast einbeitingar svo hægt sé að ná góðri frammistöðu.

Þó ber að taka fram að það er gott að vera meðvitaður um mistök svo hægt sé að læra af þeim en þegar hugur iðkanda er orðinn heltekinn af ótta við mistök grefur það undan bæði frammistöðu hans og sjálfstrausti. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir vísbendingum um þetta, eins og þegar iðkandi forðast krefjandi aðstæður t.d. að taka vítaskot þrátt fyrir góða færni eða virðist gefast upp eða verða vonlaus í kjölfar mistaka eða annars konar mótlætis.

**Hvað er til ráða?**

Foreldrar geta svo sannarlega rætt við börn sín og spurt út í hugsanir við krefjandi aðstæður og gefið leiðbeiningar um hvernig megi nálgast krefjandi verkefni með uppbyggilegu hugarfari. Iðkandi veit að oft er þörf á „fullkominni“ frammistöðu til að eiga möguleika á árangri eða sigri, og er það því mikil áskorun að hjálpa honum að skilja að þessi krafa um engin mistök er mjög til trafala og leiðir yfirleitt til lakari frammistöðu. Hjálpa þarf iðkanda að endurskilgreina mistök. Til dæmis það að skjóta á markið þrátt fyrir að skora ekki eru ekki mistök. Foreldrar ættu að gefa börnum sínum hrós fyrir að reyna og taka áhættur. Því miður geta foreldrar lent í þeirri gildru að ýta óafvitandi undir óhóflegar kröfur iðkanda til sjálf síns með því að hrósa sérstaklega (jafnvel einungis) fyrir stig og mörk og það sem verra er að gagnrýna allar misheppnaðar tilraunir. Þetta eykur hræðslu við mistök hjá iðkandanum með fyrrnefndum afleiðingum. Foreldrar eru mikilvægt bakland fyrir börn sín og geta svo sannarlega hjálpað þeim að tileinka sér uppbyggilega siði og venjur við íþróttaiðkun.

**Þegar iðkanda finnst hann þurfa að standa sig fullkomlega þá er í raun ekkert svigrúm fyrir mistök og verður hugurinn heltekinn af því að forðast að gera mistök.**



## Kyrravika og páskar í Hallgrímskirkju

**Miðvikudagur 17. apríl**
**Árdegismessa kl. 8.** Kaffi í Suðursal eftir messu.

**Skírdagur 18. apríl**
**Kvöldmessa og Getsemanestund kl. 20.** Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari. Messuþjónar aðstoða. Schola cantorum syngur. Organisti Hörður Áskelsson.

**Föstudagurinn langi 19. apríl**
**Guðsþjónusta kl. 11.** Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari. Félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju syngja. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

**Passíusálmalestur kl. 13-18.15.** Lesarar eru Edda Þórarinsdóttir, Halla Guðmundsdóttir, Helga E. Jónsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Margrét Guðmundsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir og Steinunn Jóhannesdóttir. Tónlistin er í höndum Björns Steinars Sólbergssonar organista. Umsjón með Passíusálmalestri hefur Steinunn Jóhannesdóttir.

**Páskadagur 21. apríl**
**Páskamessa kl. 8.** Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur. Forsöngvarar eru félagar úr Mótettukórnum, sem flytja páskaleik. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

**Hátíðarmessa kl. 11.** Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Sigurði Árna Þórðarsyni. Messuþjónar aðstoða. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson. Umsjón með barnastarfi hafa Inga Harðardóttir, æskulýðsfulltrúi, og æskulýðsleiðtogar.

**Annar í páskum 22. apríl**
**Messa kl. 11.** Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari. Inga Harðardóttir prédikar. Félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju syngja. Organisti er Guðmundur Sigurðsson.

**Allir velkomnir**
www.hallgrimskirkja.is


Vertu með okkur um PÁSKANA
READY PLAYER ONE
Föstudagurinn langi
ÆVINTÝRI SEM BÍTUR
Litla Vampíran
Skírdagur
THE SHAPE OF WATER
Páskadagur
Annar í páskum
PAUL
APOSTLE OF CHRIST
Föstudagurinn langi
Isle of Dogs
Páskadagur
FIFTY SHADES FREED
Skírdagur
PÉTUR KANÍNA
Páskadagur
Tryggðu þér áskrift á stod2.is og í síma 1817
wonder
Laugardagur










TRUE DETECTIVE




BURÐARDÝR




THE CRY




THE LITTLE DRUMMER GIRL

## TAKTU MARAÞON UM PÁSKANA

Á **Stöð 2 Maraþon** hefur þú aðgang að nýjustu þáttaröðunum, íslensku barnaefni auk hundruð kvikmynda fyrir alla fjölskylduna. **Njóttu þess að horfa á heilu þáttaraðirnar** um páskana.




ÍSSKÁPASTRÍÐ




KILLING EVE




SKOPPA OG SKRÍTLA




BIG LITTLE LIES

# Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi Max-deild karla 2019

**PEPSI MAX DEILDIN 2019**

| | |
|---|---|
| 1. ? | 7. ? |
| 2. ? | 8. ? |
| 3. ? | 9. **Víkingur R.** |
| 4. ? | 10. **ÍBV** |
| 5. ? | 11. **Grindavík** |
| 6. ? | 12. **HK** |

## Víkingur R.
**hafnar í 9. sæti**

Fréttablaðið spáir því að Víkingur R. lendi í níunda sæti. Stærsta spurningarmerkið er hvort Kári Árnason leiki með liðinu í sumar. Ef Kári og Sölvi verða í vörn Víkinga verður erfitt að finna leiðina að markinu fyrir andstæðingana. Óvíst er hver á að sjá um markaskorunina sem gæti reynst hausverkur í Víkinni.

## Álitsgjafinn segir
**Kristján Guðmundsson**

Þetta verður mikil prófraun fyrir Arnar Gunnlaugsson. Víkingur missti nokkra lykilleikmenn og skörðin hafa verið fyllt með ungum leikmönnum.

Ef Sölvi Geir Ottesen nær að halda sér heilum stóran hluta sumarsins og Kári Árnason kemur í Fossvoginn um mitt sumar fá þeir ekki mörg mörk á sig. Það mun skila þeim þó nokkrum stigum.

Áhyggjur mínar beinast meira að sóknarleik liðsins þar sem ég sé ekki í fljótu bragði hver eigi að sjá um það að hafa markaskorunina á sínum herðum.

## Tölfræði sem skiptir máli

**18** mörk fékk Víkingur á sig í níu leikjum án Sölva í fyrra.

**1** Í níu leikjum vetrarins hélt Víkingur einu sinni hreinu.

## Nýju andlitin

Atli Hrafn Andrason frá Fulham
Francisco Mancilla frá Víkingi Ó.
James Charles Mack frá Vestra
Júlíus Magnússon frá Heerenveen
Mohamed Fofana frá Sogndal
Þórður Ingason frá Fjölni

## Fylgstu með þessum

Hinn tvítugi Atli Hrafn Andrason verður væntanlega í lykilhlutverki hjá Víkingum í sumar. Hann sýndi lipra takta á síðasta ári.









# Táningurinn sló út gömlu konuna



Ajax vann 2-1 sigur á Juventus og komst áfram í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu í fyrsta sinn í 22 ár í gær. Ungstirnið Matthjis de Ligt, nítján ára, stangaði inn sigurmarkið í Tórínó í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Stórt próf fyrir lærisveina Pep Guardiola í kvöld

**FÓTBOLTI** Manchester City og Tottenham mætast í kvöld í seinni leik liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Tottenham leiðir 1-0 eftir fyrri leik liðanna og er einum leik frá því að komast í undanúrslitin í fyrsta sinn í sögu félagsins. Á sama tíma er Manchester City einum leik frá því að komast í undanúrslitin í annað sinn í sögu félagsins.

Líkt og í ensku úrvalsdeildinni hefur Manchester City örlögin í eigin höndum þegar lokaspretturinn er að hefjast. Leikurinn fer fram á Etihad-vellinum í Manchester sem hefur verið vígi Citymanna undanfarin ár. Síðan Crystal Palace vann óvætan sigur tveimur dögum fyrir jól hefur Manchester City leikið tólf leiki í öllum keppnum á heimavelli og eru tólf sigrar staðreynd.

Sergio Aguero reyndist Tottenham erfiður fyrstu ár Aguero á Englandi þegar hann skoraði tíu mörk í sjö en hann hefur ekki skorað í síðustu sjö leikjum gegn Tottenham.



Þetta er fyrri viðureign liðanna í þessari viku sem mætast á ný um helgina. Á einni viku mætir Manchester City því Tottenham tvisvar og á leik gegn Manchester United eftir viku.

**» Í síðustu tólf heimaleikjum í öllum keppnum hefur Manchester City skorað 49 mörk og aðeins fengið á sig þrjú.**

„Ef við vinnum ekki þessa þrjá leiki þá erum við úr sögunni í tveimur keppnum. Þetta eru úrslitaleikir fyrir okkur en við erum bara að spila úrslitaleiki þessa dagana,“ sagði Pep Guardiola, knattspyrnustjóri City í aðdraganda leiksins.

Tottenham leikur án Harry Kane eftir að Kane meiddist í fyrri leik liðanna en það ætti ekki að há Spurs. Tottenham vann fimm leiki af sjö þegar Kane var meiddur í byrjun árs og þekkir Mauricio Pochettino því vel að leggja upp leiki án síns helsta markaskorara.

Á sama tíma tekur Porto á móti Liverpool í Portúgal. Þegar þessi lið mættust á sama velli í fyrra vann Liverpool 5-0 sigur en Bítlaborgarmenn leiða 2-0 eftir fyrri leik liðanna. **– kpt**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**Barcelona - Man. United 3-0**
1-0 Lionel Messi (16.), 2-0 Messi (20.), 3-0 Philippe Coutinho (61.).

*Barcelona vinnur einvígi liðanna 4-0 og fer áfram í undanúrslit. Barcelona mætir Liverpool eða Porto í undanúrslitunum.*

**Juventus - Ajax 1-2**
1-0 Cristiano Ronaldo (28.), 1-1 Donny van de Beek (34.), 1-2 Matthijs de Ligt (67.)

*Ajax vinnur einvígi liðanna 3-2 og fer áfram í undanúrslit. Ajax mætir Manchester City eða Tottenham í undanúrslitunum.*

**Enska úrvalsdeildin**

**Brighton - Cardiff 0-2**
0-1 Nathaniel Mendez-Laing (22.), 0-2 Sean Morrison (50.).

# Oddaleikur í Keflavík í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Keflavík tekur á móti Stjörnunni í oddaleik í kvöld þar sem sigurvegarinn tryggir sér þátttökurétt í úrslitum Domino's-deildar kvenna. Keflavík lenti 0-2 undir í einvígi liðanna en er búið að jafna metin á ný fyrir leikinn í kvöld. Sigurliðið mætir Val í úrslitaeinvíginu sem hefst í næstu viku. **– kpt**

# SUPER1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA




## SUPER1 ER HEIMILI REMA1000

EIN STÆRSTA MATVÖRUVERSLUNARKEÐJA NORÐURLANDA

REMA1000 framleiðir gæðavörur á góðu verði, í sátt og samlyndi við umhverfið. Lögð er áhersla á lífrænar vörur og að vörur standist staðla Skráargatsins, Svansmerkisins og séu án ofnæmisvalda.

OPNUNARTÍMI
**UM PÁSKANA**
LOKAÐ
FÖSTUDAGINN LANGA
& PÁSKADAG
**OPIÐ AÐRA DAGA**
**10-22**

## DANSKIR DAGAR ALLA DAGA

flöde boller - flæskesvær - kakao pulver - brændende kærlighed - frikadeller

# SUPER1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ




## GÓU PÁSKA EGG

| | |
|---|---|
| GÓU EGG - NR. 5 450G | 1.349kr. |
| APPOLO LAKKRÍS EGG - NR. 4 325G | 1.099kr. |
| APPOLO FYLLT LAKKRÍS EGG - NR 5 450G | 1.329kr. |
| APPOLO FYLLT PIPAR LAKKRÍS EGG - NR 5 450G | 1.829kr. |
| GÓU HRAUNEGG - NR. 5 1/2 460G | 1.609kr. |

## NÓI PÁSKA EGG

| | |
|---|---|
| NÓI PÁSKAEGG NR.4 325G | 1.519kr. |
| NÓI PÁSKAEGG NR.5 460G | 2.399kr. |
| NÓI PÁSKAEGG NR.6 585G | 2.999kr. |
| NÓA KROPP PÁSKAEGG 530G | 2.429kr. |
| NÓA PIPARKROPP PÁSKAEGG 500G | 2.429kr. |

## FREYJU PÁSKA EGG

| | |
|---|---|
| FREYJU RÍSEGG NR.9 505G | 2.199kr. |
| FREYJU DRAUMAEGG NR.9 530G | 2.249kr. |
| FREYJU RÍSEGG MEÐ SALTKARAM. NR.9 550G | 2.249kr. |
| FREYJU STERKT DJÚPUEGG NR.9 550G | 2.249kr. |
| FREYJU DJÚPUEGG NR.9 550G | 2.249kr. |

2X

VERÐ VERND

Birt með fyrirvara um prent- og innsláttarvillur. Gildir til 21. apríl eða á meðan birgðir endast.

# KAUPTU PÁSKAEGG STRAX ÞAÐ STYTTIST Í PÁSKA

# 2X VERÐVERND Á PÁSKAEGGJUM

Ef þú kaupir íslenskt páskaegg á betra verði en í **SUPER1** frá

**15. apríl - 21. apríl**

komdu þá í næstu **SUPER1** verslun með eggið og kvittunina og við endurgreiðum mismuninn tvöfalt!

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. apríl 2019 | 15. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Boginn spenntur á Laugavegi

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri fasteignafélagsins Regins sem á verslunarrýmið við Hafnartorg, segir að fasteignir við Laugaveg hafi gengið kaupum og sölum á of háu verði sem rekja megi til væntinga um óraunhæfan vöxt í fjölda ferðamanna. Það hafi leitt til þess að innheimta þurfi leigu sem erfitt sé að standa undir. » 6, 7

> Í ljósi þessa háa verðs hefur fasteignafélagið keypt lítið af eignum í miðbænum á undanförnum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



»2

### Ríkið fær yfir sex milljarða við sölu Kaupþings

Afkomuskiptasamningur stjórnvalda og Kaupþings vegna Arion banka hefur virkjast í fyrsta sinn. Nýafstaðin sala Kaupþings á 15 prósenta hlut í bankanum fyrir samtals 20,5 milljarða fer að stórum hluta til ríkissjóðs.

»4

### Þjónustustig líði fyrir launahækkanir

Tvær af þremur stærstu smásölukeðjum landsins segjast reiðubúnar að endurskoða opnunartíma verslana til þess að geta staðið undir yfirvofandi launahækkunum.

»8

### Íslensk reglubyrði sú þyngsta innan OECD

„Þótt starfsemi opinberra eftirlitsaðila sé nauðsynleg þá er það staðreynd að sköpun verðmæta á sér stað í fyrirtækjum en ekki eftirlitsstofnunum,“ segir Ásta Sigríður Fjeldsted, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í aðsendri grein.






Erlendir sjóðir minnka við sig í Símanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Erlendir sjóðir seldu fyrir nærri milljarð í Símanum

Erlendir fjárfestingarsjóðir í hluthafahópi Símans hafa selt samanlagt um 2,4 prósenta hlut, jafnvirði um 900 milljóna króna miðað við núverandi hlutabréfaverð, í fjarskiptafyrirtækinu frá síðustu mánaðamótum. Þetta má lesa út úr nýjum lista yfir alla hluthafa Símans sem Markaðurinn hefur séð.

Um er að ræða sjóði í stýringu þriggja fyrirtækja, bandarísku sjóðastýringarfyrirtækjanna Eaton Vance Management og Wellington Management og breska vogunarsjóðsins Lansdowne Partners.

Þannig hafa tveir sjóðir á vegum Eaton Vance, sem hefur undanfarin ár verið umsvifamesti erlendi fjárfestirinn hér á landi, minnkað hlut sinn í Símanum um samanlagt 0,6 prósent af hlutafé fjarskiptafyrirtækisins á undanförnum tveimur vikum. Fara sjóðirnir Global Macro Absolute Return Advantage og Global Macro Portfolio nú með 8,4 prósenta hlut í félaginu.

Þá hefur sjóður í stýringu Wellington Management selt á sama tíma um 0,7 prósenta hlut og sjóður Lansdowne Partners minnkað hlut sinn um liðlega 1,1 prósent. Fer fyrrnefndi sjóðurinn nú með 2 prósenta hlut í Símanum og sá síðarnefndi tæpan 1,4 prósenta hlut.

**5,9%**
**er hækkun á hlutabréfaverði Símans frá áramótum.**

Á sama tíma og erlendu fjárfestarnir hafa minnkað við sig í fjarskiptafyrirtækinu hefur eignarhlutur, sem Kvika banki er skráður fyrir, aukist úr 1,6 prósentum í 4,6 prósent.

Gengi hlutabréfa í Símanum hefur hækkað um 5,9 prósent það sem af er ári eftir að hafa lækkað um 9,3 prósent á síðasta ári. Er núverandi markaðsvirði félagsins um 36 milljarðar króna.

Lífeyrissjóðir eru áberandi í hópi stærstu hluthafa Símans en Lífeyrissjóður verslunarmanna er sem dæmi stærsti hluthafi félagsins með um 13,5 prósenta hlut og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins sá næst stærsti með um 11,3 prósenta hlut. Þá heldur Gildi jafnframt á um 9,3 prósenta hlut í félaginu. **– hae, kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.,** Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR

SCANVER EHF 588 80 40 www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

# Ríkið fær sex milljarða við sölu Kaupþings

**Afkomuskiptasamningur stjórnvalda og Kaupþings vegna Arion banka hefur virkjast í fyrsta sinn. Fjármunir vegna sölu Kaupþings fyrr í þessum mánuði á 15 prósenta hlut fyrir samtals 20,5 milljarða renna að stórum hluta til ríkisins.**

Íslenska ríkið mun fá rúmlega sex milljarða króna í sinn hlut vegna sölu eignarhaldsfélags Kaupþings á liðlega fimmtán prósenta hlut í Arion banka fyrr í þessum mánuði fyrir samtals um 20,5 milljarða króna. Það kemur til vegna afkomuskiptasamnings milli Kaupþings og stjórnvalda, sem var á meðal stöðugleikaskilyrða sem slitabúið þurfti að undirgangast við samþykkt nauðasamninga í árslok 2015, en þetta er í fyrsta sinn sem ríkið fær greitt á grundvelli samningsins.

Samtals hefur ríkissjóður þá fengið um 90 milljarða króna í tengslum við söluferli Kaupþings á eignarhlutum sínum í Arion banka, sem hófst í mars 2017, en auk þess hefur félagið greitt um 8,3 milljarða króna í vexti vegna 84 milljarða króna veðskuldabréfs sem það gaf út til ríkisins í ársbyrjun 2016. Skuldabréfið, sem var með veði í hlutabréfum í Arion banka og var hluti af stöðugleikaframlagi Kaupþings, var greitt upp að fullu í fyrra.

Samkvæmt afkomuskiptasamningnum fær íslenska ríkið þriðjung af öllu söluandvirði Kaupþings á eignarhlutum félagsins í Arion banka milli 100 og 140 milljarða króna en helminginn á milli 140 og 160 milljarða króna. Þá fær ríkissjóður þrjá fjórðu í sinn hlut af söluandvirði umfram 160 milljarða króna. Áður en Kaupþing minnkaði hlut sinn í Arion banka í byrjun þessa mánaðar hafði eignarhaldsfélagið selt í bankanum, ásamt öðrum ráðstöfunum í tengslum við söluferlið eins og meðal annars sérstakar arðgreiðslur, fyrir samtals nærri 99 milljarða króna.

Kaupþing seldi sem fyrr segir fyrir skemmstu fimmtán prósenta hlut í Arion banka fyrir 20,5 milljarða. Annars vegar keyptu innlendir og erlendir fjárfestar, meðal annars fjárfestingafélagið Stoðir, sem er í dag stærsti íslenski fjárfestirinn í hlutahafahópnum, tíu prósenta hlut fyrir samtals 14 milljarða og þá var fimm prósenta hlutur seldur til bandaríska vogunarsjóðsins Taconic Capital fyrir 6,5 milljarða. Eignarhlutur Kaupþings í Arion banka nemur í dag 20 prósentum en var þegar mest lét 87 prósent. Miðað við núverandi hlutabréfaverð, sem var 76,9 krónur á hlut við lokun markaða í gær, er hlutur Kaupþings metinn á um 28 milljarða.

Ljóst er að íslensk stjórnvöld hafa ríka hagsmuni af því, vegna afkomuskiptasamningsins, að Kaupþing fái sem hæst verð fyrir þann eignarhlut í bankanum sem er enn í eigu félagsins. Það mun skila sér í hærra stöðugleikaframlagi Kaupþings til ríkissjóðs, sem gæti hæglega numið mörgum milljörðum króna. Ólíklegt er talið, að sögn þeirra sem þekkja vel til, að Kaupþing muni minnka mikið við hlut sinn í bankanum á næstu misserum.

Samkvæmt stöðugleikaskilyrðum Kaupþings hafa íslensk stjórnvöld sem kunnugt er forkaupsrétt á öllum hlutabréfum Kaupþings í Arion banka ef til stendur að selja þau á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé bankans. Ríkið átti því þess kost að ganga inn í nýafstaðin kaup fjárfesta á 15 prósenta hlut í Arion banka, sem voru gerð á gengi sem var vel undir 0,7 miðað við eigið fé, en kaus hins vegar að nýta sér ekki forkaupsrétt sinn.

Arion banki var skráður á markað á Íslandi og í Svíþjóð í júní í fyrra þegar Kaupþing seldi samtals um 29 prósenta hlut í bankanum í almennu hlutafjárútboði. Fyrir utan Kaupþing eru stærstu hluthafar bankans ýmsir erlendir sjóðir, meðal annars vogunarsjóðirnir Taconic Capital, Attestor Capital og Och-Ziff Capital. **hordur@frettabladid.is**



Hlutabréfaverð Arion banka hefur hækkað um 9 prósent frá áramótum. Markaðsvirði bankans er nú um 140 milljarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Afkomuskiptasamningur

**Hvernig skiptist söluandvirði hluta Kaupþings í Arion banka?**

**0 - 84 milljarðar**
Inn á skuldabréf til ríkisins.

**84 - 100 milljarðar**
Fer allt til Kaupþings.

**100 - 140 milljarðar**
1/3 til ríkisins, 2/3 til Kaupþings.

**140 til 160 milljarðar**
1/2 til ríkisins, 1/2 til Kaupþings.

**Yfir 160 milljarðar**
3/4 til ríkisins, 1/4 til Kaupþings.

# Telur gengi Granda ofmetið um 33%

Greinandi Capacent klórar sér alla jafna mikið í kollinum yfir verði HB Granda á markaði. Capacent á mjög erfitt með að sjá hvernig hægt er að fá út markaðsvirði GB Granda með hefðbundnu sjóðstreymisverðmati,“ segir í verðmatsgreiningu Capacent á HB Granda.

Samkvæmt því er verðmatsgengið 20,3 krónur á hlut en markaðsvirði félagsins er 29,95 krónur á hlut.

Önnur leið til að meta markaðsvirði útgerðar er að reikna upplausnarvirði hennar en verðmætustu eignirnar eru aflaheimildir. Capacent metur virði aflaheimilda HB Granda á 54-60 milljarða króna. Til samanburðar er markaðsvirði HB Granda 54 milljarðar króna og sjóðstreymismat Capacent hljóðar upp á 37 milljarða króna.

„Vissulega henta félög eins og HB Grandi vel í hlutabréfasafn en þegar harðnar í ári gengur sjávarútvegurinn gjarnan vel líkt og eftir bankahrunið. Lágt gengi krónu og slaki á vinnumarkaði í kjölfar efnahagssamdráttar eykur hagnað félags líkt og HB Granda. Hins vegar er spurning hversu hátt verð fjárfestar eru til í að greiða fyrir þennan eiginleika,“ segir í Capacent.

Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja hefur gengið erfiðlega á undanförnum árum, framlegð HB Granda hefur til að mynda dregist saman um 20 prósent á þremur árum, og því vekur það athygli Capacent að verðmæti aflaheimilda hafi hækkað síðastliðið ár. Samkvæmt einfaldri greiningu Capacent má ekki rekja hækkunina til útlánaaukningar þótt ekki sé hægt að útiloka að það hafi haft einhver áhrif. **– hvj**


Guðmundur Kristjánsson er forstjóri HB Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR




brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

# Þjónustustig líði fyrir launahækkanir

**Íslenskar smásölukeðjur skoða möguleikann á því að minnka þjónustustig til þess að geta staðið undir launahækkunum. Forstjóri Festar telur líklegt að hækkanirnar brjótist fram í atvinnustigi fremur en verðbólgu. Hagkaup hyggst ekki breyta opnunartímum.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Íslenskar smásölukeðjur skoða möguleikann á að minnka þjónustustig til að bregðast við þeim launahækkunum sem nýr kjarasamningur kveður á um. Tvær af þremur stærstu keðjum landsins segjast reiðubúnar að endurskoða opnunartíma verslana.

Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa, segir í samtali við Markaðinn að hlutfall launakostnaðar hjá Samkaupum hafi vaxið ört á síðustu fimm árum. „Við höfum ekki svigrúm til þess að taka á okkur þessar hækkanir án þess að bregðast við með einhverjum hætti,“ segir Gunnar Egill en að hans mati felst stærsta tækifærið til hagræðingar í þjónustustiginu.

„Þjónustustigið á Íslandi er mjög hátt miðað við það sem gengur og gerist í kringum okkur. Ef við skoðum til dæmis opnunartíma verslana í Þýskalandi þá eru þær flestar lokaðar á sunnudögum. Við þurfum að endurskoða hversu margar verslanir þurfa að vera opnar allan sólarhringinn,“ segir hann en alls eru tíu verslanir á vegum Samkaupa opnar allan sólarhringinn.

Samkaup muni ekki leggja upp með fækkun starfsfólks ef kjarasamningarnir verða samþykktir en lækkun þjónustustigs hafi óhjákvæmilega í för með sér minni eftirspurn eftir vinnuafli.

Þá segir Gunnar Egill lítið svigrúm til þess að fleyta hækkunum út í verðlagið en hækkanir frá framleiðendum og heildsölum setji þó þrýsting á verðið. „Hækkanirnar munu því brjótast fram í verðlaginu upp að vissu marki vegna þess að við erum nú þegar farin að fá til okkar hækkanir frá framleiðendum og heildsölum. Ef innkaupaverðið hækkar þá hækkar söluverð á öllum smásölumarkaðinum. Við erum að hafna því að framleiðendur og heildsalar fleyti kostnaðinum beint á verslunina án þess að skoða hagræðingarkosti eins og við erum að gera,“ segir Gunnar Egill.

**Atvinnuleysi sögð líklegri útkoma en verðbólga**

Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar, sem rekur Krónuna, N1, og ELKO, segir einnig að fyrirtækið sé að skoða styttingu á opnunartímum. Þá sé viðbúið að segja þurfi upp starfsfólki ef kjarasamningarnir verða samþykktir. „Það er því miður ekki hægt að bregðast við með öðrum hætti,“ segir Eggert Þór.

„Það eru í sjálfu sér aðeins tvær leiðir. Annaðhvort fer launahækkunin út í verðlagið eða fyrirtækin hagræða og fækka starfsfólki,“ segir Eggert Þór en hann telur að nú séu aðstæður þannig að launahækkanir séu líklegri til að koma fram í atvinnustigi en verðlagi.

„Það er engin spurning að áður fyrr fóru allar launahækkanir út í verðlagið. Verðlagið rauk af stað og þannig voru miklar hækkanir leiðréttar með gengisfellingu krónunnar. Nú hefur staðan hins vegar breyst. Seðlabankinn er með risavaxinn gjaldeyrisforða og erlend staða þjóðarbúsins er sterk. Það eru því engar líkur á að krónan fari að veikjast mikið og þess vegna held ég að þessar launahækkanir brjótist frekar fram í atvinnustiginu.“



Smásölukeðjur leita leiða til að bregðast við launahækkunum. Verslunum sem eru opnar allan sólarhringinn getur fækkað. Fréttablaðið/Ernir

## Ýtir undir sjálfvirknivæðingu

Stærstu smásölufyrirtækin, Samkaup, Festi og Hagar, hafa öll komið fyrir sjálfsafgreiðslu í völdum verslunum. Finnur Árnason, forstjóri Haga, sagði í miðopnuviðtali við Markaðinn í mars að sjálfsafgreiðslukassar væru í níu verslunum Haga og að stefnt væri að því að þeir yrðu í 18 verslunum á þessu ári. „Um 34-52 prósent afgreiðslna fara þar í gegn sem er meira en við bjuggumst við,“ sagði Finnur.

Krónan, sem er undir hatti Festar, hefur aukið sjálfvirknivæðingu afgreiðsluferla á síðustu misserum. Eggert Þór segir að launahækkanir ýti undir sjálfvirknivæðinguna. „Það verður fýsilegra að fjárfesta í tækni þannig að færri hendur komi að,“ segir hann.

> **Við þurfum að endurskoða hversu margar verslanir þurfa að vera opnar allan sólarhringinn.**
>
> Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa



> **Það eru engar líkur á að krónan veikist mikið og þess vegna held ég að þessar launahækkanir brjótist fram í atvinnustiginu.**
>
> Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar



**Hyggjast ekki stytta opnunartíma í verslunum sínum**

Smásölukeðjan Hagkaup rekur tvær verslanir sem eru opnar allan sólarhringinn. Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa, segist ekki gera ráð fyrir breyttu þjónustustigi gagnvart viðskiptavinum.

„Við þurfum að leggja okkur meira fram við að hagræða í rekstrinum. Eins og staðan er í dag höfum við ekki í hyggju að breyta opnunartímunum. Í þessum rekstri sem öðrum eru allir möguleikar skoðaðir,“ segir Gunnar.

Hafin er atkvæðagreiðsla meðal aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins um kjarasamninga við verkafólk og verslunarmenn fyrir tímabilið 2019-2022. Hún stendur yfir til 24. apríl. Kjarasamningurinn felur í sér sérstaka áherslu á kjarabætur til tekjulágs launafólks þar sem launahækkanir samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á kauptaxta og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Launahækkanir til þeirra sem starfa á töxtum nema 90 þúsund krónum á samningstímanum.




# VÍS selur í Kviku fyrir 350 milljónir

Vátryggingafélag Íslands hefur minnkað hlut sinn í Kviku banka um liðlega 1,6 prósent af hlutafé fjárfestingabankans, samkvæmt nýjum hluthafalista, og er nú þriðji stærsti hluthafi bankans með 6,45 prósenta eignarhlut. Miðað við núverandi hlutabréfaverð hefur VÍS því selt í Kviku fyrir nærri 350 milljónir króna.

Þá er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild, stærsti lífeyrissjóður landsins, kominn í hóp tuttugu stærstu hluthafa fjárfestingabankans með 1,34 prósenta hlut. Hefur sjóðurinn tvöfaldað eignarhlut sinn í Kviku frá áramótum.

Hlutur VÍS, sem kom fyrst inn í eigendahóp Kviku í ársbyrjun 2017, er metinn á ríflega 1,4 milljarða króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í bankanum en um er að ræða stærstu einstöku fjárfestingareign félagsins.

> **1,4**
>
> **milljarðar króna er markaðsvirði hlutar VÍS í Kviku banka.**

Hluthafafundur tryggingafélagsins samþykkti sem kunnugt er síðasta sumar að lækka hlutafé félagsins með 1,8 milljarða króna greiðslu til hluthafa í formi bréfa í Kviku. Við greiðsluna fór eignarhlutur VÍS í bankanum úr 21,8 prósentum í 9,6 prósent en síðan þá hefur hluturinn minnkað enn frekar.

Á meðal umsvifamestu hluthafa VÍS eru félög í eigu hjónanna Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur, stjórnarmanns í tryggingafélaginu, og Guðmundar Arnar Þórðarsonar með samtals ríflega sjö prósenta hlut. Félag þeirra er einnig í hópi stærstu eigenda Kviku banka með 7,7 prósenta eignarhlut og þá situr Guðmundur Örn í stjórn bankans.

Hlutabréf í Kviku banka, sem var skráður á aðallista Kauphallarinnar í lok síðasta mánaðar, hafa hækkað um liðlega 40 prósent í verði frá áramótum. Er markaðsvirði bankans í dag nærri 22 milljarðar króna.

Bréfin ruku upp um hátt í níu prósent á mánudag eftir að bankinn greindi frá því að afkoma fyrsta ársfjórðungs hefði verið umtalsvert betri en gert hafði verið ráð fyrir. Er útlit fyrir að hagnaður Kviku verði á bilinu 830 til 880 milljónir króna. Helsta ástæða bættrar afkomu er sú að þóknanatekjur voru umfram áætlun, einkum vegna þess að markaðsaðstæður voru hagfelldar á fyrsta fjórðungi ársins. **– kij**


ICELANDAIR OG COCA COLA LIGHT TASTE
KYNNA MEÐ STOLTI
DÍVUR
14. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU
SVALA & JÓHANNA GUÐRÚN
DÍSELLA · FRIÐRIK ÓMAR · KATRÍN HALLDÓRA
RAGGA GRÖNDAL · SIGGA BEINTEINS
GÍTAR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN DAVÍÐ SIGURGEIRSSON TROMPET ARI BRAGI KÁRASON HLJÓMBORÐ HALLDÓR SMÁRASON HLJÓMBORÐ INGVAR ALFREÐSSON GÍTAR RÖGNVALDUR BORGÞÓRSSON
SAXAFÓNN STEINAR SIGURÐARSON BASSI VALDIMAR OLGEIRSSON TROMMUR ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON BAKRADDIR ANNA SIGRÍÐUR SNORRADÓTTIR ARNAR JÓNSSON RAKEL PÁLSDÓTTIR
GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS UNDIR STJÓRN DAVÍÐS SIGURGEIRSSONAR OG JÓHÖNNU GUÐRÚNAR STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR LEIKSTJÓRI SELMA BJÖRNSDÓTTIR
MIÐASALA HAFIN!
light taste
ICELANDAIR
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS/DIVUR OG Í SÍMA 528-5050
NÁNARI UPPLÝSINGAR: SENALIVE.IS/DIVUR
sena LIVE!



Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, segir að verslanir við Laugaveginn muni taka breytingum og njóta góðs af þeim fjölda sem Hafnartorgið muni laða til sín. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Öflugan verslunarkjarna vantaði í miðb

**Hafnartorgið hefur verið í undirbúningi frá árinu 1998. Verslanir eru valdar inn til að skapa skemmtilega heild sem laðar fólk að. 80 prósent af rýmunum hafa verið leigð út. Þrjú rými hafa verið tekin frá fyrir Gucci, Louis Vuitton og Prada. Í Smáralind var sami háttur hafður á og beðið í eitt og hálft ár eftir réttu vörumerkjunum.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Reginn keypti verslunarrýmið við Hafnartorg á hagstæðu verði árið 2014. Þess vegna getum við boðið leiguverð sem er undir markaðsverði á sambærilegu húsnæði um þessar mundir,“ segir Helgi S. Gunnarsson, forstjóri fasteignafélagsins. Heildarfjárfesting Regins í eignunum er um sex milljarðar króna.

„Við keyptum fermetrann á 430 þúsund krónur. Með kostnaði er fermetraverðið rúmlega 600 þúsund. Til samanburðar er fermetraverð á atvinnuhúsnæði á góðum stöðum í miðbænum allt að einni milljón króna. Það er helsta ástæða þess að Laugavegurinn er að gefa eftir. Fasteignir hafa gengið kaupum og sölum á of háu verði sem rekja má til væntinga um óraunhæfan vöxt í fjölda ferðamanna.

Þær væntingar og hátt kaupverð leiða til þess að innheimta þarf háa leigu sem leigutakar eiga erfitt með að standa undir – nema mögulega á hátindi uppsveiflu. Boginn hefur verið spenntur of hátt og þegar það kemur bakslag í reksturinn, til dæmis að laun hækki eða ferðamenn spara við sig í meiri mæli, hrynur spilaborgin.

**Ef við hugsuðum til skemmri tíma hefðum við getað náð mun hærri arðsemi á næstu fjórum árum með því að leigja til lundaverslana.**

Reginn var að skoða kaup á fasteign við Skólavörðustíg fyrir þremur árum. Fermetraverðið var 1,1 milljón sem hefði þýtt að leigja þyrfti eignina á yfir 9 þúsund krónur á fermetra. Það er óraunhæft að viðskiptavinir hefðu getað staðið straum af leigunni til lengri tíma á þeim stað. Í ljósi þessa háa verðs hefur fasteignafélagið keypt lítið af eignum í miðbænum á undanförnum árum.“

## Undirbúningur hófst 1998

Helgi segir að uppbygging á reitnum við Hafnartorg hafi verið í undirbúningi frá árinu 1998. „Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi borgarstjóri, og Björn Bjarnason, þá menntamálaráðherra, sameinuðust um að Harpan skyldi rísa þar sem hún reis.

Samhliða var ákveðið að hugsa svæðið frá Hörpunni og að Lækjartorgi sem eina heild. Árið 2005 var samið við þann sem átti allar lóðirnar í kringum Hörpu og bygging hennar hófst í framhaldinu. Skömmu seinna verður fjármálahrun og eigandi lóðanna missir þær. Í kjölfarið er lóðin slitin í sundur og seld í bútum.

Hugmyndafræðin sem mörkuð var um svæðið fyrir aldamót er enn við lýði. Margir átta sig ekki á hve langur aðdragandi er að skipulagi á reitum og hve mikla faglega umfjöllun það fær. Það hafa hundruð manna, Íslendingar sem erlendir, komið að málum. Þetta hafa verið sérfræðingar í borgarskipulagi, verslunarrekstri, ráðstefnuhaldi, stjórnmálamenn úr öllum flokkum og svo framvegis. Þessi sjónarmið koma öll saman og úr verður málamiðlun sem hefur heppnast ansi vel í þessu tilviki.

Það var til að mynda ákveðið efir hrun, sem betur fer, að draga úr byggingarmagninu á svæðinu. Mörgum þótti fyrstu hugmyndir að byggingunni yfirþyrmandi og því var ákveðið að minnka þær, taka í sundur og skapa minni einingar. Með þeim hætti var skapað meira rými fyrir fólk og birtu.

Við hönnunina var horft til bygginga í nágrenni við Kvosina eins og gömlu höfuðstöðva Eimskips og Landsbankans í Austurstræti. Þær byggingar eru svipaðar að hæð og umfangi.

Reykjavík Development, sem áður hét Landstólpi og var í eigu Arion banka og einkafjárfesta, átti tvær lóðir á svæðinu. Forsvarsmenn fyrirtækisins voru að leita leiða til að koma verkefninu á skrið og buðu okkur að taka þátt í uppbyggingunni. Við komum með gagntilboð, sem var samþykkt, um að kaupa allar jarðhæðir fasteignanna auk tveggja hæða í tveimur byggingum við Lækjargötu. Önnur þeirra hýsir nú H&M.

Jarðhæðir eru verðmætustu bitarnir í fasteignunum en í ljósi þess hve snemma í ferlinu við vorum reiðubúnir til að kaupa eignirnar fengum við þær á hagstæðu verði.“

## Miðbæir hafa aðdráttarafl

*Hvað fékk ykkur til að trúa á miðbæinn sem öflugan stað fyrir verslun og að rétt væri að bæta við verslunarrými?*

„Miðbæir um allan heim hafa mikið aðdráttarafl. Fasteignaverð

# Fólk Heimili

MIÐVIKUDAGUR 17. APRÍL 2019



Arna Sigga reynir að gera fínt og páskalegt hjá sér. Hún fer nú létt með það. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Páskaskrautið breytist

Arna Sigríður Sæmundsdóttir hefur starfað sem blómaskreytir frá því hún var á þrítugsaldri. Hún segir að páskaskreytingar hafi breyst mikið í áranna rás. Séu nú einfaldari og meira leitað út í náttúruna með skreytiefnin. ➔2




TANTE MOTTA
170X240 / KR. 56.300
200X300 / KR. 83.900

MARVEL MOTTA



170X240 / KR. 61.200

RUGGED MOTTA



170X240 / KR. 49.900
200X300 / KR. 71.900

MAGIC MOTTA



160X230 / KR. 65.600
200X290 / KR. 94.500

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Arna Sigga, eins og hún er kölluð, hefur alltaf haft græna fingur. Hún byrjaði að vinna í gamla Blómavali og lærði blómaskreytingar þar undir handleiðslu Hjördísar Reykdal. „Hjördís sá eitthvað í mér enda óð ég bara í hlutina án þess að hika,“ segir Arna Sigga. Hún fann sig mjög vel í starfinu en á undanförnum árum hefur hún verið illa haldin af gigt og gat því ekki lengur starfað við fagið í fullri vinnu. „Ég tek að mér eitt og eitt verkefni til að halda mér við. Það eru örar breytingar í blómaskreytingum og maður vill fylgjast með því nýjasta,“ segir hún en þegar Arna Sigga var að byrja stóð ekki til boða nám í blómaskreytingum hér á landi. „Blómaskreytingar er eitthvað sem fólk hefur í sér, litir, form og samsetning. Maður þarf að hafa gott auga og vera listrænn. Svo þarf maður að kunna á þær plöntur sem finnast í náttúrunni en það er hægt að finna ótrúlega margt sem hentar vel í skreytingar,“ segir hún.

## Gulur ekki vinsæll

Arna Sigga segir að áður fyrr hafi konur verið mjög duglegar að skreyta heimili sín fyrir páskana. Þá varð heimilið allt gult; kerti, servíettur, skreytingar og blóm. „Guli liturinn skiptir ekki eins miklu máli í dag. Það er miklu frekar að fólk fari út og klippi trjágreinar eða lyng sem verður fallegt í vasa. Birkigreinar eru vinsælar og þær eru fljótar að laufgast þegar þær fara í vatn. Þetta er akkúrat rétti tíminn til að klippa og þess vegna upplagt að nota afklippur í vasa. Það er mjög vorlegt auk þess sem hægt er að skreyta þær fallega með litlum eggjum eða ungum. Kræklóttar greinar geta verið mjög skemmtilegar, jafnvel þótt þær laufgist ekki. Það má nota túlipana með þeim eða páskaliljur. Hægt er að fá mosa í blómabúðum til að punta enn frekar. Annars er fólk mest með eitthvert mjög einfalt skraut í dag og náttúrlegt. Mér finnst bleiki liturinn til dæmis vinsæll núna,“ útskýrir Arna Sigga.

## Sveiflur í tískunni

„Ég er slæm af gigt í höndunum, bæði starfsgeta og úthald hefur minnkað. Það er erfiðisvinna að starfa í blómabúð, mikill burður með hluti, heitt og kalt vatn. Maður vinnur mikið með höndunum og ef þær klikka verður þetta mjög erfitt. Mér finnst hins vegar gaman að taka að mér smá verkefni, til dæmis brúðkaup. Það eru miklar sveiflur í tískunni varðandi skreytingar og nauðsynlegt að fylgjast vel með því sem er að gerast. Alltaf einhver ný efni og nýjar tegundir af blómum. Þetta er virkilega skemmtilegur heimur að starfa í,“ segir Arna Sigga. „Ef fólki finnst gaman að skapa, vera í tengslum við fólk og alls kyns tilefni þá eru blómaskreytingar rétta vinnan. Mjög gefandi og hressandi.“

Arna Sigga hafði sömuleiðis gaman af garðrækt. Hún var með fallegan garð þar sem hún bjó áður, en eftir að hún missti manninn sinn flutti hún í blokkaríbúð. „Núna er ég með pottaplöntur og kryddjurtir í kringum mig. Maður fær alltaf fiðringinn þegar byrjar að vora að rótast í garðvinnu. Ég vil hafa blóm í kringum mig, það er hlýlegt og veitir bæði umhyggju og kærleik. Sem betur fer eru inniplöntur aftur komnar í tísku, að minnsta kosti sumar tegundir. Stórar plöntur eins og ryðblaðka ásamt blaðstórum grænum plöntum. Einu sinni voru allir með kaktusa svo tískan breytist stöðugt. Þetta sveiflast mikið.“

Barnabarn Örnu Siggu á að fermast í júní og hún hefur beðið um gular skreytingar. „Það er svo misjafnt hvað fermingarbörnin vilja, hvort sem þau fermast um páska eða á öðrum tíma. Þau velja uppáhaldslitinn. Páskarnir eru tími fjölskyldunnar til að hittast. Þá er um að gera að hafa huggulegt í kringum sig og vera með lifandi blóm. Falleg blóm í vösum eru alltaf falleg,“ segir Arna Sigga sem ætlar að vera með fjölskylduna í mat um páskana. „Við ætlum að borða kalkún að þessu sinni. Mig langaði í páskalamb en dóttir mín borðar það ekki svo við breyttum í kalkún. Það er alltaf gaman að borða góðan mat á svona frídögum og svo baka ég alltaf sérstaka páskatertu. Mér finnst gaman að baka og reyni að nota litlu eggin í skreytingar,“ segir Arna Sigga sem notar gjarnan lifandi blóm í skreytingar á kransakökum, skírnartertum og öðrum veislutertum. Eftir páska ætlar hún að heimsækja foreldra sína á Spáni en þar dvelja þau mestan hluta vetrar. „Það er gott að fá hita í kroppinn þegar maður er með slæma gigt.“



Arna Sigga hefur starfað við blómaskreytingar frá því hún var 26 ára, lengst af starfaði hún í Blómavali. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Einföld er falleg skreyting hjá Örnu Siggu. FRÉTTABLADID/STEFÁN



Glæsilegur krans sem Arna Sigga gerði nýlega.



Hér er Arna Sigga að útbúa fallegan brúðarvönd með barnabarni sínu sem heldur á fallegum vendi.

**Aðalfundur**

**Aðalfundur Breiðabliks verður haldinn fimmtudaginn 2. maí n.k. kl. 17:30 í veitingasal félagsins í Smáranum.**

**Dagskrá:**

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar áliti sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning sex stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður og önnur mál

Tillögur að lagabreytingum munu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

BREIÐABLIK

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Sumardekk

MIÐVIKUDAGUR 17. APRÍL 2019

Kynningar: N1, Klettur




## Skiptir máli að gera hlutina vel

Hjá N1 er hægt að bóka dekkjaskipti á netinu sem sparar fólki bæði tíma og fyrirhöfn. Kerfið er mjög einfalt, fólk einfaldlega fer inn á heimasíðu N1 þar sem það getur valið það verkstæði sem best hentar að fara á og bókar tíma. Áminning er svo send í SMS áður en að tímanum kemur. →2

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



Það er búið að vera brjálað að gera undanfarið hjá N1 og verður þannig næstu vikurnar.

**Framhald af forsíðu ➪**

Dagur Benónýsson, rekstrarstjóri þjónustuverkstæða N1, segir að netbókunin hafi mælst vel fyrir enda voru það óskir viðskiptavina N1 að færa tímabókanir í dekkjaskipti í netbókun. „Við mátum það þannig að fólk gæti skipulagt sinn tíma betur en áður. Það þyrfti ekki að sitja í röðum heilu og hálfu dagana. Viðkomandi fær SMS til staðfestingar og þetta er framtíðin í dekkjaskiptum. Meðfram þessu erum við líka með kerfi fyrir þá sem renna við. Þá getum við gefið þeim númer og kallað í þá með SMS-i þegar röðin er að koma að viðkomandi. Það hefur mælst líka mjög vel fyrir en netbókun er það allra vinsælasta hjá okkur."

## Eyða minna á sumardekkjum

Dagur segir að fram undan sé álagstími þar sem fólk skiptir úr vetrardekkjunum yfir á sumardekk. „Þetta er rétt að byrja. Það er búið að vera brjálað að gera undanfarið og verður þannig næstu vikurnar. Það er betra að keyra um á sumrin á sumardekkjum en á svokölluðum heilsársdekkjum. Þau kalla fram betri aksturseiginleika og stytta hemlunarvegalengd töluvert. Bílar eyða líka almennt minna á góðum sumardekkjum, sérstaklega á þessum betri dekkjum sem við erum að bjóða upp á eins og Michelin og Cooper."

## Vinsælt dekkjahótel

Dekkjahótel N1 eru á öllum hjólbarðaverkstæðum fyrirtækisins og hafa fjölmargir nýtt sér þau enda sparar það bæði pláss og fyrirhöfn. Það getur nefnilega verið svolítið basl að burðast með dekkin inn og út úr bílskúrnum eða geymslum í skottið og aftur heim með gömlu dekkin. Dagur segir að þegar hjólbarðar eru skráðir inn á hótelið sé ástand, heiti, eigandi og staðsetning skráð og þegar líður að dekkjaskiptum, hvort sem það er að vori eða hausti, fær viðskiptavinurinn SMS um að dekkin þeirra séu klár til undirsetningar.

Hjá N1 er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og hafa öll verkstæði fyrirtækisins þann gæðastimpil að vera vottuð af Michelin sem tekur þau út árlega. Í þeirri úttekt er farið yfir alla verkferla, samskipti við viðskiptavini og tækjabúnað. Enda er það svo að það að keyra á Michelin er einnig ákveðinn gæðastimpill. „Michelin er að öðrum ólöstuðum þekktasta dekkjamerki heims. Þeir framleiða flesta hjólbarða í heiminum – fyrir utan LEGO auðvitað," segir hann og hlær.

„Fyrir utan Michelin erum við með Cooper, Kumho, WestLake og Mitas Taurus. Við erum að bjóða dekk í öll tæki og tól. Allt frá minnstu vélum og upp í stór landbúnaðartæki og vinnuvélar, hvort sem það eru hjólbörur, reiðhjól, vinnuvélar og í raun allt sem þar er á milli. Þar sem þarf dekk er bara einn staður til að koma á og það er N1."



Dagur Benónýsson, rekstrarstjóri þjónustuverkstæða N1.




## Árleg gæðanámskeið

N1 er með hjólbarðaþjónustu á níu verkstæðum af ellefu. Þau eru á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ, Akranesi og á Akureyri. Starfsmenn N1 hafa mjög víðtæka reynslu og þekkingu enda heldur fyrirtækið reglulega námskeið á vegum Michelin, Cooper, Tech og fleiri fagaðila í greininni. „Við höfum verið að fá þessa aðila hingað til að halda námskeið og gerum það árlega. Stundum þurfum við að senda starfsmenn út á námskeið en það er sjaldgæfara."

Dagur bendir á að dekk í dag séu mun betri en fyrir nokkrum árum. Þróunarvinnan sem sé unnin hjá þessum stóru aðilum sé þannig að dekkið í dag sem rúllar úr framleiðslulínunni sé mun betra en dekkið í gær. „Ef hugsað er til grips á vegum, vatnslosun og fleira þá eru þessir betri framleiðendur að skara fram úr. Michelin er þannig að það er ekkert fyrirtæki í hjólbarðageiranum sem leggur meira í þróun, enda er bíll á Michelin-dekkjum ákveðin gæðastimpill."

Þó að nú sé komið að ákveðnum hápunkti í því sem fylgir því að reka dekkjaverkstæði segir Dagur að það skipti ekki öllu máli hvað N1 geti skipt um mörg dekk á hverjum degi. „Við viljum gera hlutina vel og fyrir okkur skiptir það ekki öllu máli hvað við skiptum um mörg dekk á dag – heldur að gera hlutina vel."





Hjá N1 er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og hafa öll verkstæði fyrirtækisins þann gæðastimpil að vera vottuð af Michelin sem tekur þau út árlega.

> Þar sem þarf dekk er bara einn staður til að koma á og það er N1.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is



Mikið er að gera hjá Kletti þessa stundina og oft mikil læti og mikið fjör á dekkjaverkstæðinu þegar viðskiptavinir skipta um dekk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dekk er ekki það sama og dekk þó það sé svart




**Hjólbarðasvið Kletts býður upp á óendanlega möguleika þegar hjólbarðar eru annars vegar. Félagið hefur verið með umboð fyrir Goodyear dekkin síðan 1952, sem setur mörkin sem aðrir á markaðnum vilja fylgja.**




Klettur er með dekk undir allt frá litlum fólksbíl og upp í stærstu vörubíla og stærstu vinnuvélar og tæki.

> **Heilsársdekk eru sæmileg dekk við allar aðstæður en ekkert mikið meira. Það er miklu betra að vera á góðum sumardekkjum á sumrin og góðum á vetrardekkjum á veturna.**

Goodyear er það besta í dekkjum, viljum við meina. Það merki hefur komið mjög vel út hvað varðar lítið hljóð í dekkjunum. Þau þykja einstaklega hljóðlát og Goodyear hefur verið að leggja mikla áherslu á það fyrir utan öryggið auðvitað. Það er náttúrulega alltaf númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Geir Ómarsson, rekstrarstjóri hjólbarða hjá Kletti.

Félagið hefur verið umboðs-, sölu- og þjónustuaðili fyrir Goodyear hjólbarða frá árinu 1952 en það nýjasta frá fyrirtækinu eru dekk sem henta einstaklega vel fyrir rafmagnsbíla. Er nema von að það sé sagt að Goodyear setji mörkin sem aðrir á markaðnum vilja fylgja. „Með þessari rafbílavæðingu þá vill fólk ekki hafa dekkjahljóð þar sem bílarnir eru orðnir lágværir. Goodyear hefur nýlega komið með enn hljóðlátari dekk á markað sem kallast „SoundComfort“. Þá eru dekkin með sérstakri hljóðeinangrun inni í dekkjunum sem dempa veghljóð enn þá meira. Til eru sumardekk og vetrardekk í þeirri línu.“

Töluvert er að gera hjá Kletti þessa stundina og mikil læti og mikið fjör á dekkjaverkstæðinu. Geir segir að hann hvetji viðskiptavini Kletts til að fara frá heilsársdekkjunum og yfir í sumardekk. „Við mælum með, við okkar viðskiptavini, að þeir skipti og séu á sumardekkjum á sumrin. Þau hemla miklu betur heldur en heilsársdekk. Heilsársdekk eru sæmileg dekk við allar aðstæður en ekkert mikið meira. Það er miklu betra að vera á góðum sumardekkjum á sumrin og góðum vetrardekkjum á veturna, það hámarkar öryggi.

Við gerðum prófanir úti á Kvartmílubraut fyrir ekki svo löngu síðan. Þá vorum við með alveg eins bíla en á mismunandi dekkjum. Við fórum upp í 80 km/klst. og snögghemluðum og það munaði allt að 12 metrum á hemlunarvegalengdinni á sumar- og heilsársdekkjum. Það getur skipt sköpum þegar mest á reynir.

Þetta kom mér virkilega á óvart og hafði ég aldrei keyrt á öðru en á heilsársdekkjum en var fljótur að skipta yfir,“ segir Geir.

Hann segir að vorið sé ákaflega skemmtilegur tími enda sé ys og þys þegar skipt er um dekk. „Við erum eitt af þessum stóru fyrirtækjum í dekkjunum og núna er sannarlega komið að öðrum af hápunktum ársins – þegar viðskiptavinir koma til okkar að skipta yfir á sumardekk. Það eru yfirleitt mikil læti þegar þetta gengur yfir en jafnframt mikið fjör.“ Klettur er að hanna kerfi svo hægt sé að panta tíma á netinu og segir Geir að stefnan sé að það verði klárt fyrir næstu vertíð í haust.



Geir Ómarsson hjá Kletti.

## Eitt símtal og við sjáum um afganginn

Klettur er með dekkjahótel sem Geir segir að sé alltaf að verða vinsælla og vinsælla. „Þá getur fólk sloppið við að geyma dekkin í skúrnum hjá sér og geymt eitthvað annað en dekk þar inni. Það er mjög sniðug lausn að geyma dekkin sín og er dekkjahótelið alltaf að stækka hjá okkur. Í rauninni þarf að taka eitt símtal á okkur einu sinni og við sjáum um afganginn.“

Klettur býður upp á alhliða hjólbarðaþjónustu á dekkjaverkstæðum sínum, hvort sem það er í Klettagörðum 8-10, Hátúni 2a, Viðarhöfða 6 eða Suðurhrauni 2b í Garðabæ. Viðarhöfðinn er nýjasta verkstæðið en það stærsta er í Klettagörðum þar sem hægt er að fá dekk undir lítinn fólksbíl og upp í stærstu vörubíla og tæki.

„Heilsársdekk hafa verra grip en sumardekk við sumaraðstæður, sem kemur niður á hemlunarvegalengd, gripi í beygjum og svo framvegis. Einnig eyða sumardekk minna eldsneyti sem þýðir einnig lengra drægi þegar kemur að rafmagnsbílum. Við mælum með góðum vetrardekkjum og góðum sumardekkjum fyrst og fremst af öryggisástæðum.

Þótt dekk séu svört og rúlli er dekk ekki það sama og dekk. Það er betra að spara ekki um of í dekkjum. Það þarf að uppfylla viss gæði og hafa góða endingu. Ódýr dekk hafa yfirleitt meira viðnám, eru þyngri og eyða þar af leiðandi meira eldsneyti. Þegar allt kemur til alls þá er lítill sparnaður af því að velja ódýrasta kostinn.“

# Stærsti framleiðandi dekkja

**Þótt danski leikfangarisinn LEGO framleiði ekki hefðbundin dekk getur fyrirtækið þó státað af því að vera stærsti framleiðandi dekkja í heiminum. Daglega eru framleidd yfir 870 þúsund dekk í verksmiðjum fyrirtækisins, víða um heim.**

Þótt danski leikfangarisinn LEGO framleiði ekki hefðbundin dekk getur fyrirtækið þó státað af því að vera stærsti framleiðandi dekkja í heiminum. Árið 2012, sama ár og fyrirtækið fagnaði 50 ára afmæli LEGO-dekksins, hlaut það viðurkenningu frá Heimsmetabók Guinness sem stærsti framleiðandi dekkja í heiminum en árið 2012 framleiddi LEGO 318 milljónir dekkja. Samkvæmt Instagram-reikningi fyrirtækisins er framleiðslan núna 700 milljónir dekkja. Trúlega þarf Heimsmetabókin að fara að skella sér í nýja heimsókn til að staðfesta þá tölu.



Verksmiðjur LEGO framleiða dekk allan sólarhringinn, 365 daga ársins, enda hefur yfir helmingur leikfanga fyrirtækisins einhvers konar dekk. Áður en fyrsta LEGO-dekkið var framleitt og sett á markað árið 1962 voru hefðbundnir kubbar notaðir til að útbúa dekk. Fyrsta LEGO-dekkið tilheyrði leikfangasetti nr. 400 frá fyrirtækinu. Þar mátti meðal annars finna sjúkrabíl og slökkviliðsbíl. Fimm árum síðar var settið það söluhæsta hjá fyrirtækinu en þá seldust rúmlega 820 þúsund kassar á heimsvísu. Minnsta dekkið er 14,4 millimetrar og tilheyrir litlum tveggja sæta bíl. Stærsta dekkið er hins vegar 10,7 sentimetrar og er undir Power Puller tryllitækið.

**Stærstu dekkjaframleiðendurnir**

| | |
|---|---|
| LEGO | 318 milljónir |
| Bridgestone | 190 milljónir |
| Michelin | 184 milljónir |
| Goodyear | 181 milljón |



Þarna rúlla nú ansi mörg dekk í gegnum á hverjum einasta degi enda er það sannað í Heimsmetabók Guinness að LEGO sé stærsti dekkjaframleiðandi heims – og enn er verið að bæta í framleiðsluna. NORDICPHOTOS/GETTY



Brynjar Karl er þekktasti LEGP-smiður landsins en hann smíðaði Titanic – hvorki meira né minna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Fyrsta LEGO-dekkið var sett á markað árið 1962. NORDICPHOTOS/GETTY




Tæknilegó hefur fjögur dekk.



Dekkin koma í ýmsum útfærslum.



Þetta listaverk er úr LEGO-kubbum.



# 30 ára BÓNUS

## Bónus mælir með!

**Íslensk framleiðsla undir vörumerkjum Bónus**

**ÍSLENSKT**
Grísakjöt



**1.298** kr. kg

**Bónus Hamborgarhryggur**
Með beini




**1.298** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Kryddaðar




**1.298** kr. kg

**Bónus Grísahnakkasneiðar**
Kryddaðar, úrbeinaðar

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt




**1.198** kr. kg

**Bónus Lambalæri**
Kryddað, sérskorið

## Afgreiðslutími Bónus um páskana

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudagur | 17. apríl | kl. 10-20 |
| Skírdagur | 18. apríl | kl. 10-19 |
| Föstudagurinn langi | 19. apríl | Lokað |
| Laugardagur | 20. apríl | kl. 10-19 |
| Páskadagur | 21. apríl | Lokað |
| Annar í páskum | 22. apríl | kl. 11-18 |

Verð gildir til og með 22. apríl eða meðan birgðir endast

# Bónus mælir með!
## Íslensk framleiðsla á góðu verði í Bónus




**359** kr. pk.

**Bónus Vínarpylsur**
485 g, 10 stk.




**159** kr. 5 stk.

**Bónus Pylsubrauð**
5 stk.



BÓNUS
Pylsa+brauð
**68** kr/stk.*

* ef keyptar eru 10 Bónus vínarpylsur og 10 Bónus pylsubrauð




**1.598** kr. kg

**Kjarnafæði Lambalærissneiðar**
Sirloin, kryddað

30 ára BÓNUS

ÍSLENSKT gjörið svo vel

Matarmiklar súpur
**FULLELDAÐAR**
Aðeins að hita




1kg

**1.498** kr. 1 kg

**Íslensk Kjötsúpa,** 1 kg
**Ungversk Gúllassúpa,** 1 kg
**Mexíkósk Kjúklingasúpa,** 1 kg
**Baunasúpa og Saltkjöt,** 1 kg




500ml

AÐEINS AÐ HITA

**498** kr. 500 ml

**ÍS Piparostarjómasósa,** 500 ml
**ÍS Rjómasveppasósa,** 500 ml

Fullmeyrnað
**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt




**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Fillet




**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye



Verð gildir til og með **22. apríl** eða meðan birgðir endast


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÓDÝRARA
að krydda sjálfur
30 ára
BÓNUS
998
kr. kg
KS Lambalæri
Frosið
1.298
kr. kg
KS Lambalæri í sneiðum
Frosið
3.998
kr. kg
KS Lambafillet
Frosið
SAMA VERÐ
UM LAND ALLT
Ferskur
VEISLUFUGL
með fyllingu
1.098
kr. kg
Veislufugl
Með fyllingu, ferskur
259
kr. 150 g
Lambhagasalat
150 g
359
kr. 125 g
Lambhaga Bónusblanda
125 g
398
kr. 300 g
Bónus Fetaostur
2 tegundir, 300 g
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Smáratorgi: Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – Skeifunni og Garðatorgi: Alla daga; 10:00-19:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

30 ára BÓNUS

900g




959
kr. 900 g

**Macintosh Konfekt**
900 g




198
kr. 160 g

**Bónus Snakk**
160 g, 3 teg.





2L




98
kr. 2 l

**Bónus Kolsýrt Vatn**
2 lítrar, 2 teg.

2L




359
kr. 2 l

**Bónusís**
2 lítrar, 2 teg.




598
kr. 0,5 l

**Valdís**
0,5 l, 5 tegundir

NÝTT Í BÓNUS




75
kr. 330 ml

**Pepesi Max Lime**
330 ml

1L




98
kr. 1 l

**Pepsi**
1 lítri

4x1,5L




698
kr. 4x1,5 l

**Coca-Cola kippa**
4x1,5 lítrar



BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Smáratorgi:** Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni og Garðatorgi:** Alla daga; 10:00-19:00 – Verð gildir til og með **22. apríl** eða meðan birgðir endast.


BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna með einhverfu
ÞAÐ ER BARA BEST AÐ KYNNAST MÉR TIL AÐ SKILJA MIG BETUR
Heilsaðu upp á Maríu á blarapril.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja



Formúlu 1-bíll Spánverjans Carlos Sainz kemur á fullri ferð í gegnum beygju í Mónakó. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hvert dekk vegur aðeins níu kíló

**Dekk skipta höfuðmáli í Formúlu 1-kappakstrinum. Mikil þróunarvinna liggur að baki dekkjunum sem notuð eru. Miklar breytingar hafa verið gerðar á dekkjunum. Heimsmetið í dekkjaskiptum er undir tveimur sekúndum.**

Dekkin sem notuð eru í Formúlu 1-kappakstrinum eiga fátt skylt við venjuleg bíladekk. Á venjulegum dekkjum má aka allt að 80 þúsund kílómetra en Formúludekkin aftur á móti eru gerð til að endast hluta úr einni keppni. Þessi skammi endingartími kemur til af því ofboðslega álagi sem er á dekkjunum. Skipt er um dekk minnst einu sinni í hverri keppni. Reyndar var bannað að skipta um dekk árið 2005 og því þurfti sami dekkjagangurinn að endast alla keppnina eða um 300 kílómetra. Þessi regla var afturkölluð strax árið eftir og skipti þar mestu atvik sem upp kom í bandarísku Formúlukeppninni árið 2005. Þá lenti Ralf Schumacher, sem ók fyrir Toyota, í harkalegum árekstri í 13. beygju í Indianapolis-brautinni. Ástæðan var bilun í hægra afturdekki. Æðimörg vandamál komu upp tengd Michelin-dekkjum í keppninni. Að lokum voru aðeins sex keppendur eftir, allir ökumenn í liðum sem voru með Bridgestone-dekk.

> **Í hverri keppni eru tvær gerðir af sléttum dekkjum í boði, hörð dekk sem endast betur og gefa minna grip og mýkri dekk sem gefa meira grip en endast skemur.**

Nokkrir dekkjaframleiðendur hafa þróað og framleitt dekk fyrir Formúlu 1 í gegnum tíðina. Þetta eru Avon, Bridgestone, Continental, Dunlop, Englebert, Firestone, Goodyear og Michelin. Pirelli hefur frá árinu 2011 haft einkarétt á því að útvega dekk í keppnina. Dekkin sem notuð eru í Formúlunni í dag eru flest slétt. Hægt er að þekkja dekkin á litunum. Hypersoft eru bleik, Superhard eru appelsínugul og Hard eru ljósblá. Á þessu tímabili er Pirelli með fimm dekkjategundir og fækkaði þeim um tvær. Þá urðu litirnir skýrari svo hinn venjulegi aðdáandi gæti áttað sig á dekkjareglunum.

Á árunum 1998 til 2008 kröfðust reglur þess að minnst fjórar rásir væru í öllum dekkjum og var það gert til að hægja á bílunum. Þessari reglu var breytt árið 2009 þegar sléttu dekkin fóru undir bílana á ný. Í blautu veðri eru hins vegar notuð annars konar dekk með rásum sem kljúfa vatnið betur. Í miklu vatnsveðri hafa dekkin þó ekki við að kljúfa vatnið. Þá halda Formúlubílarnir ekki í við öryggisbílinn þar sem dekkin fljóta ofan á vatninu. Í slíkum tilfellum er keppni frestað. Í hverri keppni eru tvær gerðir af sléttum dekkjum í boði, hörð dekk sem endast betur og gefa minna grip og mýkri dekk sem gefa meira grip en endast skemur. Liðin verða að nota báðar týpurnar í keppninni. Þó er gerð undantekning ef notuð eru bleytudekk. Reglurnar kveða einnig á um að ökumenn sem komast áfram eftir tímatöku verði að byrja keppni á sömu dekkjum og voru notuð í hraðasta hringnum í tímatökunni.

## Skipt á mettíma

Dekkjaskipti í Formúlu 1 taka aðeins örfáar sekúndur. Felipe Massa hjá Williams fór í gegnum dekkjaskiptin árið 2016 á aðeins 1,92 sekúndum sem er magnað. Enda er myndbandið af dekkjaskiptunum nánast óraunverulegt.







## Nokkrar staðreyndir um Pirelli-Formúludekkin:

- Bleytudekkin geta tvístrað meira en 60 lítrum af vatni á sekúndu þegar ekið er á 300 km hraða á klukkustund.
- Öll Formúludekkin eru búin til í verksmiðju Pirelli í Izmit í Tyrklandi.
- Í hverri keppni er Pirelli með 60 starfsmenn, þar af einn verkfræðing fyrir hvert lið.
- Hvert framhjól vegur um níu kíló. Afturhjólin eru eilítið þyngri.
- Dekkin virka best við um 90 gráðu hita.




SONAX®
MADE IN GERMANY
HALTU FELGUNUM
SKÍNANDI HREINUM
MEÐ SONAX XTREME FELGUHREINSI
ENDURBÆTT
EFNABLANDA
SONAX
XTREME
FELGU-
HREINSIR
FELGURNAR Á BÍLNUM ÞÍNUM EIGA
AÐEINS SKILIÐ ÞAÐ BESTA!
✔ Öflugur sýrufrír hreinsir fyrir allar tegundir felga
✔ Fjarlægir erfið óhreinindi á einfaldan og fljótlegan hátt
✔ Úðið á, leyfið að virka, skolið af
www.sonax.is
XTREME

# Goodyear kynnir hugmyndir að flugdekki

Dekkjaframleiðandinn Goodyear hefur kynnt hugmynd að dekkinu Aero sem verður sannkallað dekk framtíðarinnar. Dekkið á að fara undir fljúgandi bíla framtíðarinnar og virka sem vegdekk þegar bíllinn keyrir á veginum en einnig sem skrúfa ef bíllinn á að fara á loft.

Miðað við kynningarmyndband Goodyear er dekkið líkast þyrluskrúfu á dróna. Dekkið á að vera nógu sveigjanlegt til að þola þyngd bílsins á vegum úti en einnig nógu létt en samt nógu sterkt til að þola að snúast á ógnarhraða til að geta lyft bílnum frá jörðu.

> Dekkið er auðvitað enn á hugmyndastigi því bíllinn sem það á að styðja er varla orðin hugmynd.

Dekkið er auðvitað enn á hugmyndastigi því bíllinn sem það á að styðja er varla orðin hugmynd. Chris Helsel, hjá Goodyear, sagði að sífellt fleiri væru að skoða fararskjóta framtíðarinnar og horfðu til himins í þeim efnum. Goodyear vildi taka þátt í þeim umræðum.



## Saga dekksins



Fyrirrennarar dekkjanna voru tréhjól sem umlukin voru járnhring og síðar stálhring. Slík „dekk“ voru notuð undir kerrur og vagna. Járnræmur voru þá hitaðar í eldi, settar utan á hjólið og kældar. Þannig dróst járnið saman og festist tryggilega við hjólið.

Vagnasmiður sá um þessa smíði. Fyrsta loftfyllta dekkið var búið til af uppfinningamanninum John Boyd Dunlop árið 1887. Hann starfaði sem dýralæknir í Belfast og ákvað að finna lausn á vanda sonar síns sem fékk alltaf mikinn höfuðverk þegar hann hjólaði á hörðum götum. Reyndar var einkaleyfi Dunlop lýst ógilt þar sem Skotinn Robert William Thomson átti svipaða hugmynd aðeins fyrr.

Önnur merkileg tímamót í sögu dekksins voru þegar Charles Goodyear og Robert William Thomson uppgötvuðu gúmmísuðu. Gervigúmmí var síðan fundið upp í rannsóknarstofum Bayer á þriðja áratugnum.



## Hjólbarðaskipti

**Aðferð:**

- Setjið bílinn í gír, handhemilinn á og steina við dekk, ef þörf krefur.
- Setjið viðvörunarþríhyrning 50 til 100 metrum fyrir aftan bílinn.
- Takið hjólkoppinn af og losið um allar felgur, en takið þær ekki af.
- Náið í varahjólbarðann og tjakk. Stillið tjakkinn af undir bílnum. Upplýsingar um hvar hann er og hvar á að setja hann undir eru í eigendahandbók bílsins.
- Tjakkið bílinn upp þar til hjólbarðinn sem skipta á um er í lausu lofti.
- Skrúfið felguræт af og takið sprungna hjólbarðann undan.
- Setjið varahjólbarðann undir og skrúfið rærnar að. Sú hlið róarinnar sem er með úrtakinu (kóníska hliðin) á að snúa að hjólbarðanum (felgunni). Herðið rær á misvíxl, þannig að felgan sitji rétt á.
- Slakið bílnum niður, takið tjakkinn undan og herðið allar rærnar aftur. Setjið hjólkoppinn á. **Heimild: Umferðarstofa**




## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

**Traust og fagleg starfsmannaveita**
sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

**Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins**

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000
info@handafl.is | **handafl.is**

**FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS**
S. 517 3500 • Síðumúla 31 • 108 RVK • atveignir.is

atv
FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

# Dvergshöfði 27, Rvk.



**Öll húseignin að Dvergshöfða 27, 110 Reykjavík, er til sölu eða leigu samtals 2.377,5 fm á tveimur hæðum og stendur á 2.275 fm lóð. Lofthæð 3,2 - 3,9 mtr., 9 innkeyrslubil. Mögulegur 1.000 fm viðbygginarréttur ofaná núverandi hús. Áberandi og sýnileg staðsetning.**

Björgvin Óskarsson lg. leigumiðlari, s. 773-4500 | Óskar Mikaelsson lg. fasteignasali, s. 773-4700



# bæinn

í miðborginni er lýsandi fyrir það. Fólk sækir í miðbæinn og því hefur það hækkað verulega.

Það hefur skort góðan miðbæjarkjarna sem styður vel við svæðið í kring. Laugavegurinn hefur því miður ekki leikið það hlutverk lengi.

Í miðbæinn vantar skemmtilegan áfangastað í verslun sem dregur fólk að. Til þess þarf þyrpingu af sambærilegum búðum. Í Smáralind getur fólk litið í þrjár sambærilegar verslanir sem eru nálægt hver annarri en það er ekki alltaf raunin á Laugaveginum.

Það hefur auk þess vantað atvinnuhúsnæði sem mætir kröfum alþjóðlegra fatakeðja. Fasteignir við Laugaveg henta þeim ekki. Gæðin eru ekki nógu mikil. Viðskiptavinir þurfa oft að ganga upp tröppur eða rampa og aðgengi fyrir vörusendingar stenst ekki kröfur verslanakeðjanna.

Til að skapa þennan kjarna þarf verulegan massa, hér verða 12 þúsund verslunarfermetrar og það er algert lágmark ef okkur á að takast ætlunarverk okkar. Til samanburðar er Smáralind 62 þúsund fermetrar og Kringlan 50 þúsund fermetrar.

**Í ljósi þessa háa verðs hefur fasteignafélagið keypt lítið af eignum í miðbænum á undanförnum árum.**

Til viðbótar höfum við upp á að bjóða 1.100 bílastæði á Hafnartorgi í kjallara til að styðja við gestagang um verslanirnar. Það skiptir sköpum. Laugavegurinn mun einnig njóta góðs af þeim.“

*Hvað verða margar verslanir á svæðinu og hverjar hafa þegar samið um að opna?*

„Verslunarrýmin verða 15 til 17. Það fer eftir því hvernig skipulagi þeirra verður háttað. Við einblínum á að fá öflug vörumerki á svæðið til að skapa skemmtilega og líflega heild.

H&M og H&M Home hafa þegar verið opnaðar. Það styttist í komu COS sem selur vandaðar flíkur og er í eigu H&M. Fyrirtækið sem rekur Herragarðinn og Boss-búðina hefur opnað verslunina Collections sem selur Boss, Polo, Sand og Emporio Armani. NTC mun opna GK Reykjavík og selja meðal annars Filippa K og Samsöe & Samsöe.

Michelsen mun opna verslun og selja Rolex og fleiri vönduð úr. Optical Studio mun opna verslun og selja gleraugu frá mörgum þekktustu merkjum heims eins og Burberry, Dolce & Gabbana, Gucci, Prada og Versace.

Auk þess höfum við tekið frá þrjú rými fyrir Gucci, Louis Vuitton og Prada. Við höfum átt í viðræðum við merkin í tvö ár og fulltrúar þeirra hafa heimsótt okkur þrisvar. Merkin vildu spyrða sig saman í þessum samningum. Við höfum náð saman um staðsetningu, verð og umfang en það á eftir að skrifa undir samninga. Við teljum að forsvarsmenn merkjanna vilji sjá hvernig Hafnartorgið lítur út þegar það verður tilbúið en lokafrágangur er eftir. Við getum tekið á móti þeim með skömmum fyrirvara.“

**Mest vaxandi merkin**

*Hvers vegna vilja þessar erlendu keðjur koma til Íslands?*

„Öll þessi merki, hvort sem litið er til H&M eða Gucci, eru í hópi þeirra sem eru mest vaxandi í heiminum. Þau sækja í markaðinn sem hér er.

Ísland er vinsælt um þessar mundir og landið hefur yfir sér áru munaðar. Merkin vilja staðsetja sig á slíkum stöðum. Kínverjum sem heimsækja landið hefur aukinheldur fjölgað umtalsvert. Það er markhópur með mikinn kaupmátt. Fulltrúar dýru merkjanna horfa til þeirra og vilja fá greiningu á þróun þeirra í ferðamannastraumnum.

Þessi dýru merki höfða orðið meira til yngri kynslóðarinnar en áður og því er markhópurinn orðinn stærri en fyrir fáeinum árum.

Það skiptir ekki síður máli að loksins er hægt að bjóða verslunarrými sem er þeim samboðið og verslunarmenn þurfa ekki að óttast að verslun verði opnuð við hliðina á þeirra verslun sem sé ekki í takti við þeirra áherslur.“

*Eruð þið að sjúga verslanir af Laugaveginum og á Hafnartorgið? Ég nefni það því Michelsen var í áratugi við götuna og GK Reykjavík var við Skólavörðustíg og áður á Laugavegi.*

„Óhjákvæmilega ákveða verslunareigendur í einhverjum tilfellum að færa sig um set. En það verður ekki fram hjá því litið að við erum að fá mikið af nýjum og öflugum verslunum á Hafnartorg. Þekktar, öflugar verslanir hafa slíkt aðdráttarafl að aðrar verslanir vilja vera í nágrenni við þær.

Við höfum árið 2014 að reyna að fá H&M til að opna verslanir hér á landi. Margir höfðu reynt það áður en engum tekist. Okkur tókst það vegna þess að við beittum nýjum aðferðum; við seldum Ísland en ekki útleigu í Smáralind. Lykillinn að því að fá H&M hingað til lands var að sýna þeim staðsetninguna í miðbænum. Í öllum borgum er H&M í miðbæ og því skipti það fatakeðjuna máli að vera á Hafnartorginu. Fulltrúum H&M þótti ekki nóg að opna í Smáralind og Kringlunni.

Með tilkomu Hafnartorgsins mun Laugavegurinn ekki deyja sem göngugata heldur þvert á móti munu verslanir þar taka breytingum og njóta góðs af þeim fjölda sem nýr verslunarkjarni mun laða til sín. Við trúum því að Laugavegurinn muni ganga í endurnýjun lífdaganna, hann mun lifna við þegar Hafnartorgið verður fullmótað.“

**Raðað eftir hugmyndafræði**

*Hversu mikilvægt er fyrir Hafnartorgið að fá erlendar keðjur í samstarf?*

„Afar mikilvægt, enda erum við að skipuleggja verkefni sem mun vera til staðar í áratugi. Ef við hugsuðum til skemmri tíma hefðum við getað náð mun hærri arðsemi á næstu fjórum árum með því að leigja til lundaverslana.

Það sem skiptir sköpum fyrir svæði sem þetta er að eignarhaldið er á einni hendi. Við höfum fulla stjórn á því hvaða verslanir raðast saman á svæðinu. Það er raðið inn eftir fyrir fram ákveðinni hugmyndafræði.

Eins ég sagði: Við erum að skapa áfangastað í huga fólks. Það er lykillinn að því að koma á fót áhugaverðu svæði til lengri tíma.

Það verður líka að viðurkennast að til lengri tíma litið geta erlendu keðjurnar staðið straum af hærri leigu en margir aðrir leigutakar.“

*Hvaða veitingastaðir verða opnaðir á Hafnartorgi?*

„Joe & The Juice verður opnuð við torgið þar sem pylsuvagninn Bæjarins bestu er. Það er ráðgert að hafa veitingarými á horni sem snýr að höfninni en fyrir ári var ákveðið að bíða með að leigja öðrum veitingastöðum í ljósi þess að veitingamenn hafa glímt við erfiðleika í rekstri að undanförnu.

Hluti af skýringunni á því hve veitingamönnum hefur gengið erfiðlega er að þeir hafa oft og tíðum fjárfest of mikið í rekstrinum.

Við munum skoða málið á nýjan leik í haust. Það kann að vera að við skiptum veitingarýminu upp til að rúma fleiri smærri veitingastaði. Minni staðir hafa gengið ágætlega í rekstri að undanförnu.“

**Veljum viðskiptavini**

*Hvernig hefur gengið að leigja út rýmin?*

„Það hefur gengið vel. Varan er þess eðlis að við bjóðum hana ekki til sölu, eins og hefðbundið er, heldur veljum inn viðskiptavini til að skapa heildarupplifun. Við höfum leigt út 80 prósent af rýmunum. Við höfum tekið frá þrjú rými fyrir verslanir sem að okkar mati passa vel inn í heildina og þegar niðurstaða er komin í þau mál munum við ganga frá útleigu á því sem eftir stendur.

Sama staða var uppi í Smáralind. Það getur tekið nokkur ár að fylla einingar sem þessar svo vel sé gert.“

*Var ekki talað um að Hafnartorgið yrði tilbúið í vor?*

„Jú, það er tilbúið. H&M var opnuð fyrir nokkru og nú hefst önnur lota af opnunum sem standa mun fram á haust. Þótt einu og einu rými sé haldið opnu breytir það ekki heildarmyndinni og svæðið er tilbúið.

Það er okkar val að rýmin hafa ekki verið leigð út. Vörumerkin sem við höfum augastað á eru ekki reiðubúin til að stíga skrefið. Við sýnum því skilning, tökum rýmin frá á meðan fulltrúar þeirra hugsa sinn gang og við einfaldlega bíðum.

Það er okkar val hve lengi við bíðum og jafnvel þótt við fáum einhver önnur merki inn í rýmin breytir það ekki heildarmyndinni á svæðinu. Hafnartorg stendur ekki og fellur með Gucci, Louis Vuitton og Prada. Við fáum þá bara einhver önnur spennandi merki inn. Heildarsýnin er skýr, við vitum hvernig svæðið á að líta út.“

**Biðin er þess virði**

*Er ekki dýrt að halda rýmunum auðum og bíða eftir svörum frá merkjunum?*

„Jú, en fyrir heildarmyndina eru fólgin meiri verðmæti í því að bíða eftir réttu leigutökunum. Við höfum haft sama háttinn á í Smáralind. Þar var beðið með tvö rými í eitt og hálft ár sem telja 1.500 fermetra. Nú eru Monki og Weekday að opna verslanir í rýmunum. Biðin kostar umtalsvert fé en við höfum bolmagn til þess og biðin var vel þess virði.“

*Hvers vegna er hugmyndin að laða til landsins þessi allra dýrustu merki, eins og Gucci?*

„Verslunarplássið sem hugsað er fyrir þau er lítill hluti af heildinni. Þessi merki eru að vaxa hvað hraðast alþjóðlega, eins og ég hef áður komið inn á, og ef við berum okkur saman við nágrannalöndin er salan langsamlega minnst hér enda voru vörurnar illfáanlegar.

Þarna er tækifæri á markaðnum, fólk sækir í vörurnar erlendis. Auk þess geta merkin greitt hærri leigu en gengur og gerist.“

*Hvernig eru leigusamningarnir? Eru þeir tölvuert undir markaðsleigu?*

„Samningarnir eru um þessar mundir tölvuert undir markaðsleigu. Þeir eru settir þannig saman að það er grunnverð og stefnt er á að eftir nokkur ár verði leigan komin í ákveðna fjárhæð. Leigutakarnir þurfa að fá tíma til að byggja upp verslanirnar enda er svæðið ekki fullmótað. Þess vegna er leiguverði stillt í hóf og yfirleitt tengt veltu en þó mismikið. Til að byrja með er fermetraverðið örugglega helmingur á við góð bil á Laugaveginum.

Erlendis tíðkast það að stórar verslunarkeðjur semji um að leiguverð sé tengt veltu. Þar með sameinast leigusali og verslunarrekandi um áhættuna sem tekin er. Ef það gengur illa lækkar leigan, ef það gengur vel þá hækkar hún.

Leigusamningarnir eru frá tíu árum til 25 sem þykir hefðbundið. Í ljósi þess hve samningarnir eru til langs tíma erum við í þeirri aðstöðu að mun skynsamlegra er að bíða eftir rétta leigutakanum í stað þess að stökkva á samning við hvaða verslun sem er. Hér er ekki tjaldað til einnar nætur.“

**Ekki tala götuna niður**

*Hvað þarf til að efla Laugaveginn sem verslunargötu?*

„Verslunareigendur þurfa að samræma opnunartíma. Það dregur úr vilja viðskiptavina til að versla á Laugaveginum þegar sumar verslanir eru opnaðar seinna og öðrum er lokað fyrr. Viðskiptavinir vilja ganga að þjónustunni vísri.

Verslunareigendur þurfa enn fremur að vera samstíga í markaðssetningu á svæðinu og hætta að tala Laugaveginn niður. Það er gert of mikið af því. Það er fjöldi af vannýttum bílastæðahúsum í miðborginni. Það er ekki hægt að gera þá kröfu að viðskiptavinir geti lagt fyrir utan hverja búð. Það er einfaldlega ekki nægur fjöldi af bílastæðum fyrir utan verslunina fyrir alla þá viðskiptavini sem þarf til að reka blómlega verslun.

Megnið af verslunareigendum er samstíga um það og þeir horfa til framtíðar. Borgin hlustar á þær raddir og tekur tillit til þeirra. Það ríkir gott samstarf manna á milli.“

**Það hefur auk þess vantað atvinnuhúsnæði sem mætir kröfum alþjóðlegra fatakeðja.**



Reginn hefur leigt út 80 prósent af verslunar- og veitingarýmum sem fyrirtækið á við Hafnartorg.

## Götur Hafnartorgsins eru einkalóð

Helgi segir að unnið sé náið með Reykjavíkurborg og miðborgarsamtökum um að koma ýmsu í betri farveg sem skapað hefur misklíð. „Atvinnurekendur og borgin hafa ekki verið sammála um hvernig haga skuli þáttum eins og vörulosun og lestun í miðbænum. Sömu sögu er að segja af sorphirðu.

Götur Hafnartorgsins eru á einkalóð, þær eru í okkar eigu, og við getum því sett skýrar reglur. Við höfum sama háttinn á og í Smáralind. Það verður einungis hægt að fá vörur afhentar á ákveðnum tímum. Í miðbænum hefur ekki náðst almenn sátt um vörulosun. Vertar geta því fengið afhentan bjór um leið og hann klárast, sama klukkan hvað það er á hefðbundnum vinnutíma.

Í Smáralind mega flutningabílar ekki koma á háannatíma og afhenda vörur. Það skapar ekki góða upplifun fyrir viðskiptavini.

Verslunareigendur í miðbænum hafa kvartað yfir sorphirðu. Í ljósi þess að þetta er einkalóð er það á okkar ábyrgð að halda svæðinu hreinu og snyrtilegu. Við munum leggja okkur fram hvað það varðar og vera góð fyrirmynd. Vonandi mun það hafa góð áhrif á önnur svæði í miðborginni.

Einnig munum við leita leiða til að afla tekna af götunum. Það getum við til dæmis gert með því að leigja út sölubása á hátíðardögum eins og Menningarnótt og 17. júní.“

# Íslensk reglubyrði sú þyngsta innan OECD



**Ásta Sigríður Fjeldsted**
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



Íslenska hagkerfið er það hagkerfi innan OECD sem býr við mestar reglubyrðar í þjónustugreinum. Þetta kom fram í máli Ania Thiemann, verkefnisstjóra samkeppnismats OECD á fundi ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur í gærmorgun, þriðjudag. Íslenskt viðskiptalíf hefur lengi bent á að pottur sé víða brotinn í opinberu eftirlitsumhverfi. Kallað hefur verið eftir einföldun á regluverki og eftirliti þar sem óhagræði og kostnaður, bæði beinn og óbeinn, hlýst af núgildandi kerfi.

Skipun ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur er því kærkomin. Markmið nefndarinnar, eins og því er lýst í lögum, er að vinna að því að auka hagkvæmni og skilvirkni í opinberu eftirliti með það fyrir augum að opinbert eftirlit nái markmiðum sínum um velferð, öryggi, heilbrigði og eðlilega viðskiptahætti en íþyngi einstaklingum og fyrirtækjum eins lítið og kostur er og að eftirlit stjórnvalda leiði ekki til mismununar eða takmarki athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist.

Sérlega mikilvægu verkefni ráðgjafarnefndarinnar var ýtt úr vör í byrjun þessa árs þegar hún lagði fyrir könnun meðal íslenskra fyrirtækja um viðhorf stjórnenda til opinbers eftirlits og eftirlitsmenningar á Íslandi – en slík könnun hefur ekki áður verið framkvæmd hér á landi. Óskandi er að slík stöðutaka verði gerð árlega héðan í frá til þess að stofnanirnar geti fylgst með viðhorfum í íslensku viðskiptalífi til þeirra starfs og komið til móts við gagnrýni eins og kostur er.

### Niðurstöður könnunarinnar

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á áðurnefndum fundi. Þar kom m.a. fram að fyrirtæki eru oft ósátt við hversu mikill tími fer í skriffinnsku og pappírsvinnu, jafnvel sömu pappírsvinnunnar til mismunandi aðila og að of lítið sé um rafræna stjórnsýslu. Aftur á móti þykja eftirlitsheimsóknir lítt til vandræða.

Af mati á 16 mismunandi eftirlitsstofnunum kom Samkeppniseftirlitið hvað verst út og þar á eftir Fjármálaeftirlitið. Þá er sama hvort litið er til þátta er lúta að viðhorfi, trausti eða skilvirkni – svörin endurspegla skýrt neikvæða stöðu þessara eftirlitsstofnana í huga stjórnenda íslenskra fyrirtækja, samanborið við aðrar.

> **Þótt starfsemi opinberra eftirlitsaðila sé nauðsynleg þá er það staðreynd að sköpun verðmæta á sér stað í fyrirtækjum en ekki eftirlitsstofnunum.**

Velta má því upp hvort áherslur þessara stofnana hafi hér áhrif en það er áhyggjuefni að niðurstöður könnunarinnar styðja þau langlífu sjónarmið að skortur sé á trausti og samvinnu milli ákveðinna eftirlitsstofnana og íslenskra fyrirtækja. Nefna má að stjórnendur 70% fyrirtækja sem tóku afstöðu töldu leiðbeinandi hlutverki Samkeppniseftirlitsins ábótavant. Skortur væri á leiðbeiningum til að auðvelda fyrirtæki þeirra að takast á við lagalega óvissu og afstýra brotum á reglum.

Þessi skortur á leiðbeiningum var m.a. ástæða þess að samtök á borð við Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Lögmannafélag Íslands sáu sér ekki annað fært en að gefa sjálf út á síðasta ári leiðbeiningar í samkeppnisrétti til að auðvelda starfsmönnum og stjórnendum fyrirtækja að glöggva sig á þeim reglum sem gilda um fyrirtæki og varða samkeppni.

Þótt starfsemi opinberra eftirlitsaðila sé nauðsynleg þá er það staðreynd að sköpun verðmæta á sér stað í fyrirtækjum en ekki eftirlitsstofnunum. Það er því mikilvægt að að gæta þess að opinbert regluverk um viðskiptalífið hamli ekki eðlilegri starfsemi og vexti fyrirtækja með því að vera meira íþyngjandi en nauðsynlegt er. Slíkt er kostnaðarsamt fyrir samfélagið og dregur úr hagkvæmni íslenskra fyrirtækja – ekki síst alþjóðlegri samkeppnishæfni.

### Tillögur til úrbóta í lífskjarasamningunum

Þessu virðist ríkisstjórnin hafa áttað sig á en í aðgerðaplani hennar til stuðnings lífskjarasamningunum er að finna tillögur til úrbóta á grunni niðurstaðna fyrrgreindrar könnunnar ásamt þremur öðrum atriðum sem lúta að umbótum í opinberu eftirliti; endurskoðun á samkeppnislögum, samkeppnismati OECD á regluverki ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi, ásamt því að ráðgjafarnefndin ljúki samantekt á yfirliti yfir lagaákvæði sem eru íþyngjandi fyrir atvinnustarfsemi, og geri tillögur að úrbótum.

Með þessu eru mikilvæg skref tekin í átt að öflugra og heilbrigðara atvinnulífi á Íslandi. Takist vel til mun Ísland færast nær því að skipa sér í fremstu röð í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi með því að skapa kjöraðstæður til fyrirtækjareksturs.

# Endurskoða þarf regluverk um lífeyrissparnað



**Ólafur Páll Gunnarsson**
framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins

Fyrir réttum tuttugu árum var lagður grunnur að nýju formi lífeyrissparnaðar hér á landi sem ýmist hefur verið nefnt séreignarsparnaður eða viðbótarlífeyrissparnaður. Ráðstafa má iðgjaldi til lífeyrissparnaðarins ýmist með samningi um fjárvörslu við lífeyrissjóði eða banka (hefðbundinn viðbótarlífeyrissparnaður) eða með kaupum á lífeyristryggingu hjá tryggingafélagi. Umboðsaðilar tveggja erlendra tryggingafélaga, sem bjóða upp á lífeyristryggingar, starfa hér á landi (Allianz og Bayern).

Við markaðssetningu og kynningu á viðbótarlífeyrissparnaði virðist oft lítill greinarmunur gerður á hefðbundnum viðbótarlífeyrissparnaði og lífeyristryggingum. Þegar betur er að gáð eiga þessi tvö sparnaðarform hins vegar fátt sameiginlegt. Þá virðast fjölmargir neytendur ekki nægjanlega upplýstir um eðli lífeyristrygginga og þær skuldbindingar sem samningar um þær fela í sér. Það má ef til vill rekja til ófullnægjandi reglna sem söluaðilar lífeyristrygginga starfa eftir. Hér á eftir er fjallað um nokkur atriði sem skilja þessi sparnaðarform að.

### Samanburður

**Hefðbundinn viðbótarlífeyrissparnaður**

- Samningar ótímabundnir og uppsegjanlegir að kröfu rétthafa. Engin binding.
- Hægt er að taka inneign út í heild við 60 ára aldur án skerðinga.
- Flytja má inneign á milli vörsluaðila með litlum eða engum tilkostnaði.
- Sparnaðurinn, þar með talin ávöxtun, erfist að fullu við fráfall rétthafa.
- Inneign skerðist ekki þótt greiðslur falli niður í lengri eða skemmri tíma.
- Engin upphafsþóknun.
- Nýta má sparnaðinn skattfrjálst við kaup á fyrstu íbúð í 10 ár.
- Starfsemi innlendra lífeyrissjóða og banka lýtur eftirliti FME.

**Lífeyristryggingar**

- Samningurinn er tryggingarsamningur og felur í sér langtímaskuldbindingu til áratuga.
- Ekki hægt að taka út inneign við 60 ára aldur í heild án skerðinga.
- Rétthafi tekur á sig mikil afföll við flutning til annarra vörsluaðila.
- Mikil skerðing á inneign við fráfall rétthafa.
- Réttindi tapast ef greiðslur falla niður í lengri tíma, t.d. vegna atvinnuleysis eða náms.
- Á fyrstu 5 árum samningstímans fara um 25% af iðgjaldi rétthafa í þóknun.
- Ekki er hægt að nýta sparnaðinn skattfrjálst við kaup á fyrstu íbúð.
- Starfsemi söluumboða fellur ekki undir eftirlit af hálfu FME.

### Mjög misjafnt eftirlit

Íslenskir lífeyrissjóðir og bankar lúta virku eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Virkt eftirlit tekur til hæfismats stjórnar og stjórnenda, skila ársreikninga, reglulegrar skýrslugjafar, meðal annars um iðgjöld og fjárfestingar, skila á fjárfestingar- og áhættustefnum, starfa áhættustjóra, innra eftirlits og stjórnarhátta, svo eitthvað sé nefnt.

Starfsemi söluumboða erlendra lífeyristrygginga fellur ekki undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins hér á landi, heldur lýtur hún eftirliti fjármálaeftirlits heimaríkis, þ.e. þess ríkis þar sem viðkomandi fyrirtæki er skráð. Vísbendingar eru um að mun minna eftirlit sé með daglegri starfsemi söluumboðanna hér á landi, svo sem varðandi stjórnarhætti, markaðssetningu, upplýsingagjöf og útreikning og framsetningu á ávöxtun lífeyristrygginga. Margt bendir til þess að fjarlægð eftirlitsaðilans og takmarkað regluverk um starfsemi söluumboðanna grafi undan neytendavernd á íslenskum markaði með lífeyrissparnað og að eftirlitið sé í raun í skötulíki.

### Hvað rennur til erfingja?

Einn kostur þess að greiða í hefðbundinn viðbótarlífeyrissparnað er að inneign rétthafans erfist og rennur óskert til erfingja. Þannig er enginn greinarmunur gerður á því hvort inneignin rennur til sjóðfélagans sjálfs eða erfingja hans eftir fráfall sjóðfélagans. Í lífeyristryggingasamningum Allianz er reyndin önnur, en samvæmt þeim er endurgreiðsla við andlát aðeins örlítið hærri en greidd iðgjöld allan samningstímann.

### Mikill hagnaður af sölu lífeyristrygginga

Háar þóknanir vegna lífeyristrygginga endurspeglast í miklum hagnaði af rekstri söluumboða hér á landi. Þannig námu rekstrartekjur Allianz Ísland á árinu 2016 um 1,2 milljörðum króna. Sama ár voru móttekin iðgjöld 6,5 milljarðar. Hreinn hagnaður af starfseminni árið 2016 nam 480 milljónum króna. Samanlagður hagnaður félagsins á árunum 2015 til 2017 nam 1,4 milljörðum króna. Arður af starfsemi Allianz Ísland rennur til Íslandsbanka hf. sem er eini eigandi félagsins. Félagið er því að fullu í eigu íslenska ríkisins.

### Bjóða upp á sparnað í erlendri mynt

Sölumenn erlendra lífeyristrygginga hafa náð töluverðum árangri við sölu lífeyristrygginga á liðnum árum. Að hluta til má rekja árangurinn til þess að margir kjósa að leggja lífeyrissparnað í erlenda sjóði, meðal annars í þeim tilgangi að dreifa áhættu. Eftir afnám fjármagnshafta geta íslenskir lífeyrissjóðir og bankar hins vegar einnig boðið upp á ávöxtunarleiðir sem eru að hluta eða öllu leyti í erlendum gjaldeyri.

### Tryggja þarf rétt neytenda

Yfir 100 þúsund einstaklingar hér á landi eiga lífeyrissparnað (hefðbundinn viðbótarlífeyrissparnað og lífeyristryggingar). Bein eign í þessum sparnaði nemur yfir 500 milljörðum króna. Til samanburðar þá eiga um 20 þúsund einstaklingar skráð verðbréf í kauphöll fyrir um 100 milljarða króna. Á síðustu árum hafa stór skref verið stigin við innleiðingu nýs regluverks á sviði verðbréfaviðskipta (MiFID I og II) með það að markmiði að tryggja réttindi verðbréfaeigenda. Ekkert sambærilegt samræmt regluverk nær yfir lífeyrissparnað sem boðið er upp á hér á landi. Til að tryggja rétt neytenda þarf að endurskoða regluverk um lífeyrissparnað og sjá til þess að öll sparnaðarform sem kynnt eru undir merkjum viðbótarlífeyrissparnaðar lúti sömu reglum og sambærilegu eftirliti.

# Konur verði sýnilegri í sjávarútvegi

## Svipmynd
**Agnes Guðmundsdóttir**

**Nám:**
BBA í Strategic Design & Management frá Parsons School of Design.
**Störf:**
Markaðsstjóri Icelandic Asia en er nú í fæðingarorlofi með nýfæddri dóttur minni. Ég er einnig formaður Félags kvenna í sjávarútvegi.
**Fjölskylduhagir:**
Ég er í sambúð með Lárusi Kazmi og eigum við dótturina Aþenu Lárusdóttur, 6 mánaða.


Agnes segir að markmið félagsins sé að efla konur í sjávarútvegi og gera þær sýnilegri innan jafnt sem utan atvinnugreinarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Agnes Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Icelandic Asia, tók við formennsku Félags kvenna í sjávarútvegi á síðasta ári. Hún segist viss um að með fleiri konum í sjávarútvegi geti áherslan og umræðan um atvinnugreinina breyst.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Núna fer hún algjörlega eftir yngsta fjölskyldumeðlimnum og hvenær hún vaknar en oftast vöknum við um áttaleytið og fáum okkur hafragraut áður en við skellum okkur í ræktina. Áður en Aþena kom í heiminn var ég vön að fara á æfingu klukkan 6.30 fyrir vinnu en nú hefur þetta færst til 9.30 í fæðingarorlofinu. Það er alltaf gott að byrja daginn á hreyfingu til að koma sér í gang.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég er mikil félagsvera og finnst ekkert skemmtilegra en að fá fjölskyldu og vini í heimsókn í gott matarboð. Einnig eru ferðalög bæði hér heima og erlendis í miklu uppáhaldi. Líkamsrækt og útivera er stunduð af kappi á heimilinu og er reynt að taka þátt í flestum skemmtihlaupum sem eru í boði á sumrin.

*Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?*

Áherslurnar seinustu mánuði hafa aðeins breyst en á náttborðinu okkar núna er ekkert nema uppeldis- og ungbarnabækur. En ég var að klára bókina Samskipti foreldra og barna eftir dr. Thomas Gordon og næst á dagskrá er Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? eftir Ebbu Guðnýju Guðmundsdóttur.

### Höfum góða sögu að segja

*Hver eru sóknartækifærin fyrir íslenskan sjávarútveg í Asíu?*

Það er mikið um nýjar og breyttar þarfir í Asíu og hefur matvælaöryggi verið tölvert í umræðunni

> **Það er mikið um nýjar og breyttar þarfir í Asíu og hefur matvælaöryggi verið töluvert í umræðunni ásamt því að matarvenjur fólks eru að færast nær skyndilausnum og minni fjölskyldueiningum.**

þar ásamt því að matarvenjur fólks eru að færast nær skyndilausnum og minni fjölskyldueiningum. Markmiðin okkar eru að komast nær neytandanum í Asíu og upplýsa hann um okkar vörur og þá kosti sem íslenskur fiskur hefur upp á að bjóða. Við höfum góða sögu að segja og þar liggja mikil tækifæri.

*Hvað felst í starfsemi Félags kvenna í sjávarútvegi?*

Félagið var stofnað fyrir fimm árum með það í huga að auka tenginguna og samstarf kvenna. Markmið félagsins er að efla konur í sjávarútvegi og gera þær sýnilegri innan jafnt sem utan greinarinnar. Við heimsækjum fyrirtæki tengd sjávarútvegi bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni til að kynna okkur mismunandi starfsemi og fræðast um nýjungar í greininni. Einnig höldum við aðra viðburði til að kynna okkur málefni, ræða um stöðuna og efla okkar tengslanet.

### Allir eiga undir sjávarútvegi

*Hvaða áskorunum standa konur í sjávarútvegi frammi fyrir?*

Sjávarútvegur hefur lengi verið á forræði karla og þótt konum hafi verið að fjölga síðustu ár þá hefur sú þróun ekki verið jafn hröð og við hefðum viljað sjá. Áskorun okkar liggur í því að sýna fram á að við eigum jafn mikið erindi í greininni, gera okkur sýnilegri og taka fullan þátt í umræðu um sjávarútvegsmál hvar sem þau ber á góma. Ég er viss um að með fleiri konum getur áherslan og umræðan um sjávarútveg breyst. Við nálgumst umræðuna oft með öðrum hætti og þurfum að gæta okkur á að fjarlægast ekki almenning, það eiga allir mikið undir sjávarútveginum okkar og það er mikilvægt að við sýnum fram á það með skýrum og einföldum hætti.



# Skotsilfur

## Nýtt hlutverk



Umbrotatímar eru fram undan í Seðlabankanum því stefnt er að sameiningu við FME. Ekki þarf að velkjast í vafa um að sameining ríkisstofnana sem telja sig vera máttarstólpa í samfélaginu, verður krefjandi. Af því leiðir að ráða þarf vanan stjórnanda sem seðlabankastjóra í stað **Más Guðmundssonar** en ekki endilega færasta greinandann. Fremur mun reyna á mannlega hæfileika en reiknikúnstir í starfinu. Nýtt skipurit gerir raunar ráð fyrir því enda munu þrír varabankastjórar heyra beint undir hann. Bráðlega mun koma í ljós hvort hæfisnefndin taki mið af nýjum verkefnum seðlabankastjóra.

## Kári Steinn til 66°Norður



**Kári Steinn Karlsson**, sem hefur undanfarin tvö ár stýrt fjármálum hugbúnaðarfyrirtækisins OZ, hefur fært sig um set og tekið við stöðu fjármálastjóra 66°Norður, eins elsta framleiðslufyrirtækis landsins. Kári Steinn, sem er einna þekktastur fyrir afrek sín í götuhlaupum, mun þannig vinna náið með Helga Rúnari Óskarssyni forstjóra að frekari uppbyggingu félagsins á erlendum mörkuðum en eins og kunnugt er lagði bandarískur fjárfestingarsjóður félaginu nýlega til 3,2 milljarða króna í nýtt hlutafé og tryggði sér þannig tæplega helmingshlut í því.

## Kíkirinn fyrir blinda augað



Það stoðar lítið að sveifla 200 dollurum í eyðimörk ef ekkert er til sölu. Þannig má lýsa húsnæðismarkaðnum fyrir tekjulága. Það er verið að byggja fyrir þá sem meira hafa á milli handanna og tekjulágir sitja eftir með sárt ennið. Stjórnvöld brugðu á það ráð að styðja við bakið á tekjulágum við húsnæðiskaup en vandinn er að það vantar húsnæði. Af fimm þúsund íbúðum á höfuðborgarsvæðinu eru eitt þúsund í 101 Reykjavík. „Hvaða íbúðir á fólk að kaupa fyrir alla þessa styrki?“ spurði **Sigurður Hannesson**, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Svarið við þeirri spurningu veit enginn.

# Glaðir fjármálaráðherrar á vorfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins



Olaf Scholz, fjármálaráðherra Þýskalands, Magdalena Andersson, fjármálaráðherra Svíþjóðar, og Bill Morneau, fjármálaráðherra Kanada, sjást hér taka „sjálfu“ á vorfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans sem haldinn var í Washington-borg um liðna helgi. Forsvarsmenn stofnananna vöruðu á fundinum við aukinni verndarstefnu í alþjóðaviðskiptum og sögðu heimshagkerfinu standa ógn af tollastríðum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Virk samkeppni er kjaramál



**Valur Þráinsson**
aðalhagfræðingur Samkeppniseftirlitsins

Á liðnum vikum og mánuðum hefur umræðan á Íslandi að töluverðu leyti snúið að því hversu mikið svigrúm sé til launahækkana. Samtök atvinnulífsins og nokkur stéttarfélög, m.a. VR og Efling, hafa komist að samkomulagi sem kveður m.a. á um 17 þúsund króna hækkun á kauptaxta og föstum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu frá og með 1. apríl sl. Markmið verkalýðsfélaga er m.a. að efla og styðja hag sinna félagsmanna með því að semja um kaup og kjör. Í tengslum við kjarasamningana hefur hins vegar minna verið fjallað um það hvernig virk samkeppni getur bætt hag launafólks.

Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands má ætla að einstæðir foreldrar hafi verið með að meðaltali 581 þúsund krónur í heildarlaun í desember 2018. Hækkun launa um 17 þúsund krónur á mánuði ætti því að skila einstaklingum í þessum hópi tæplega 10 þúsund króna aukningu ráðstöfunartekna. Í sama mánuði námu mánaðarleg útgjöld einstæðra foreldra til matar og drykkjar að meðaltali um 56 þúsund krónum, eða um 14% af ráðstöfunartekjum. Af því má ráða að verðlag á mat og drykkjarvöru hafi umtalsverð áhrif á hag launafólks og að hversu miklu leyti umsamdar launahækkanir skili sér í veski þess.

**Stuðlar að auknum kaupmætti**

Þekkt er að virk samkeppni stuðlar að lægra verði, betri gæðum auk meira vöruúrvals og nýsköpunar á mörkuðum. Samkeppnishindranir hafa þveröfug áhrif og skaða þar með neytendur. Fræðimenn og samkeppnisyfirvöld víða um heim, auk ýmissa alþjóðastofnana, hafa rannsakað ítarlega áhrif samkeppnishindrana, meðal annars áhrif samráðs og samkeppnishamlandi regluverks á verðlag.

Rannsókn sem unnin var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins árið 2009, og byggði á samantekt rannsókna á áhrifum verðsamráðs, leiddi meðal annars í ljós að verðhækkanir vegna samráðs voru á bilinu 10-40% í 7 af hverjum 10 tilvikum og námu

> **Verðhækkanir vegna samráðs voru á bilinu 10-40% í 7 af hverjum 10 tilvikum og námu að meðaltali um 20%.**

að meðaltali um 20%. Það að halda mörkuðum opnum fyrir samkeppni getur einnig haft umtalsverð áhrif. Verð á áströlskum fjarskiptamarkaði lækkaði til að mynda um 17-30% á árabilinu 1996 til 2003, á sama tíma og stjórnvöld réðust þar í aðgerðir til þess að auka samkeppni. Hér á landi lækkaði verð á flugi um allt að 50% með aukinni samkeppni frá fyrst Iceland Express og síðar WOW air.

**Samkeppnishindranir og kjarabætur**

Séu skaðleg áhrif samráðs borin saman við þann kjarasamning sem nýlega var undirritaður má sjá að 20% hækkun á matar- og drykkjarútgjöldum einstæðra foreldra myndi leiða til 11 þúsund króna útgjaldaaukningar en eins og fram hefur komið tryggir kjarasamningurinn um 10 þúsund króna hækkun á ráðstöfunartekjum á fyrsta árinu. Með öðrum orðum myndi skaði þessa hóps vera meiri en vænt kaupmáttaraukning vegna nýgerðra kjarasamninga ef ekki væri tryggt að virk samkeppni ríkti í sölu á mat- og drykkjarvörum.

Þessu til viðbótar má ætla að slíkar hækkanir myndu leiða til 2,3% hækkunar á vísitölu neysluverðs. Sú hækkun myndi hafa þær afleiðingar að 25 milljón króna verðtryggt lán hækkaði um 750 þúsund krónur og verðtryggðar skuldir íslenskra heimila hækkuðu um 30 milljarða.

Hér eru mat- og drykkjarvörur einungis nefndar sem dæmi en sambærileg áhrif mætti finna á flestum öðrum mikilvægum mörkuðum.

Ef nýlega umsamdar launahækkanir eiga að skila sér til launafólks er mikilvægt að virk samkeppni ríki á íslenskum neytendamörkuðum. Tjón neytenda vegna samkeppnishindrana getur verið umtalsvert og því þurfa verkalýðshreyfingin, atvinnulífið, stjórnvöld og samtök neytenda að gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja virka samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur og íslenskt atvinnulíf.

# Félag fær hirði

**SKOÐUN**



**Þorsteinn Friðrik Halldórsson**

Það kom flestum fjárfestum á óvart í þarsíðustu viku þegar Icelandair tilkynnti að það hefði náð samkomulagi við bandaríska fjárfestingarsjóðinn PAR Capital Management um kaup sjóðsins á 11,5 prósenta hlut í Icelandair. Segja má að tíðindin hafi ekki hlotið þá athygli sem þau verðskulduðu í flestum fjölmiðlum.

PAR er þekktur fjárfestingarsjóður í fluggeiranum, mikill að umfangi, og beitir sér með virkum hætti þegar taka þarf til í rekstri þeirra félaga sem hann fjárfestir í. Sjóðurinn komst í fréttir vestanhafs vorið 2016, skömmu eftir að hann fjárfesti í bandaríska flugfélaginu United Airlines. Hann gagnrýndi stjórn flugfélagsins harðlega fyrir að valda ekki störfum sínum og náði sínum mönnum inn í stjórnina.

Það er alveg ljóst að PAR Capital verður ekki hlédrægur hluthafi í Icelandair. Fjárfestingin er stórt skref í rétta átt fyrir íslenska flugfélagið sem hefur sárvantað öfluga forystu í eigendahópi sínum. Í þessu samhengi má nefna annað minna skref sem var tekið síðasta haust þegar Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair, fjárfesti í félaginu fyrir 100 milljónir króna. Fjárfesting PAR Capital og hlutabréfakaup Úlfars eru nefnd í sömu málsgrein vegna þess að þau breyta hinu óáþreifanlega hvatakerfi sem býr að baki eignarhaldi og stjórn Icelandair.

Það leikur enginn vafi á því að lífeyrissjóðirnir voru einn af lykilþáttunum í endurreisn hlutabréfamarkaðarins eftir fjármálahrunið en mikil umsvif sjóðanna á markaðinum höfðu þó í för með sér ákveðinn vanda.

Vandinn er sá að stjórnarmenn, sem eiga oft sjaldan hlut í viðkomandi félagi, sitja í umboði lífeyrissjóða, sem hafa engan eiginlegan eiganda, og þurfa helst að hljóta blessun tilnefningarnefndarmanna, sem eru enn síður líklegri til að eiga hlut. Í sumum tilfellum er enginn einstaklingur með neitt að veði í þessari keðju.

„Sýndu mér hvatana og ég skal sýna þér útkomuna,“ var haft eftir bandarískum fjárfesti. Hann hafði rétt fyrir sér. Eflaust eru langflestir í keðjunni að reyna að gera vel en staðreyndin er sú að öruggasta leiðin til að tryggja góða ákvörðunartöku er sjá til þess að þeir sem taka ákvörðunina hafi beina hagsmuni af útkomunni.

Hið óáþreifanlega hvatakerfi á bak við eignarhald og stjórnir fyrirtækja skiptir öllu máli.










# Til leigu

## Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

## Tekjur Jarðborana jukust um 2,8 milljarða

Tekjur Jarðborana jukust um 62 prósent á milli ára og námu 7,2 milljörðum króna árið 2018. Aukninguna má rekja til nýrra verkefna á Nýja-Sjálandi og í Djibútí. Þá má rekja 46 prósent teknanna til Íslands.

Hagnaður fyrirtækisins jókst um 115 milljónir króna á milli ára og var 182 milljónir króna í fyrra. Lagt er til að 100 milljón króna arður verði greiddur. Arðsemi eiginfjár var fimm prósent í fyrra og eiginfjárhlutfallið var 51 prósent.

Stærstu eigendur Jarðborana eru SF III, sjóður á vegum Stefnis sem fjármagnaður er af lífeyrissjóðum og Kaldbaki, með 82 prósenta hlut og Baldvin Þorsteinsson á 8 prósenta hlut. **– hvj**



**Baldvin Þorsteinsson stjórnarmaður hjá Jarðborunum.**

**13.04.2019**

**Við byrjuðum hér með óttalegt skar en nú er þetta öflugur og flottur banki, skráður í eigu fjölda aðila hér innanlands og erlendis.**



Höskuldur H. Ólafsson, fráfarandi bankastjóri Arion banka

## Stjórnarmaðurinn

### Bankakerfi í mótun

**Segja má** að dregið hafi til tíðinda á hlutabréfamarkaði í síðustu viku. Í vikubyrjun bárust fréttir af því að Stoðir og fleiri einkafjárfestar væru komnir með hátt í tíu prósenta hlut í Arion banka. Í vikulokin var svo tilkynnt til Kauphallarinnar að Höskuldur Ólafsson bankastjóri myndi láta af störfum.

**Segja má** að hvort tveggja marki nokkur tímamót. Hluthafahópur Arion er óðum að taka á sig mynd. Tuttugu prósenta hlutur er enn í eigu gamla Kaupþings en að öðru leyti eru erlendir sjóðir og bankar fyrirferðarmiklir. Innreið Stoða og meðreiðarsveina er til marks um að öflugir innlendir fjárfestar hafi trú á bankanum. Kunnugir vita að litlar líkur eru á að Stoðir ætli sér að sitja með hendur í skauti þegar kemur að stefnu og rekstri bankans.

**Hvað brotthvarf** Höskuldar varðar þá eru það sömuleiðis tímamót. Hann hefur leitt bankann í hátt í áratug frá því rétt eftir hrun. Síðan þá hefur auðvitað gengið á ýmsu og mörg mál reynst honum erfið, einkum á síðustu árum. Nægir þar að nefna lánveitingar til United Silicon, WOW air, Primera og fleiri. Hvorki brotthvarfið né tímasetningin kemur því á óvart. Ekki er þó hægt að neita því að Höskuldur skilar af sér ágætu búi. Skráðu félagi í einkaeigu og með sterkan hluthafahóp.

**Síðustu vikur** og misseri hafa einkafjárfestar haslað sér völl í auknum mæli á markaði. Nægir þar að nefna VÍS, Eimskip, Haga og nú síðast Skeljung. Spennandi verður að fylgjast með þessum félögum í framhaldinu og hvort lífeyrissjóðunum er í raun alvara þegar þeir segjast vilja hleypa einkafjárfestum að í auknum mæli. Hin hliðin á þeim peningi er nefnilega sú að í einhverjum tilvikum munu fulltrúar lífeyrissjóðanna þurfa að stíga til hliðar.

**Næstu skref** á bankamarkaði verða sömuleiðis athyglisverð. Landsbankinn og Íslandsbanki eru enn í ríkiseigu, en fjármálaráðherra hefur þó gefið út að því eigi að breyta í tilviki Íslandsbanka. Kvika hefur einnig verið á eftirtektarverðu skriði og notið þess að vera minni og sveigjanlegri en keppinautarnir. Bankakerfi eftirhrunsáranna er í mótun, rétt eins og viðskiptalífið almennt, og síðasta skrefið hefur ekki verið stigið í þeim efnum.


UMHVERFIÐ
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun.
Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar



**JARÐABER**
329 kr.
250g




**ALI GRILL**
KÓTILETTUR
1.399 kr/kg



**BLÁBER**
899 kr.
500g



**HAMBORGARA HRYGGUR**
FRÁ GÆÐAGRÍS MEÐ BEINI
1.299 kr/kg
RUGL VERÐ



**RAUÐ EPLI**
299 kr/kg




**BAYONNE**
GÆÐA GRÍS SKINKA
999 kr/kg







**KELLOGG´S**
STAR WARS & INCREDIBLES
199 kr.
350g




**VOGA ÍDÝFA**
ALLAR TEG
275 kr.
175g




**KIT KAT**
4 Í PAKKA
159 kr.
4x41,5g




**BBQ FLÖGUR**
REMA1000
234 kr.
250g




**POP CORN**
REMA 1000
109 kr.
100g




**REMI & CONDIS**
199 kr.
100g




**QUALITY STREET**
2.259 kr.
2kg






KALLY HEILSUKODDINN
**9.900**

**KALLY HEILSUKODDINN ER BYLTINGARKENND NÁLGUN Í SVEFNLAUSNUM.**
KODDINN ER BÚINN TIL ÚR BÓMULL Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI. HANN TRYGGIR AÐ ÞÚ UPPLIFIR GÓÐAN DJÚPSVEFN OG ÞAÐ ÞARF VARLA AÐ TAKA FRAM HVERSU MIKILVÆGUR HANN ER!

# GRILLIÐ ER KOMIÐ AÐ KVEÐA BURT SNJÓINN

Austin and Barbeque - Gæða grill með fjölda eiginleika

6+1 BRENNARA GASGRILL
**59.999**





4+1 BRENNARA GASGRILL
**45.999**

AUSTIN AND BARBEQUE

3 BRENNARA GASGRILL
**31.999**





FERÐA GASGRILL
**10.999**



SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1
**OPIÐ 10 - 22**



SUPER 1
FAXAFENI 14
**OPIÐ 10 - 22**



SUPER 1
SMIÐJUVEGI 2
**OPIÐ 10 - 22**

HALLVEIGARSTÍG 1 - FAXAFENI 14 - SMIÐJUVEGI 2

MOSFELLSBÆR

## Tillögur að breytingum á deiliskipulagi

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirtaldar tvær tillögur að breytingum á deiliskipulagi:

### Deiliskipulagsáfangi IV – Helgafellsland Mosfellsbæ

Breytingin felur í sér að í stað 113 íbúða á deiliskipulagssvæðinu verði heimilað að byggja fleiri minni og fjölbreyttari íbúðir, samtals 168 íbúðir. Heildar fermetrafjöldi bygginga minnkar úr 21.395 m² í um 19.000 m². Gatnakerfið breytist lítillega.

### Spildur úr landi Hraðastaða - Mosfellsdal

Landspilda með lnr. 193108: Við breytinguna er vegur sem er syðst á landinu felldur úr skipulaginu. Við það stækkar landið í 51.586 m² var áður 49.226 m². Aðkoma að landinu verður frá Helgadalsvegi.

Landsspilda með lnr. 219270: Breytingin felur í sér að landinu er skipt upp í fjórar lóðir, 10.000 m² hver. Heimilt verður að byggja íbúðarhús og bílskúr allt að 350 m², gestahús allt að 150 m² og annað húsnæði allt að 500 m². Aðkoma að lóðunum verður frá Helgadalsvegi inn á nýjan veg syðst í landinu. Nýtingarhlutfall er 0,1.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 17. apríl 2019 til og með 31. maí 2019, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni:

**www.mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar**

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 31. maí 2019.

17. apríl 2019
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

RANGÁRÞING YTRA

# Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum**

***Vesturhlíð, deiliskipulag.***
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 12.4.2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vesturhlíð úr landi Haga við Gíslholtsvatn. Tillagan tekur til áforma að ferðaþjónustu tengdri hestamennsku, reisa á íbúðarhús og skemmu fyrir lögbýli ásamt reiðhöll. Jafnframt er gert ráð fyrir stórum einbýlishúsum í ferðaþjónustu, tjaldsvæði fyrir skipulagða hópa á vegum staðarhaldara ásamt frístundahúsalóðum á 3 stöðum á jörðinni.

***Marteinstunga tankur, deiliskipulag.***
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 12.4.2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir lóð úr landi Marteinstungu. Áformað er að byggja lítið dæluhús, hjá núverandi miðlunartanki hitaveitu til að auka þrýsting á hitaveitukerfi veitunnar. Gert er ráð fyrir að núverandi aðkoma frá Landvegi verði nýtt með fyrirvara vegna aðkomu að vatnstanki og til einkanotkunar landeiganda og falli niður ef og þegar frekari áform um framkvæmdir liggja fyrir.

***Minna-Hof, deiliskipulag.***
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 12.4.2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði úr landi Minna-Hofs, landspildu 1. Deiliskipulagið nær til alls 42 lóða í landi Minna-Hofs. Lóðir fyrir íbúðabyggð eru á bilinu 1,1-3,2 ha, en flestar eru þær um 2,5-3 ha að stærð. Breyting á skilmálum landnotkunar í aðalskipulagi er í lokaferli.

**Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is Frestur til að skila inn athugasemdum er til 29. maí 2019.**

**Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is**

***Haraldur Birgir Haraldsson***
***skipulagsfulltrúi.***




Náðu meiri árangri í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR

hagvangur.is



**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
**WWW.FASTMOS.IS**

**Stórikriki 10 - 270 Mosfellsbær**





Fallegt 225,6 m2 einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum bílskúr. Húsið skiptist forstofu, hjónaherbergi með bað- og fataherbergi, þrjú barnaherbergi, stórt alrými sem skiptist í eldhús og borðstofu, stofu, baðherbergi, gestasnyrtingu og þvottahús. Úr þvottahúsi er innangengt inn í bílskúrinn sem er með geymslulofti og mikilli lofthæð. Tvær hellulagðar verandir og garður í suðurátt. **V. 95,5 m.**

**Einar Páll Kjærnested Löggiltur fasteignasali**



búmenn

**Búseturéttir til sölu**



**Þjóðbraut 1,** Akranesi

Til sölu er búseturéttur að Þjóðbraut 1, Akranesi. Eignin er á þriðju hæð í 8 hæða fjölbýlishúsi og með mikið útsýni. Íbúðin er þriggja herbergja, alls 95.3 fm.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 12.000.000,- og mánaðarlegt búsetugjald er, miðað við 1. apríl s.l. kr. 184.519,-
Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi íbúðar er afborgun skuldabréfs, fasteigna – og holræsagjald, tryggingar, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður.



**Kríuland 10,** Garði

Til sölu er búseturéttur að Kríulandi 10 í Garði. Eignin er parhús, 3ja herbergja ásamt bílskúr. Íbúðin er 89,7 fm að stærð ásamt 30,6 fm bílskúr. Samtals 120,3 fm.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 12.000.000,- og mánaðarlegt búsetugjald, miðað við 1.apríl sl, er kr. 124.341,-
Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi íbúðar er afborgun skuldabréfa (íbúðarlánasjóð), fasteigna- og holræsagjöld, lögboðin bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður og þjónustugjald.



**Hvammsgata 16,** Vogum

Til sölu er búseturéttur í parhúsi að Hvammsgötu 16, Vogum. Íbúðin er tveggja herbergja ásamt garðskála. Íbúðin er 76,8fm að stærð.
Ásett verð búseturéttarins er kr.10,000.000,- og mánaðarlegt búsetugjald er, miðað við 1. apríl s.l. kr. 150.195,-
Innifalið í mánaðarlegur búsetugjaldi íbúðar er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og brunatrygging, fasteigna – og holræsagjöld, viðhaldssjóður og þjónustugjald.



**Réttarheiði 26,** Hveragerði

Til sölu er búseturéttur í parhúsi að Réttarheiði 26, Hveragerði. Íbúðin er 3ja herbergja með sólskála, 90,0 fm að stærð.
Ásett verð búseturéttarins er kr.12.000.000,- og mánaðarlegt búsetugjald er, miðað við 1.apríl sl. kr.163.147,-
Innifalið í mánaðrlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og brunatrygging, viðhaldssjóður, fasteigna- og holræsagjald og þjónustugjald.

**Þeir sem hafa áhuga á að skoða ofanverðar eignir og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552 5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is. Tilboðsfrestur fyrir ofanverðar eignir rennur út miðvikudaginn 30. apríl n.k. kl. 16.00 Tilboðseyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu Búmanna; www.bumenn.is**



Þú finnur draumastarfið á

Job.is

# SKIPULAGSLÝSINGAR

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir tvær skipulagslýsingar vegna deiliskipulagsáætlana, annars vegar fyrir Gálgahraun og Garðahraun neðra og hins vegar fyrir Garðahraun efra, í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1. **Gálgahraun og Garðahraun neðra, friðland og fólkvangur – skipulagslýsing**
   Markmiðið með gerð deiliskipulagsins er að það verði í samræmi við friðlýsingarskilmála sem í gildi eru fyrir svæðið.

2. **Garðahraun efra, fólkvangur – skipulagslýsing**
   Markmiðið með gerð deiliskipulagsins er að það verði í samræmi við friðlýsingarskilmála sem í gildi er fyrir svæðið sem fólkvangur.

Lýsingarnar liggja frammi á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 16. apríl til og með 28. apríl 2019. Einnig eru þær aðgengilegar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn ábendingar.

Skila skal ábendingum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á netfangið **skipulag@gardabaer.is** og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar.

**Frestur til að skila inn ábendingum rennur út sunnudaginn 28. apríl 2019.**

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

byr fasteignasala



Sveinbjörn Halldórsson
Lögg. fasteignasali



Elín Káradóttir
í námi til
Lögg. fasteignasala

Austurmörk 4, Hveragerði • s. 483 5800 • byrfasteign.is • byr@byrfasteign.is

## Sumarbústaður við Minni-Borg





**Byr fasteignasala hefur í einkasölu 40,5fm sumarbústað við Minni-Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Bústaðurinn skiptist í forstofu, stofu, eldhús, svefnherbergi, snyrtingu, svefnloft, kalda geymslu og geymsluskúr
Anddyri með fatahengi og þaðan er gengið inn á snyrtingu.
Frá anddyri er stigi upp á svefnloft. Stofa og eldhús eru í sama rými og útgengt á pall úr stofu. Pallurinn er á þrjá vegu við húsið.
Eitt svefnherbergi er í húsinu og þar er fataskápur.

Í húsinu er kalt rennandi vatn og hitaveita komin í næsta hús. Rafmagn er komið í bústaðinn og er hann kynntur með rafmagnsofnum. Innbú getur fylgt með í kaupunum.

Lóðin er sérstaklega gróðursæl. Mikil og falleg fjallasýn (Hekla, Eyjafallajökull, Hestfjall o.fl.)

Um er að ræða sumarbústað á eignarlandi í um 1,5 km fjarlægð frá Minni-Borg. Friðsælt svæði sem fáir eiga leið um. Stutt í þjónustu s.s. verslun, sund, golf ofl. **Verð kr. 14.700.000,-**

Þú finnur draumastarfið á
Job.is
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

# ÁLALÆKUR

**800 Selfoss** **18, 20, 22 og 28**

Íbúðirnar eru þriggja herbergja og eru frá **78,5** til **81,3 fm.** Fjórar íbúðir eru í hverju húsi og eru allar íbúðir með sérinngangi.

Íbúðir efri hæða eru með 13,7 fm svölum og íbúðir neðri hæða eru með jafn stóran afnotarétt. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með parketi.

Gólfhiti í öllum íbúðum. Fyrstu íbúðir afhendast í maí 2019. Verð frá **33.400.000kr - 33.900.000kr.**



Kristján 696-1122
kristjan@fastlind.is
löggiltur fasteignasali



Stefán 892-9966
stefan@fastlind.is
löggiltur leigumiðlari



**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**



LIND FASTEIGNASALA

# Til sölu

## Einbýlishúsalóðir í Garðabæ



Um er að ræða 15vel staðsettar nýjar einbýlishúsalóðir í Garðabæ (Álftanesi) þar af þrjár sjávarlóðir. Úr landi Sveinskots. Stutt er í leiksskóla, grunnskóla íþróttamiðstöðina og sundlaugina.

Skv. samþykktu deiliskipulagi má byggja einbýli á einni hæð og stærð miðast við nýtingarhlutfall 0,4. af stærð lóðar.

Svæðið er á suð-vestur hluta Álftaness og hallar frá norðri til suðurs að ströndinni.

Hagkvæmar lóðir, dýpi á burðarhæfan jarðveg er talið á bilinu 1-2 metrar.

Gott aðgengi er að svæðinu til athafna.

Garðabær mun ljúka gatnagerð í haust.

Bjarnastaðavör 2A

Litlabæjarvör 17, 18, 19, 20, 21, 22 og 23.

Sveinskotsvör 1,2,3,4,5,6 og 8

Verð frá **kr. 15.750.000,-**









**Allar frekari upplýsingar veita eftirtaldir fasteignasalar :**

MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is

**Þórhallur s : 896-8232**
thorhallur@miklaborg.is

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN

**Ragnar S. 899-5901**
ragnar@gardatorg.is

FASTEIGNASALAN TORG

**Sigurður S: 898-6106**
sigurdur@fstorg.is

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðumúla 27 · Sími: 588 4477 · www.valholl.is

**Heiðar S. 693-3356**
heidar@valholl.is is

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

**Helgi S: 893-2233**
helgi@hraunhamar.is

## Merkisatburðir

**1895** Líknarfélagið Hvítabandið er stofnað í Reykjavík að bandarískri fyrirmynd. Það er rekið sem sjúkrahús við Skólavörðustíg, með aðstöðu til aðgerða. Aðalhvatamaður að stofnun þess er Ólafía Jóhannsdóttir.

**1910** Ungmennasamband Skagafjarðar er stofnað.

**1913** Járnbraut á milli Öskjuhlíðar og Reykjavíkurhafnar er tekin í notkun til grjótflutninga.

**1913** Ölgerðin Egill Skallagrímsson tekur til starfa.

**1939** Þjóðstjórnin, samsteypustjórn Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, undir forsæti Hermanns Jónassonar, tekur við völdum.

**1961** AFRTS Keflavík fær leyfi menntamálaráðherra til að auka útsendingarstyrk sjónvarpsútsendinga stöðvarinnar.

**1970** Appollo 13. lendir heilu og höldnu í Kyrrahafi.

**1975** Rauðu kmerarnir ná höfuðborg Kambódíu, Phnom Penh, á sitt vald.

**1994** Gerðarsafn, listasafn Kópavogs, er opnað.

# Með kósíbuxur á prjónum

**Söngvarinn Pétur Oddbergur Heimisson stendur fyrir prjónakvöldi í Tjarnarbíói 23. apríl sem sérstaklega er ætlað körlum. Hann hvetur sem flesta til að mæta.**

Pétur Heimisson hefur unnið ötullega að því síðustu misseri að efla áhuga karla á handprjóni og hvetja þá til að þora að prjóna víðar en heima hjá sér. Eða eins og hann orðar það sjálfur: „Ég hef leitað leiða til að hvetja karlmenn almennt til að prjóna – og prjóna á almannafæri. Fengið stráka sem kunna ekki að prjóna til að læra það og mæta á prjónakvöld."

Árangurinn er ágætur, að sögn Péturs. „Ég hef verið með prjónakvöld á Kex Hosteli, í hverjum mánuði síðan í janúar, það mættu 50 manns á fyrsta kvöldið, svo hafa verið 30 á hverju kvöldi síðan. Meirihlutinn er konur en þó alltaf sjö til átta karlar. Fyrsta kvöldið mætti strákur sem hafði lært að prjóna í grunnskóla og dustaði rykið af kunnáttunni. Í framhaldinu keypti hann sér band og er að prjóna teppi heima – en heldur líka áfram að mæta á prjónakvöldin. Þangað hafa komið karlar með mikla reynslu, sem prjóna allt upp í 15 peysur á ári. Einn karl mætti á fyrsta kvöldið sem hefur prjónað í fimmtíu ár en aldrei utan heimilisins fyrr en þetta kvöld."

**Mér þykir skemmtilegast að prjóna peysur en sé samt fyrir mér að ég muni gera fleiri buxur því nú er ég búinn að skrifa niður formúluna.**

Nú ætlar Pétur að standa fyrir prjónakvöldi fyrir karlmenn í Tjarnarbíói 23. apríl, þá nýkominn heim frá því að syngja með Bachkór Hollands í Mattheusarpassíunni og taka þátt í söngferðalagi með írska kórnum Anúna. „Það stendur til að gera heimildarmynd um prjónamenningu á Íslandi, með áherslu á karlmenn sem prjónara. Ég verð hluti af þeirri mynd. Mun ferðast með tökufólkinu um landið og heimsækja staði sem tengjast ull og ullarvinnslu. Það verður tekið upp efni á prjónakvöldinu í Tjarnarbíói, þess vegna vil ég hvetja alla karla sem kunna að prjóna til að mæta, bæði byrjendur og lengra komna, svo við getum sýnt umheiminum að prjónaskapur á Íslandi sé ekki bara bundinn við konur, heldur séum við karlarnir virkir líka. Það er svo hvetjandi fyrir karla sem eru kannski feimnir við að prjóna að sjá aðra vera óhrædda við það."

Sjálfur kveðst Pétur hafa iðkað prjónaskap í rúm tíu ár. „Ég var að vinna á Hótel Flatey á Breiðafirði en í pásum var sest niður, oft las einhver upphátt og sumar stelpurnar tóku upp prjóna, þá lærði ég handbrögðin. Svo hef ég haldið áfram af því mér finnst það svo gaman."

Aðallega eru það peysur sem eftir Pétur liggja en nú kveðst hann vera að ljúka við kósíbuxur sem félagi hans hafi pantað hjá honum. Er það ekki mikið verk? „Jú, það er rosa mikið verk, algert vesen, en á sama tíma skemmtilegt. Það eru ekki til margar uppskriftir að buxum en ég notað bara sömu pælingu og á ermum, nema fleiri lykkjur og jók svo út eftir tilfinningunni og mátaði á sjálfan mig. Mér þykir skemmtilegast að prjóna peysur en sé samt fyrir mér að ég muni gera fleiri buxur því nú er ég búinn að skrifa niður formúluna. Aðalvesenið var af því ég gerði mynstur á báðar skálmarnar. Er með svartan aðallit og svo alls konar hvít tákn."

**gun@frettabladid.is**



**Pétur hefur alltaf prjónana með sér og nýtir tímann.** MYND/SEBASTIAN RYBORG STORGAARD

---



Elskulegur eiginmaður minn,

**Gunnar Kristinn Hilmarsson**

ljósmyndari,

lést að morgni þriðjudagsins 16. apríl.
Útför verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ingibjörg H. Hjartardóttir**

---



Elsku hjartans eiginkona mín
og móðir okkar,

**Engilbjört Auðunsdóttir**

lést á hjartagjörgæslu
Sahlgrenska-sjúkrahússins í
Gautaborg fimmtudaginn 11. apríl.
Útför hennar verður auglýst síðar.

**Ólafur Teitur Guðnason**
**Guðni Þór Ólafsson**
**Kári Freyr Ólafsson**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem
auðsýndu okkur samúð og hlýhug
við andlát og útför elskulegrar
eiginkonu minnar, móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Gerðar Guðvarðardóttur Möller**

Brekatúni 2, Akureyri.

Sérstakar þakkir til Heimahlynningar og starfsfólks á
Lyflækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri fyrir hlýja
og góða umönnun.

**Páll Geir Möller**
**Friðný Möller** — **Hákon Jóhannesson**
**Arna Möller** — **Klas Rydenskog**
**Alfreð Möller**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Vera Aðalbjörnsdóttir**

lést 31. mars síðastliðinn á
hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin
hefur farið fram í kyrrþey að ósk hennar.
Aðstandendur þakka starfsfólki Eirhamra í
Mosfellsbæ og Skógarbæjar einstaka umönnun og alúð.

**Ragnheiður Ragnarsdóttir**
**Rósa Ragnarsdóttir** — **Sigurður Valur Sigurðsson**
**Björn Ragnarsson**
**Gunnar Ragnarsson**
**Elísabet Ragnarsdóttir** — **Jóhann Jóhannsson**
**Lilja Ragnarsdóttir** — **Ívar A. Rudolfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Faðir minn, tengdafaðir,
afi og ástvinur okkar,

**Rúrik Kristjánsson**

verslunarmaður,
Gautlandi 11,

lést á öldrunardeild Landspítalans þann
11. apríl. Útför fer fram frá Garðakirkju
miðvikudaginn 24. apríl klukkan 13. Þeim sem vilja
minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Kristján Vilhelm Rúriksson** — **Rosminah Lisbeth Adelina**
**Gabriella Ragnheiður Demak Kristjánsdóttir**
**Rúrik Elnathan Halomoan Kristjánson**
**Þórhanna Guðmundsdóttir**
**Ásdís Herborg Ólafsdóttir** — **Kim Leunbach**
**Jóhann Bessi Ólafsson** — **Aðalheiður Björg Kristinsdóttir**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Örn Egilsson**

fulltrúi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ
laugardaginn 13. apríl. Útför hans fer
fram frá Fella- og Hólakirkju þriðjudaginn
23. apríl klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er
bent á að styrkja Alzheimer-samtökin eða önnur
mannúðarmálefni.

**Lonni J. Egilsson**
**Gunnhildur Elsa Arnardóttir Hansen**
**Egill Örn Arnarson Hansen** — **Anna Silfa Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

GLAMOUR

# Komið í allar helstu verslanir




*Íslenskt tískutímarit*

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 7 |
| Ísafjörður | 3 | 9 |
| Akureyri | 9 | 4 |
| Egilsstaðir | 9 | 8 |
| Kirkjubæjarkl | 8 | 8 |
| Hveravellir | 1 | 7 |

Suðaustan 8-15 í dag og áfram vætusamt S- og V-til, en mun hvassara undir Eyjafjöllum. Bætir í úrkomu SA-til í kvöld, en áfram úrkomulaust að kalla um landið NA-vert. Hiti 7 til 14 stig að deginum, hlýjast fyrir norðan, en heldur svalara á morgun.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9 | 7 |
| Ísafjörður | 4 | 14 |
| Akureyri | 11 | 14 |
| Egilsstaðir | 10 | 12 |
| Kirkjubæjarkl | 8 | 6 |
| Hveravellir | 2 | 16 |

## Föstudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 7 |
| Ísafjörður | 5 | 4 |
| Akureyri | 8 | 2 |
| Egilsstaðir | 9 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 8 | 5 |
| Hveravellir | 5 | 12 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | | | | 9 | | | |
| 9 | 6 | 7 | | | | | | 5 |
| | | 3 | | | 7 | | 2 | |
| | 7 | | | 8 | 2 | 5 | | |
| 1 | | | 4 | | | 7 | | |
| 3 | | 4 | 7 | | | 8 | | |
| | | 1 | | 6 | 3 | 2 | | 7 |
| | | 8 | | 2 | | 4 | 5 | |
| | | | | | | 3 | 9 | 1 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 2 | | 1 | | | 6 | 5 |
| 7 | | 4 | | 5 | | | 1 | |
| | | 6 | 8 | | | | | 2 |
| | | | 9 | 4 | | | | 1 |
| | 6 | | | | 5 | | | 4 |
| | | | | 3 | 8 | | 2 | |
| 8 | | | 3 | | | | 5 | |
| | 2 | | | | 7 | | | |
| | 4 | 9 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | | | 9 | | 8 | |
| | | | 8 | | | 7 | 9 | |
| | | | | | | | | |
| 3 | | 7 | 4 | 9 | | | 1 | |
| | | 2 | | | | | | 9 |
| | | | 3 | | 7 | | | |
| | | 4 | | 6 | 8 | | | |
| | | | 2 | 3 | | 8 | | |
| | 7 | | 9 | | 5 | | | 1 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. nart
5. hrós
6. org
8. líflát
10. átt
11. veiðarfæri
12. brak
13. ríki í arabíu
15. eiturlyf
17. tapa

**LÓÐRÉTT**
1. sígild
2. birta
3. einatt
4. spil
7. skothylki
9. ávöxtur
12. jafnoki
14. borg
16. svell

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. kropp, 5. lof, 6. óp, 8. aftaka, 10. sa, 11. net, 12. marr, 13. íran, 15. kókaín, 17. missa.
**LÓÐRÉTT:** 1. klassík, 2. rofa, 3. oft, 4. póker, 7. patróna, 9. ananas, 12. maki, 14. róm, 16. ís.

## Skák Gunnar Björnsson

Nils Grandelius (2.687) átti leik gegn Abhijeet Gupta (2.602) á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu.

**21...Bd3! 22. Bxd3 Rxg4 23. Hfe1 Dh2+ 24. Kf1 Dh1+ 25. Ke2 Dxg2.** Skákin endaði að lokum með jafntefli eftir mikinn hasar. Átta skákmenn urðu efstir og jafnir á mótinu. Constantin Lupulesco varð efstur þeirra eftir stigaútreikning. Hannes Hlífar Stefánsson varð efstur Íslendinga.
**www.skak.is:** Allt um GAMMA Reykjavíkurskákmótið.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 9 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 5 | 4 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman





HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook


## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Þóra Passauer, Anna Jónsdóttir, Páll Einarsson og Friðrik Vignir Stefánsson flytja Stabat Mater í Seltjarnarneskirkju.

## Hvað? Hvenær? Hvar?
## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

### 17. APRÍL 2019

**Hvað?** Hagnýting erfðabreytinga – erindi
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Edda Olgudóttir heldur erindi sem er liður í dagskrá menningarhúsanna í Kópavogi – Menning á miðvikudögum.

**Hvað?** Stabat Mater eftir Pergolesi
**Hvenær?** 20
**Hvar?** Seltjarnarneskirkja
Í verkinu skiptast á einsöngs- og tvísöngskaflar sem lýsa í tali og tónum, þjáningu Maríu þar sem hún stendur við kross sonar síns og frelsara þar sem hann er píndur til dauða. Flytjendur eru: Anna Jónsdóttir sópran, Þóra Passauer kontraalt, Friðrik Vignir Stefánsson orgelleikari og Páll Einarsson sellóleikari. Miðaverð er 2.500 krónur en 2.000 fyrir námsmenn, eldri borgara og öryrkja og frítt fyrir 12 ára og yngri.

**Hvað?** Frá Berlín á Broadway – Tónlist Kurt Weill
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft Hörpu
Á tónleikunum kemur fram kvintett sellóleikarans Þórdísar Gerðar Jónsdóttur. Auk tónlistar Kurt Weill verða flutt ný lög eftir hana. Með henni leika Haukur Gröndal á klarinett, Ingi Bjarni Skúlason á píanó, Matthías M.D. Hemstock á slagverk og Þorgrímur Jónsson á kontrabassa.


# ÁRSFUNDUR LISTAHÁSKÓLANS 2019

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS BOÐAR TIL ÁRSFUNDAR MIÐVIKUDAGINN 24. APRÍL KL. 15**

Fundurinn verður haldinn í bókasafni skólans, Þverholti 11, 6. hæð.

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn er öllum opinn.
Stjórn Listaháskóla Íslands

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland University of the Arts






GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Everybody Knows (ICE SUB) | 17:30 | Mug // Twarz (ICE SUB) | 20:00 |
| Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) | 18:00 | Girl (ICE SUB) | 22:00 |
| Miszmasz czyli Kogel Mogel 3 (ENG SUB) | 18:00 | Free Solo (ENGLISH - NO SUB) | 22:00 |
| Girl (ENG SUB) | 20:00 | Everybody Knows (ICE SUB) | 22:15 |






Græjaðu ferminguna hjá okkur




Vodafone býður upp á fjölbreytt úrval af snjöllum og fallegum vörum til fermingargjafa.

**Kíktu í næstu verslun eða á vodafone.is**

Verslanir Vodafone eru í Kringlunni, Smáralind, á Suðurlandsbraut 8 og Glerártorgi.

Framtíðin er spennandi.
**Ertu til?**

vodafone
Hluti af sýn

# ALLT FYRIR PÁSKAVEISLUNA Í NÆSTU NETTÓ!

**Hamborgarhryggur**
Kjötsel
BESTA VERÐIÐ
-40%
999 KR/KG
ÁÐUR: 1.665 KR/KG

**Grísabógur**
Hringskorinn
-50%
499 KR/KG
ÁÐUR: 998 KR/KG

**Bayonneskinka úr bóg**
Bautabúrið
-50%
999 KR/KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG

**Heilt nauta rib eye**
-31%
2.594 KR/KG
ÁÐUR: 3.759 KR/KG

**Fullmeyrnað lambalæri**
NÝTT Í NETTÓ!
1.288 KR/KG
ÁÐUR: 1.498 KR/KG

## FRAMANDI KJÖT UM PÁSKANA!

**Kengúrufille**
Ástralía
-30%
3.149 KR/KG
ÁÐUR: 4.499 KR/KG

**Dádýravöðvar**
Nýja Sjáland
-20%
3.198 KR/KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG

**Reyktur og grafinn lax**
1/2 flak
-15%
3.782 KR/KG
ÁÐUR: 4.449 KR/KG

**Reykt fjallableikja**
Beinlaus
-22%
2.962 KR/KG
ÁÐUR: 3.798 KR/KG

**Jarðarber**
250 gr
-50%
249 KR/PK
ÁÐUR: 498 KR/PK

**Jarðarber**
1 kg
-36%
895 KR/PK
ÁÐUR: 1.398 KR/PK

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

## VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

**Tilboðin gilda 17. – 22. apríl**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



-24%

**Kalkúnabringur**
Erlendar
**1.975** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.599 KR/KG

# PÁSKABLAÐ NETTÓ ER KOMIÐ ÚT!

## SKOÐAÐU TILBOÐIN Á NETTO.IS OG GERÐU INNKAUPIN Á NETINU!






-20%

**Humar í skel**
1 kg
**3.198** KR/PK
**ÁÐUR:** 3.998 KR/PK



FRÁBÆRT VERÐ!

**Heill kalkúnn**
**1.198** KR/KG



-20%

**Humar án skeljar**
800 gr
**3.998** KR/PK
**ÁÐUR:** 4.998 KR/PK




-30%

**Kjúklingabringur**
Danpo, 900 gr
**1.189** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.698 KR/PK

# PÁSKAEGG Í MIKLU ÚRVALI!






| Opnunartími um páska | 18. APRÍL SKÍRDAGUR | 19. APRÍL FÖST. LANGI | 21. APRÍL PÁSKADAGUR | 22. APRÍL ANNAR Í PÁSKUM |
|---|---|---|---|---|
| Nettó Borgarnes | 10.00-19.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-18.00 |
| Nettó Búðarkór | 10.00-21.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-21.00 |
| Nettó Egilsstaðir | 10.00-19.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-18.00 |
| Nettó Glerártorgi | 10.00-19.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-18.00 |
| Nettó Grandi | Opið til 24.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | Opnar 10.00 |
| Nettó Grindavík | 10.00-19.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-18.00 |
| Nettó Hafnarfirði | 10.00-21.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-21.00 |
| Nettó Hrísalundi | 10.00-21.00 | 10.00-21.00 | LOKAÐ | 10.00-21.00 |
| Nettó Húsavík | 10.00-19.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-18.00 |
| Nettó Höfn | 10.00-19.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-18.00 |
| Nettó Iðavellir | 10.00-21.00 | 10.00-21.00 | LOKAÐ | 10.00-21.00 |
| Nettó Ísafirði | 10.00-19.00 | 10.00-19.00 | LOKAÐ | 10.00-18.00 |
| Nettó Krossmói | 9.00-20.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-18.00 |
| Nettó Mjódd | Opið til 24.00 | Opnar 24.00 | Opnar 24.00 | Opið 24 klst. |
| Nettó Salavegi | 10.00-21.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-21.00 |
| Nettó Selfossi | 10.00-21.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-21.00 |

# Sinfóníuhljómsveit með bjarta drauma

**Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur stórtónleika í Hofi á Akureyri á skírdag og í Langholtskirkju á föstudaginn langa. Heimsfrægur hljómsveitarstjóri og ungur píanóleikari með genin á réttum stað.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Sinfóníuhljómsveit Norðurlands stendur fyrir tvennum stórtónleikum í páskavikunni þegar tvö af mögnuðustu verkum Mozarts verða flutt í Hofi á Akureyri á skírdag og í Langholtskirkju á föstudaginn langa. Requiem, Sálumessa, eftir Mozart verður í flutningi Garðars Thórs Cortes, Hönnu Dóru Sturludóttur, Ágústs Ólafssonar og Helenu Guðlaugar Bjarnadóttur. Kammerkór Norðurlands og Söngsveitin Fílharmónía mynda 80 manna kór á tónleikunum en hljómsveitarstjórinn er hin finnska Anna-Maria Helsing. Alexander Edelstein verður síðan einleikari í hinum undurfallega píanókonsert nr. 20 í d-moll eftir Mozart.

„Páskatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands hafa gjarnan verið aðaltónleikar hljómsveitarinnar ár hvert í gegnum tíðina, eru gjarnan vel sóttir en núna er uppselt í Hofi. Þá fannst okkur upplagt að fara suður og flytja dagskrána líka þar, eins og við gerðum í fyrra með Matteusarpassíuna og sýna Reykvíkingum hvað við erum að bralla fyrir norðan,“ segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar. „Áheyrendur á Íslandi hafa svo sannarlega kveðið upp sinn dóm um það hvort pláss sé fyrir aðra sinfóníuhljómsveit á Íslandi, en síðustu fimm árin hefur verið fullt hús á nær öllum okkar tónleikum, líka þeim sem við höfum flutt í Reykjavík og Færeyjum, en á Matteusarpassíunni í fyrra var uppselt í Hallgrímskirkju. Áheyrendur segja: Já, það er pláss fyrir aðra sinfóníuhljómsveit á Íslandi og það gera listamennirnir einnig. Síðastliðið vor auglýstum við eftir hljóðfæraleikurum sem vildu koma á samning við okkur. Eitt hundrað manns sóttu um og nú erum við með fimmtíu manna kjarna en í stærri verkefnum eru þrjátíu til viðbótar kallaðir út.“

### Á hátindi ferils síns

Hljómsveitarstjórinn Anna-Maria Helsing er vel þekkt í heimi sígildrar tónlistar. „Það er mjög mikilvægt fyrir hljómsveit eins og okkar að fá reynda stjórnendur sem eru á hátindi ferils síns eins og Anna-Maria er,“ segir Þorvaldur. „Það er líka hluti af stefnu okkar að jafna hlut kvenna í hinum karllæga heimi hljómsveitarstjóra. Hallfríður Ólafsdóttir var stjórnandi hjá okkur fyrir jól og í kjölfarið kemur Anna-Maria. Það er alls ekki sjálfsagt að hún komi til okkar en það vildi þannig til að ég sá hana í búningsherbergi í Hörpu þar sem hún var að æfa sig og spurði hana hvort hún vildi koma til okkar og hún sagði já. Einfalt og gott!“

Einleikarinn í hinum fræga píanókonsert nr. 20 í d-moll eftir Mozart er ungur að árum. „Alexander Edelstein er kominn af magnaðri tónlistarætt. Hann er sonur Kristjáns Edelstein gítarleikara sem býr hér fyrir norðan og er allt í öllu í blúsnum og djassinum og kennir hér á gítar. Genin eru alveg á réttum stað hjá honum og hann valdi ungur að helga sig algjörlega klassískri tónlist og lætur ekkert annað trufla sig. Ungur að árum er hann kominn mjög langt í sínu námi og er núna í Listaháskólanum að undirbúa lokaprófið. Hann fær ekki betri þjálfun fyrir það en að takast á við píanókonsert með alvöru sinfóníuhljómsveit og frábærum stjórnanda. Ég get ekki beðið eftir að heyra afraksturinn.“



Þorvaldur Bjarni er ánægður en hljómsveitin slær í gegn hér heima og erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

> **ÁHEYRENDUR SEGJA: JÁ, ÞAÐ ER PLÁSS FYRIR AÐRA SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT Á ÍSLANDI OG ÞAÐ GERA LISTAMENNIRNIR EINNIG.**

### Í öflugri útrás

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur sannarlega sett sitt mark á tónlistarlífið hér á landi, en hún hefur einnig verið í öflugri útrás því hún hefur leikið inn á fjölda erlendra og innlendra kvikmynda og þátta. Hljómsveitin átti nýlega 25 ára afmæli og hélt af því tilefni hátíðartónleika á Akureyri og af sama tilefni var opnað kvikmyndatónlistarverkefni sem hefur verið í smíðum síðan 2015 að viðstöddum forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, og Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra sem opnaði verkefnið formlega. Verkefnið er kallað SinfoniaNord.

„Þetta hafði samstundis þau áhrif að hljómsveitinni var boðið í eins konar hátíðarkvöldverð þar sem við fengum að kynnast og hitta áhrifafólk í tónlistarbransanum í Los Angeles, sem ákveður hvar svona tónlist er tekin upp í heiminum hverju sinni, þetta var hluti af verkefni á vegum ÚTÓN sem heitir Record in Iceland,“ segir Þorvaldur Bjarni. „Þetta var mikilvægt því við höfum spilað tónlist inn á myndir þaðan og höfðum því töluvert efni til að sýna, nýbúin að opna heimasíðuna sinfonianord.is. Fyrir þá sem sjá heimasíðuna er engu líkara en við værum búin að vera í bransanum í tíu ár.“



Alexander Edelstein valdi ungur að helga sig algjörlega klassískri tónlist.



**Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri.** MYND/TIMO HEIKKALA

### Munur á framlögum

Þorvaldur er óþreytandi við að vekja athygli á tilveru SN og hversu mikill munur er á framlögum ríkisins til menningarstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu og til dæmis markaðssvæðis Menningarfélags Akureyrar. „Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á ekki í samkeppni við Sinfóníuhljómsveit Íslands, enda væri það ekki hægt. Munurinn á framlögum til sveitanna er rúmlega einn og hálfur milljarður. Þessi munur er óeðlilega mikill miðað við markaðssvæði hljómsveitanna. Segja má að á markaðssvæði tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu búi um 250.000 manns á móti um 30.000 manns að baki Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Hofi. Það liggur í augum uppi að þessi munur á framlögum er óeðlilega mikill,“ segir Þorvaldur. Þess vegna telur hann að eðlilegt sé að Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hljóti framlög sem nemi um 10 prósentum af framlögum til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. „Það væri sanngjarnt miðað við svörunina sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands fær á sínu markaðssvæði og þó víða væri leitað. Núna eru framlögin innan við þrjú prósent. Þessu þarf að breyta,“ segir Þorvaldur að lokum.


Cocoa Puffs
Algjört súkkulæði!
General Mills
WHOLE GRAIN AS THE FIRST INGREDIENT
WITH 15 VITAMINS AND MINERALS
ONLY NATURAL FLAVORS
Cocoa Puffs
Cocoa flavoured frosted corn puffs
MADE WITH
REAL COCOA
1 skammtur (30 g) inniheldur
STÆKKAÐ TIL AÐ SÝNA SMÁATRIÐI
TILLAGA AÐ FRAMREIÐSLU
465 g ℮ (16.4 oz)




Við kynnumst listamönnunum Elísabetu Jökulsdóttur, Jóni Ásgeirssyni, Þorleifi Arnarssyni og hinum ítalska Ennio Morricone. Við fræðumst um hugmyndafræði Bauhaus-skólans.

Fjórir tónlistarmenn af erlendum uppruna, sem búa á Íslandi, deila sögu sinni. Við minnumst óveðursins í Djúpinu árið 1968. Og við heyrum sögu íslensks manns sem ólst upp í Þýskalandi nasismans.

Við hlýðum á Pétur og úlfinn, tónleika Schola cantorum á Myrkum músíkdögum og rómaða uppfærslu Íslensku óperunnar á La Traviata.

Við heyrum útvarpsleikverkið SOL og njótum flutnings Metrópólítan-óperunnar á La Clemenza di Tito í beinni útsendingu.

Kynnið ykkur fjölbreytta dagskrá Rásar 1 á RÚV.is

RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### RÚV SJÓNVARP

**08.00** KrakkaRÚV
**08.01** Begga og Fress
**08.13** Rán og Sævar
**08.24** Úmísúmí
**08.47** Hæ Sámur
**08.54** Hrúturinn
**09.01** Alvinn og íkornarnir
**09.12** Djúpið
**09.33** Lóa
**09.46** Ernest og Célestine
**09.59** Minnsti maður í heimi
**10.00** Algjör Sveppi og Gói bjargar málunum
**10.40** Fótboltasnillingar
**11.10** Vigdís - Fífldjarfa framboðið Heimildarmynd um forsetakjör Vigdísar Finnbogadóttur sumarið 1980. Í myndinni eru sýndar svipmyndir frá kosningabaráttunni, kjöri og embættistöku Vigdísar og þetta örlagaríka ár rifjað upp með henni. e.
**12.10** Ítalskar borgarperlur. Undir yfirborðinu s
**13.00** Útsvar 2013-2014 Mosfellsbær - Grindavíkurbær
**14.15** Mósaík 1998-1999
**14.45** Með okkar augum
**15.15** Máttur fegurðarinnar
**15.45** Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988 Skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stiginn dans og sungið. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur af fingrum fram.
**16.45** Eldað með Niklas
**17.15** Skólahreysti
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Nýi skólinn keisarans
**18.17** Sígildar teiknimyndir
**18.24** Dóta læknir
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.00** Skólahreysti Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. e.
**20.30** Maðurinn sem minnkaði vistsporið sitt Heimildarmynd sem leitast við að svara spurningunni um hvernig maður fer að því að lifa í neyslusamfélagi með sjálfbærni í huga. Leikstjóri: Sigurður Eyberg Jóhannesson.
**21.10** Undirföt og unaðsvörur
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Jón Gnarr – Ég var einu sinni nörd Upptaka frá uppistandssýningu Jóns Gnarr í nóvember 2018 í tilefni 20 ára afmælis sýningarinnar Ég var einu sinni nörd.
**23.50** Í takt við tímann
**01.20** Dagskrárlok

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Augusta Masters 2019.
**12.30** Golfing World
**13.20** ANA Inspiration
**15.40** Augusta Masters 2019.
**20.10** Golfing World
**21.00** Augusta Masters 2019.
**23.00** Lotte Championship Bein útsending frá Lotte Championship á LPGA-mótaröðinni.

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.45** The Kids Are Alright
**14.10** Með Loga
**15.10** Matthildur verður til
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Life in Pieces
**20.10** Survivor
**21.00** New Amsterdam
**21.50** Station 19
**22.35** Taken
**23.20** The Tonight Show
**00.05** The Late Late Show
**00.50** NCIS
**01.35** NCIS. New Orleans
**02.20** Die Another Day

### RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Tónlist frá A til Ö
**15.00** Fréttir
**15.03** Samtalum réttindi barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp Krakka RÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju
**20.35** Mannlegi þátturinn
**21.30** Kvöldsagan. Plágan
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Passíusálmar
**22.15** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

### STÖÐ 2 BÍÓ

**10.05** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**11.35** My Old Lady
**13.25** Diary of a Wimpy Kid. The Long Haul
**15.00** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**16.35** My Old Lady
**18.25** Diary of a Wimpy Kid. The Long Haul
**20.00** Harry Potter and the Prisoner of Azkaban
**22.25** Hacksaw Ridge
**00.45** The Dark Knight Rises
**03.30** Harry Potter and the Prisoner of Azkaban

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Friends
**07.50** Gilmore Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Newsroom
**10.30** Baby Daddy
**10.50** Bomban
**11.40** Enlightened
**12.10** Jamie's 15 Minute Meals
**12.35** Nágrannar
**13.00** Masterchef USA
**13.40** Margra barna mæður
**14.05** Allir geta dansað
**15.50** World of Dance
**16.30** Kevin Can Wait
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Mom
**19.50** Jamie's Quick and Easy Food
**20.20** Heimsókn
**20.45** Grey's Anatomy
**21.30** Veep
**22.00** Arrested Developement
**22.25** Lovleg
**22.45** You're the Worst
**23.10** NCIS
**23.55** Whiskey Cavalier
**00.40** The Blacklist
**01.25** Manifest
**02.10** Magnum P.I
**02.55** Manifest
**05.10** Fearless

### STÖÐ 3

**19.10** Last Man On Earth
**19.35** The Simpsons
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Two and a Half Men
**21.15** Gotham
**22.45** Steypustöðin
**23.15** Krypton
**00.00** The Mindy Project
**00.25** Supergirl
**01.10** Arrow
**01.55** Last Man On Earth
**02.20** The Simpsons
**02.45** Tónlist

### STÖÐ 2 SPORT

**08.00** Leeds - Sheffield Wednesday
**09.40** Þór Þorl. - KR. Leikur 4
**11.20** Valencia - Levante
**13.00** Leganes - Real Madrid
**14.40** Juventus - Ajax
**16.20** Barcelona - Manchester United
**18.00** Meistaradeildarmörkin
**18.30** Meistaradeildin - upphitun
**18.50** Porto - Liverpool Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**21.00** Meistaradeildarmörkin
**21.30** Dominos deild kvenna
**23.10** UFC Now

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.55** Leicester - Newcastle
**09.35** Southampton - Wolves
**11.15** Burnley - Cardiff
**12.55** Brighton - Bournemouth
**14.35** Tottenham - Huddersfield
**16.15** Premier League Review
**17.10** Brighton - Cardiff
**18.50** Manchester City - Tottenham Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**21.00** Liverpool - Chelsea
**22.40** ÍR - Stjarnan. Leikur 4

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



Herra Hlekkur
FRÁ LAIKA SEM FÆRÐU OKKUR KUBO
TÝNDUR HLEKKUR
KOMIN Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
BORGAR BÍÓ

EITT LÍF – NJÓTUM ÞESS




SERTA OPERA HEILSURÚM

ÓTRÚLEGT VERÐ




Aukahlutur á mynd: gafl

SERTA OPERA dýna með COMFORT botni og fótum

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | PÁSKATILBOÐ |
|---|---|---|
| 160 X 200 | 174.960 KR. | 131.220 KR. |

- Sjö laga heilsu- og hægindalag. Laserskorið Conforma Foam tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og axlasvæði.
- Steyptar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði sem andar vel.
- Vandað fimmsvæða skipt pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.

OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

LOKAÐ Á SKÍRDAG, FÖSTUDAGINN LANGA, PÁSKADAG OG 2. Í PÁSKUM.
OPIÐ LAUGARDAGINN 20. APRÍL KL. 11⁰⁰–16⁰⁰

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK



HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook








**Íslandsmeistari barþjóna er þjónn en ekki barþjónn en stóð engu að síður uppi sem sigurvegari og fékk að bregða brandi sem mun bera nafn hans eftir að hann var sleginn til riddara á sunnudaginn.** MYND/ÓMAR VILHELMSSON

# Kakósírópið er kjarni meistarakokteilsins

Þjónaneminn **Patrekur Ísak** varð á sunnudaginn Íslandsmeistari barþjóna þegar hann tefldi fram kokteil sem hann kallar Omnom de la Vie þar sem áfengið hverfist um heimatilbúið kakósíróp.

Patrekur Ísak er að læra til þjóns og hefur starfað sem slíkur í tvö og hálft ár. Meistarinn hans og vinnuveitandi á Nauthóli hvatti hann til þess að keppa á Íslandsmeistaramóti barþjóna, hvar hann stóð uppi sem sigurvegari á sunnudaginn, þótt hann líti ekki á sig sem barþjón.

„Ég er í sjálfu sér ekki barþjónn og er í rauninni bara áhugamaður,“ segir Patrekur í samtali við Fréttablaðið. „Ég hef keppt tvisvar. Einu sinni í þemakeppni og nú um Íslandsmeistaratitilinn.

Á Íslandsmeistaramótinu er keppt eftir alþjóðlegum stöðlum og dómararnir eru venjulega hoknir af reynslu, fyrrverandi Íslandsmeistarar og jafnvel Evrópu- eða heimsmeistarar þannig að taugar keppenda eru oftast þandar þegar þeir þurfa að blanda fimm drykki á sjö mínútum á meðan þeir úttala sig um drykkina og aðferðafræðina.

## Missti kúlið

„Á úrslitakvöldinu sitja dómararnir fyrir framan þig og þú þarft að lýsa ferlinu og geta sagt söguna að baki drykknum og hvernig þú blandar hann þannig að þú ert bara með hálfgert leikatriði,“ segir Patrekur sem var verðlaunaður fyrir fagleg vinnubrögð þótt hann viðurkenni að stressið hafi verið mikið.

„Ég vil meina að ég hafi ekki haldið kúlinu og þetta var mjög stressandi. Þetta er alveg nýtt fyrir mér og ég hef lítið verið í því að fara upp á svið og tala um svona lagað fyrir framan fagfólk sem er búið að vera í þessum bransa heillengi. Maður er mjög hræddur við að segja kannski eitthvað sem er kolvitlaust og fara með staðreyndavillur en í sjálfu sér gekk þetta held ég bara ágætlega,“ segir Íslandsmeistarinn sem venju samkvæmt mun keppa fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramóti barþjóna í Kaupmannahöfn í september.



**Sigurvegarinn þeytir í Omnom lífsins þar sem kjarninn er heimalagað síróp, sannkallað leynivopn.** MYND/ÓMAR VILHELMSSON

## Bannað að sulla

Á móti sem þessu er ekki nóg að hrista fram besta drykkinn. Handtökin verða að vera fumlaus og þannig er til dæmis horft til þess hvort keppendur missi klaka eða sulli umfram á sjússamælinum.

Allt gekk þetta þó upp hjá Patreki sem sigraði með eftirréttadrykk sem hann kallar Omnom de la Vie, eða Omnom lífsins, með vísan til kakóbauna frá samnefndum súkkulaðiframleiðanda – leynivopnsins sem gerði gæfumuninn að sögn meistarans.

„Helminginn af uppskriftinni sæki ég í klassískan kokteil sem ég er búinn að vera að læra og vinna með í skólanum vegna sveinsprófsins í vor. Hugmyndavinnuna og tilraunir í kringum þetta hef ég svo unnið með samstarfsfólki mínu.“

Kjarninn í drykknum er heimatilbúið kakósíróp sem Patrekur segir að sé í raun hryggjarstykkið í drykknum. „Ég fékk baunir frá Omnom og bjó til sírópið sem gersamlega gerir drykkinn og ég byggi hann í raun í kringum sírópið.“

Saman við heimagert sírópið, í hárréttum hlutföllum vitaskuld, blandaði Patrekur síðan Cointreaulíkjör, sjö ára gömlu Havana Clubrommi, lime og rjóma.

## Riddarar barborðsins

Hefð er fyrir því að Íslandsmeistari barþjóna sé sleginn til riddara með forláta sverði sem nafn hans er síðan grafið í innan um nöfn fyrri sigurvegara. En hvað ætlar Íslandsmeistarinn að gera við sverðið? Mæta með það í vinnuna á Nauthóli?

„Sverðið er því miður ekki lengur farandgripur þannig að ég get ekki tekið það með mér heim og sett það upp á hillu. Nafninu mínu verður bara smellt á sverðið sem fer svo aftur upp í Menntaskólann í Kópavogi þar sem matreiðslu- og framreiðsluskólinn er,“ segir Patrekur sem stefnir ótrauður á titilvörn að ári þótt hann sé ekki barþjónn í eiginlegum skilningi. „Ég held að maður verði að gera það.“

**toti@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*



bauhaus.is
BAUHAUS®
Páskagleði
Opnunartími um páskana:
Skírdagur .......................... 10-18
Föstudagurinn langi ...... Lokað
Laugardagur 20. apríl .... 10-18
Páskadagur ...................... Lokað
Annar í páskum .............. 10-18
Hefur þú séð nýja páskablaðið okkar?
20%
afsláttur af öllum grillum og fylgihlutum frá Broil King
m.v. almennt verð
Broil King
Great Barbecues Every Time
Páskagleðin heldur áfram í BAUHAUS!
Tilboðin gilda frá föstudegi 12.apríl til og með mánudeginum 22.apríl 2019.
Nilfisk
20%
afsláttur af háþrýstidælum frá Nilfisk
m.v. almennt verð
Komdu með fjölskylduna í BAUHAUS! Páskaeggjaleit laugardaginn 20. apríl.
30%
afsláttur af öllum flísum
m.v. almennt verð
20%
afsláttur af rafmagnsgarðverkfærum frá
RYOBI BOSCH makita
m.v. almennt verð
MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!
OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18
BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jónu Hrannar Bolladóttur




## Falleg saga

Í marsmánuði fórum við sjálfboðaliðar í verkefninu Örninn upp í Vatnaskóg með ungmenni sem misst hafa náinn ástvin. Viku áður höfðum við skrifað forseta Íslands og beðið hann að ávarpa hópinn í upphafi ferðar og hann svarað á þá leið að hann yrði á ferðinni á föstudagskvöldinu og myndi renna við í Skóginum. Þetta kvöld var aftakaveður en það breytti ekki því að á tilsettum tíma lagði forsetabíllinn fyrir utan Gamla skála og út úr hríðarbylnum kom herra Guðni Th. Jóhannesson í opinbera heimsókn. Hann tjáði unga fólkinu að hann hefði hvorki látið veður né nokkuð annað stöðva sig í því að hitta þau þetta kvöld.

Það var ógleymanleg stund við arineld þegar forsetinn ræddi við ungmennin. Tár féllu en hjörtun fylltust kjarki og von. Þegar forsetinn gekk út til að halda heim hafði ég dregið orð úr Biblíuöskju og við sendum hann út með hlýjar kveðjur og veganesti úr Markúsarguðspjalli sem hljóðaði svona: Jesús sagði: „Ef þú getur! Sá getur allt sem trúir.“ Tveimur vikum síðar stóð ég með fermingarhóp við kirkjudyr og var að fara yfir ritningarorðin sem þau höfðu valið sér til að flytja við fermingarathöfnina. Í hópnum var bróðursonur forsetans, Dagur Orri, og þegar ég innti hann eftir sínu versi þá horfði hann beint í augun á mér og mælti: Jesús sagði: „Ef þú getur! Sá getur allt sem trúir.“

Við myndatöku í lok athafnar sagði ég kirkjugestum af þessari skemmtilegu tilviljun með ritningarorðin þeirra frænda. Kom þá í ljós að eldri bróðir fermingardrengsins, JóiPé sem var við athöfnina, hafði einmitt valið þetta sama ritningarvers fimm árum áður, en sá yngri verið allsendis óvitandi um það. Sumt í lífinu er of fallegt til að deila því ekki.








